

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1998

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- ☒ Coloured covers / Couverture de couleur
- ☐ Covers damaged / Couverture endommagée
- ☐ Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée
- ☐ Cover title missing / Le titre de couverture manque
- ☐ Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- ☒ Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- ☒ Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur
- ☐ Bound with other material / Relié avec d'autres documents
- ☐ Only edition available / Seule édition disponible
- ☐ Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.
- ☐ Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- ☒ Additional comments / Commentaires supplémentaires: **Text in Icelandic.**

L'institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- ☐ Coloured pages / Pages de couleur
- ☐ Pages damaged / Pages endommagées
- ☐ Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées
- ☒ Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou piquées
- ☐ Pages detached / Pages détachées
- ☒ Showthrough / Transparence
- ☐ Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression
- ☐ Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire
- ☒ Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible.
- ☐ Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposant ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir la meilleure image possible.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x		14x		18x		22x		26x		30x	
					✓						
	12x		16x		20x		24x		28x		32x

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:

University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol $\rightarrow$ (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:

1	2	3
---	---	---

1	2
4	5

anks

L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

y

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

ed

s-



te

d

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.


Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole $\rightarrow$ signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrant la méthode.




MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART


(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)




APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax









POBSKABITUR.

NÖKKUR
LJÓÐMÆLI

EFTIR
ÞORSKABÍT



GEFÍN ÚT AF
BORGFIRÐINGAFÉLAGINU Í WINNIPEG
1914



POBSKABETUR.

NOKKUR
LJÓÐMÆLI

EFTIR
ÞORSKABÍT



GEFIN ÚT AF
BORGFIRDINGAFÉLAGINU Í WINNIPEG
1914

Reykjavík — Prentsm. Gutenberg — 1914

Hinu ljóðelska íslenska alþýðufólki

eru ljóð þessi virðingarfyllt tileinkuð

af

höfundinum,

sem er alþýðumaður.

Til lesarans.

*Minn lesari góður! Lægðu dóma harða,
þó listaverk er sjá'r á þessum blöðum.
Ei vænta má, á veðurnæmum stöðum
að vaxi jurtir sólskins blómagarða.*

*Þau eru' ei þrjúddur andans vermíbeður
með ilmsæt blóm og fagurvöxnum gróðri,
en að eins lyngló yzt á beru rjóðri,
sem úrsvall strýkur límaus norðauveður.*

Island.

Fjalldrottning, heill sé þér há!
Ættskyldu bundin þér böndum,
börn þín af fjarlægum ströndum
enn þá í anda þig sjá.

Norður við Dumbsheima dyr,
þar sem að sækjast um sigur
sólás og frostnornin digur,
enn ertu fögur sem fyr.

Sett varst' á stuðlabergs stól,
hreinleg í hrímkuflí gráum,
hýrleg í regnfeldi bláum,
dýrleg á daggeislakjól.

Húmskygt við heiðblámans tjald
lindar úr ljósvírum þöndum,
lagðir af meistara höndum,
skreyta þinn fannhvita fald.

Pitt heiðloft er heilnæmislyf;
en ef það ofþyngjast tekur,
andbárur litgandi vekur
himinsins blævængjabíf.

Ísjötna harðneskjuhót
sefast, þá svlpinn plnn lita.
Sæguð með brlmlokka hvíta
krjúpandi kyssir plnn lót.

Pln tegurð er frumllstaverk.
Skógur þó skýli' elgi tagur,
skínandi miðnætur dagur
vefur þér sólroðinn serk.

Örnefnin einkenna þig.
Firðirnir, hálsarnir, hliðar,
heiðarnar, elturnar stríðar,
hvað hefir sögn tyrir sig.

Margt er þér hollvætta hjá:
Álfar í fjöllum og fellum,
framsýnu tröllin í hellum,
disir við dalvötnin blá.

Bergrisar hjarta með heitt,
búnir í blámóðuserki,
bera þitt eldlega merki,
blikandi bláorum skreytt.

Sögudis s'nni þér fróð
burtliðna biómatið þína.
Bragi með gullhörpu sína
syngur þér sólkomuljóð.

Skaut þitt er friðsælt og fritt.
Börnum þín ástfólgin ertu;
óblið á stundum þó sértu,
brosið þitt bætir það hlýtt.

Langt ertu lífsglaumi frá;
 en ef að gista þig gestir,
 gleðinnar ávextir drestir
 hornir á borð eru þá.

Ásthlý sem unnusta snót,
 heimkomnum langar um leiðir,
 ljúflega faðminn þú breiðir
 flugmóðum farfugli' á mót.

Okkur — vor ást er ei blind —
 lauguð í ljósgeisla straumi
 löngum í minninga draumi
 birtist þín móðurleg mynd.

Lífsins þá dagurinn dvin
 og heiminn í hinsta sinn kveður,
 hugur vor ljóshraða meður
 svifa mun síðast til þín.

Kallast því ei getum á,
 vestrænan biðjum vér blæinn
 bera þér kveðju' yfir sæinn
 ástmögum fjarlægum frá.

Minni Íslands.

Að minnast þín, Ísland, er arfskylda barnanna þinna,
og ekkert er ljúfara' en hugsa til ættstöðva sinna.
Vér góðri með samvísku getum elskemtífund haldið,
ef greiðum el elskuðu fósturunni þjóðernisgjaldið.

Vort ástkæra landið, sem ljósmóðir okkar ert flestra,
þó langt séum frá þér og búum í fjarlægð hér vestra,
vér munum þig enn þá, og aldrei vér munum þér
gleyma,
því eðlis- og lífstaug vor rólgróin hjá þér er heima.

Og hvert sem vér förum og hvar sem vér erum á
jörðu
og hvað sem að mætir oss lífsins í straumunum
hörðu,
vér elskum þá staði, hvar áttum vér helgasta dóminn,
vort æskunnar sakleysi' og vonanna sólfögru blómin.

Vér sendum þér hugskeyti hraðfleyg í ljósálfa-
myndum,
sem herskarar eldlegir birtist í ylpýðum vindum,
er svlfi, þá frosttárur silfruðum himininn grætur,
til sofandi þjóðar í húmskugga miðsvetrarnætur.

Sem draumboðar ljúfir þeir drúpi að hvers ein-
staklings beði
og dreifi' inn í sál hverja framtíðarvonum og gleði,

með leiftrandi hugsjóna lífsafl til þjóðræktarstarfa
og logandi þrá til að vinna þér eitthvað til þarfa.

Með hressandi stormgusti hreinsi þeir andloft þitt
spilta,
sem hlaðið er ódaun frá stjórnmálarembingnum
trylta,
og sópi burt óeirðar-illviðris rykinu þetta,
svo átti sig fólkíð að lokum og sjái það rétta.

El gætum vér undrakraft geflð þeim óskboðum
vorum,
vér glöð snerum öllum til hags þinna barnanna
sporum.
En veikur er máttur, þó viljinn og hugur sé góður,
og vonin sé einhver sá tryggasti viðlagasjóður.

Sá falinna lífskrafta frjóandi, geislar sem krýna,
hann faðmi þig að sér sem riddarinn unnustu sína,
og geri hvern harðbala grænan, og melana slétta
með grasinu klæði, þar blómin og rósirnar spretta.

Og fenjum og óræktarflóum og söndunum breyti
í frjósama kornakra, sáðgarða og aldinareiti,
og hliðarnar fálklæddu tegri með skógmöttli grænum,
en fegurstu skjóllundi reisi hjá sérhverjum bænum.

Og hugvitsins starfsverur, hagar í listbrögðum sínum,
þér heim færi aflið úr strengjum og fossunum þínum.
Þó ljái þeir þjóðinni ljósið og hitann og máttinn,
þeir leggja eigi niður sinn titrandi hljóðfærasláttinn.

En ljóðanna, sagnanna, söngsins og listanna dlsir
 í sálunum kveiki þann eðlunn, sem bezt frá sér lýsir.
 Þær svifi' yfir byggð, eins og svanir með vordaga-
 kliðinn,
 og syngi' inn í þjóðina traustið og vonina' og friðinn.

Hin síðasta óskin og æðsta vor bænin er þessi:
 að alvaldur himnanna lífskraft og ávöxt þinn blessi,
 að fólkinu lærist hið fyrsta þeim sannleik að trúu:
 Hvar friður og manndómur ríkir, þar sælt er að búa.

Íslands minni.

Þangað leitar enn vor óður
 okkar vagga' er stöð.
 Sinnar gömlu' og næddu móður
 minnst börnin góð.
 Snæland! þínir arfar erum.
 Áttarmerkin sjást.
 Til þín ínt í brjósti berum
 barnarækt og ást.

Marga nótt, þá svefninn sigur
 seint á þreytta brá,
 hugur vor í taðm þinn flýgur
 fegin vængjum á.
 Engin fjarlægð, er vér skiljum,
 andans lamar þrótt;
 ekkert haf svo æst er byljum,
 að hann fái' ei sótt.

Mörg hér skemtilmótin standa;
 maður fagnar vin.
 Þegar hófið þarf að vanda,
 þú ert sjálfboðin.
 Það eru' engin látalæti;
 leiðum við þig flest
 inn í hjartans æðsta sæti
 eins og heiðursgest.

Skift við höfum hér um stakka
 — hærri' er Vinlands sól —
 mest við eigum þó að þakka
 þér, vort fyrsta skjól.
 Oss á brjóstum barst og fæddir
 börn þá vorum smá,
 og um siði feðra fræddir
 frelsistímum á.

Mörg vér eigum enn í minni
 andans gull, sem þú
 hafðir geymt frá gullöld þinni,
 gull eru' okkar nú.
 Þú oss birtir sögu sanna,
 sól þá al' var krýnt.
 Eins um myrkrin miðaldanna
 merkin gættu sýnt.

Hvað þá leiðstu', oss leyndist ekki
 — lemstrin voru glögg —
 klerka ránsvald, kaupmanns hlekki,
 konungs vandarhögg,
 ísalög, sem hrannir hlóðu,
 hungursneyð og sótt,

eldaregn og eiturmóðu,
 óskuhriðar nótt.

Þetta alt og fleira' og fleira
 langinn hug vorn tók;
 alt af fundum meira og meira
 merkt í lífs þíns bók.
 Geðshræringar gagnstæðlegar
 gripinn andinn fann.
 Hló víð okkar hugur, þegar
 hreystin sigur vann.

Kættumst, þá úr kvi af skjöldum
 kappinn gat sér lyft;
 reiddumst, þegar þræis af völdum
 þú varst rétti svift;
 grættumst, þegar börn þín bana
 biðu' á sultartíð;
 hétumst, þegar hundar Dana
 hýddu frjálsan lýð.

Þrátt tyr' alla reynslu sama,
 reiðinorn sem bjó,
 alt af hélztu svipnum sama,
 sigur lífs þar hló.
 Aldrei flett þig segurðinni
 fékk því ls og bál.
 Enn má lesa' á landsbók þinni
 lífsins rósamál.

Enn þá dökk og sól þér saur,
 sumarkyrtilinn.
 Enn þá keðjur kristalsstrauma
 kvika um barminn þinn.

Enn þá vængjaenglar spóku
 ástarlögln rótt
 syngja milll svefns og vöku
 sólsklinsbjarta nótt.

Enn í plnum djúpu dölum
 dunar hamragll.
 Heyrist enn frá Huldar sölum
 hjartnæmt glgjuspl.
 Enn þá slær á brúnehauga
 bláma himintjalds.
 Enn þá norðurljósln lauga
 llm plns mjallaralds.

Þú átt enn þá ljós, sem lýsir
 liðnum öldum frá.
 Hugsjónanna helgu dlsir
 hjá þér völdum ná.
 Þú átt enn þá lærdómsllsta,
 ljóða' og sögu krans.
 Værlr farsæl, fenglr mista
 friðlun innanlands.

Vinir, sem hér saman erum,
 sæmum Ísafirón.
 Eðli þess og ættmót berum,
 eins í reynd og sjón.
 Reynum alt þess góða geyma,
 gjöf sem móður frá,
 hlynna' að því, en hinu gleyma,
 heill er skyggir á.

Ávált skal vor skylda' og æra,
 skráð á hug og sál.

eiga og virða arfinn kæra:
 islénkt tungumál.
 Sannleiksvaldið hundra heima,
 haltu' um sjóð þann vörð.
 Láttu' oss aldrei — aldrei gleyma
 okkar móðurjörð.

Minni Borgarfjarðar.

Inngangserindi.

I.

Þá knýtt er félagsbræðra band
 og boðs til liði fylkt,
 að minnast á sitt móðurland
 er manni ljóft og skylt.
 Og þá er einhver ásttaug hreyfð,
 er umsýsl hversdags fól;
 því þar er okkar ættarleifð
 og æskudrauma ból.

Úr munardjúpi mörg þá ris
 upp mynd, sem þar var geymd,
 og barnsgleðinnar broshýr dis
 þá birtist, löngu gleymd.
 En við þá innsjón öndin fer
 á útreið, ferðalétt,
 því flestir eflaust eiga sér
 þar einhvern kæran blett.

II.

Girt með friðum fjallakrans,
 frægsta bygðin móðurlands,
 Borgarfjarðar hérað hlýtt,
 heillaríkt og fegurð skrítt,
 birtist mætt sem mynd í kvöld,
 minninganna greipt á spjöld,
 ársæld klætt með alt sitt skraut,
 öllum sem þess hlúði skaut.

Horfum á þess helgibrag
 himinmildan sumardag.
 Hvað það brosir blítt og sætt,
 blámóðunnar guðvel klætt.
 Enginn betri blikmynd sá,
 betur liti skiftast á.
 Vatnið silfrað, landið lágt
 litað grænt, en fjallið blátt.

Breiðar sveitir sænum næst,
 sjást til hliðar fjöllin glæst.
 Nes og firðir falla þýtt
 faðmlög í og kyssast blítt.
 Sker og hólma, beggja börn,
 báran laugar framtaksgjörn.
 Fuglar svifa' og synda kring,
 saddir unaðstillfinning.

Ekki siður svipljúfar
 sýnast efri bygðirnar.
 Þar má lita fell og fjöll,
 fjóva dæli, sléttan völl,
 stararengi, straumpung iljót,
 stöðuvötn við hliðar fót,

hverri, laugar, hraun og gjár,
hella, fossa, gljúfur, ár,

Skörð og tinda, skriðugil,
skarpar eggjar, klettapil,
nípur, dranga, nátttröll stök,
náttúrunnar Grettistök,
dísatorg og tivastól,
tröllakirkjur, gýgjaból,
afdalsvætta óðul hrein,
álfaborgir, dvergastein.

Efst við heiðan himininn
herðabreiði jökullinn
gnæfir hátt með höfuð fritt,
hárið grátt og skeggið sitt;
hjálminn bratta breðastáls
ber sem hatt, en sér um háls
hélugráan knýtir klút
klakabláum rembihnút.

Héraðsbygðar hjartastað
hugarsjónin færist að,
hvar í fjalla frjórri sveit
fornhelgastan eigum reit.
Par í hlöðnum próarbaug
þjóðarfræg er Snorralaug.
Þökkum öll, að erum kunn
ættarlands vors Mímisbrunn.

Pegar dauða lífið laut,
landið alt í blóði flaut,
æðra hugmark enginn sá
en að myrða, 'brenna' og flá,

fötum troðna fræði' og list
 frekjan lét í dreyra þyrst,
 þá var hér að spekin spök
 spann í sagnir goðarök.

Meðan hilmis ræktu ráð
 ragmenskan og grimdin smáð,
 meðan hölnorn reitti reið
 rætur undan frelsismeið.
 meðan Íslands auðnusól,
 um er gekk við konungsstól,
 sat hér Snorri, samdi' og reit;
 sagnmál erlætt fegra leit.

Ljósið það, sem hjartan baug
 breiddi kringum Snorralaus,
 lýsti' upp sveitir lands og strönd,
 lýsti um gjörvöll Norðurlönd,
 lýði' í gegnum lífskjör dimm
 lýsti meira' en aldir fimm,
 lýsti bezt, er list fékk völd,
 lýsir enn oss hér í kvöld.

Fornu stöðvar fræðimanns,
 frægsta bygðin móðurlands,
 — þar sem listin proska fær,
 þjóðarorðstírs blómið grær, —
 vertu æ af alvaldsnáð
 andagift og blessun stráð
 efsta þínum fjallstind frá
 fram að yztu skagatá.

Minni Vesturhelms.

Vor nýi heimur! Heill sé þér!
 í hóp nú fjöldinn segi.
 Þín minnast skylt oss öllum er
 á okkar heiðursdegi.
 Þú ríkur ert, en risnugjarn,
 um rúm ei synjar neinum;
 þann vefur að þér eins og barn,
 sem örlög fæddu' á steinum.

Pitt gengur boð um grund og sæ:
 Hver gestur ferðalúinn,
 þér hús mitt stendur opið æ,
 þó ei sért fagurbúinn,
 og hvernig sem pitt hljómar mál,
 kom heill til bygða minna.
 Hver starffús hönd og hugfleyg sál
 hér hefir nóg að vinna.

Þinn viðhaldsforði virðist jafn
 í vötnum og á landi.
 Pitt náttúrunnar nægtasafn
 er næstum óprjótandi.
 Ef fengju grætt hvern blett og bætt
 þín börn, og þrek ei spörðu,
 þú gætir fælt að fullu og klætt
 hvern fátækling á jörðu.

Og hér er margan mann að sjá,
 er merki þessa sýnir,
 sem eigin stofni stendur á
 og styrk sem megir þínir.

Við armóð barist hafði hann
 á heima-Berurjóðri,
 og loks hjá þér sitt lánið fann,
 það lá í þínum gróðri.

Þin mold er frjósöm, full af auð,
 þá fræið ris úr dái,
 svo manna' og dýra daglegt brauð
 sem drjúpi' af hverju strái.
 Og þörfín sinnur þúsund ráð
 hjá þér við kröfum sínum.
 En prekleysinginn drekkur dád
 og dug af brjóstum þínum.

Þó okkar fræga fedraláð
 í fersku geymt sje minni,
 ó, Vesturheimur! hver vor dád
 skal helguð framtíð þinni.
 Vér heitum merkið hylla þitt,
 en hinu þó ei gleyma.
 Hér ást og skylda mætast mitt
 á milli tveggja heima.

Í framtíð vér þig vonum sjá
 sem veldi heimsins stærsta,
 og kynslóð þína klædda þá
 í kjark og menning glæsta,
 er hati þann hvern þjóðarlöst,
 sem proska tafði hinna,
 en sé þó sterk og stefnuföst
 sem straumar vatna þinna.

Gimli.

Eina íslenzka borgin í Ameríku.

Gimli var ljósborgin goðanna vorra;
 góðir menn áttu sér heimili þar.
 Lesa má um það í lærdómsbók Snorra;
 lýsir hún vel hvernig háttað þar var.
 Nú er hér önnur upp aflur að rísa,
 enn þó að lágrcist sé, fátæk og smá,
 byggð innan vébanda vatnanna dís
 vínlenzku norðlægu heiðunum á.

Gimli! Þú heitin varst göfgasta nafni,
 gríska þó virðist það kynblöndnum lýð.
 Barn ertu enn þá í borganna safni;
 barnið sér enginn hvað verður með tíð.
 Þú ert sem ungmei í skóganna skjóli
 skirlíf með ársólarroðann á kinn,
 biður þíns hámarks á blíðvonastóli.
 Blátæra vatnið er spegillinn þinn.

Vegur og heill sé þér, ásborgin unga!
 Íslenzka sýnirðu þjóðkennið fjáls.
 Heims hjá þér frægasta töluð er tunga,
 tunga sem móðir er spekingamáls.
 Fornhelgir andar frá aldanna djúpi
 umhverfis svifi þig fullir af von,
 aldrei að fæðist þér heiptar í hjúpi
 Höður 'inn blindi eða Laufeyjar son.

Gimli! Eg árna þér frægðar og frama,
 framtíðargengis í sérhverri grein.
 Verði þitt íslenzka einkennið sama,

eldfjalladrottningar minningin hrein.
 Komdu þér vel samt við dollaradrottning.
 Drottning sú vís er að liðsinna þér.
 Sintu' hennar boðum og sýndu' henni lotning,
 en sviktu' ekki hina, sem goðborin er.

Uppsprettulindir af lifandi fræðum,
 ljúfar og hressandi, finnist þér hjá.
 Andlegur svalblær frá islenzkum hæðum,
 óræktar-mollukyrð dreifl þér frá.
 Vertu sem Ápenuborg þinna barna,
 bókmenta gróðrarstöð vaxandi lýð.
 Liðinna sagnalda listanna stjarna
 ljómi þér yfir á komandi tíð.

Alt eins í framþróun verklegri vertu!
 Verzlun og iðnaður blómgist þér hjá.
 Atorku-mannvinum alskipuð sértu,
 ágirndar-smásálum bægðu þér frá.
 Aldregi skerði þinn framleiðslufordann
 fjárglæframerðir og kúgunartröð.
 Hafskipaferðir þá heljast að norðan
 hafnarborg verðirðu' og flutningastöð.

Vélajór þeytist um vatnið fram léttur,
 virlausum skeytum er slöngvar til lands.
 Í aldingarð breytist hver óræktarblettur
 með ilmjurtareitum og blómskúfakrans.
 Faðmi þig sveitir með velyrktum völlum.
 Vitið sér beiti þér framfara til.
 Mannshöndin skreyti þig háreistum höllum.
 Hlímíninn veiti þér gróður og yl.

Visur um Ísland.

Fjallkonan, ástkæra eyja,
allir sem dást að og segja:
Varla mun fljótgert að finna
fallegra land meðal hinna.

Hvar sem um foldina fedra
farið er hærra' eða neðra,
snarbratt sést skrudpil, með skjöldun,
skarað af náttúruvöldun.

Landsfegurð, bláloftið blíða
blandast með samræmið þýða.
Andinn í andköfun teigar
andlegar sælunnar veigar.

Þó er alt segurst, sem friðum
frjóvgast í dölunum blíðum,
glóandi í gljádaggarúða,
gróandans hátíðaskríða.

Hlægjandi disirnar dala
drægju þig til þeirra sala,
sæirðu af bláfjallabrunum
bæi með hágrænum túnum,

Friðleitu blómanna bólin,
blíðleg'a er vermir þau sólin,
viðilaut, hvaníminn og hólinn.
hlíðanna laðandi skjólin,

Nið'r undan skútum og skörðum
skriður með lyngvöxnum hörðum,
liða sig urðunum undir
iðandi lækina' um grundir.

Reyrgresið angandi' á öllum
eyrum og móum og völlum,
gelrum og leitum og lautum,
leirum og veitunum blautum,

Pingsetu krummanna' i klettum,
kringlóttar víðar úr fljettum
dyngjur á hangandi hörgum
hingað og þangað í björgum.

Nóg er sem ómar í eyra.
Ó, hvað er dýrðlegt að heyra
lóunnar raunbliða róminn,
rómildan svananna hljóminn,

Fjallsmalann hóandi' i hliðum,
— hallar þá deginum bliðum —
kallandi gegna með glettum
gjallandi bergmál i klettum —

Stynjandi hamrabergs hliðin,
hrynjandi fallstrauma niðinn,
drynjandi djúpristar skriður,
dynjandi svipvinda hviður.

Þá er og útsýnið indælt,
álíka töfrandi myndsælt.
Þérir minn hugurinn heima
hásumars fegurð að dreyma.

Nær þó mig blindi með blómum
 hærinn, og falsmyndum tómum,
 fær mig ei fljótt til að gleyma
 fjarlæggu dýrdinni heima,

Þalnum með hliðunum háu,
 hjalandi lækjunum smáu,
 inalandi söguinu' í sænunni,
 svalandi árdegisblænum,

Sitrandi liðandi lindum,
 litfögrum hliðanna rindum,
 glitrandi tignháum tindum,
 titrandi hillingsmyndum.

Ramur þó óeirðarandi
 ama þér, föstra, nú blandi,
 framtíðin hjúpi þig hlýjum
 hamingju sólroða nýjum.

Heimferð.

Þú vorsins blær um vanga mína þýtur
 á vegi sínum langt í norðurgeim,
 í munarsælli minning hugur litur
 til móðurjarðar fögru byggða heim,
 seni fjörgjafans nú fagna geislum hlýju
 og faðmunn breiða móti sumri nýju.

Hann sér í fjarska fold í norðursænum,
sem segurð meiri ber en önnur lönd,
með ósum, fjörðum, eyjum fugurgrienum.
með ótal nes og klettum girta strönd,
með eld og hraun og ís og hamrasall,
með elfur, fossa, heiðar, vötn og dall.

Já, svoddan segurð selðir lúlnn anda
til sín með kráfi, er ekkert stenzt á mót.
Hann fer af stað, en þeytli vængi þanda
sú þrá, sem á í hverju brjósti rót,
og sem að víst er sama eðlisgjöfin
og sú er fuglum visar leið um höfn.

Ó kæra fjall með fösturstöðvum mínum,
eg flý til þín með gleðivotan hvarin
og hvíli mig á hliðabrjóstum þínum,
sem hugpekt barn við sinnar móðurbarm.
Hve ljúft og rótt hjá lækjartærum straumi
að lietta um nótt í sumarvökudrauml.

Þar hjartans eintal glapið ekkert getur,
ei glaumur heims né vitfirrlinga sköll.
Og dýrra hvergi drauma nýtur betur.
Svo dularblíð er lífsins hreyfing öll,
sem huldar verur hverju sé í blómi
að hjala' um ást í friðarmildum rómi.

Svo létt og hreint er loftið þeirra sala,
sem lífsins gyðjan byggir tignarhá,
þá blómailmi blandast fjalladala,
er bezta lyf, sem gjörvöll jörðin á.
Með hjartans þrá og þökk og lotning teigar
minn þyrstur andi slíkar dýrðarveigar.

Hve sælt er þar í sætan höfða' að falla
 og svefns í örmum hvíla litla stund,
 svo aftur þegar árdagslúðrar gjúla,
 þá upp að vakna' af draumaríkum blund
 við hlýjan blæ og hægán niðinn fassa,
 við hinu bros og morgunroðans kossa.

Þú söguland, með sögn af hverjum bletti,
 til sannra lista verld hefir skapt.
 Þó flrt þú verðir freisis erfðarétti,
 þín segurð hefir nógan viðhaldskrapt.
 Því rausn er stór í ríki náttúrunnar;
 með rínum verða' ei tæmdir lífsins brunnar.

Eg kveð þig aftur, grundin feðra góða,
 en geymi þína hjartakæru mynd.
 Eg bið: Þín framtíð særi líf og gróða,
 og frelsissólin gylli hvern þinn tind.
 Í dölum þínum djúpan 'róðveg flanni
 hver dáð, sem hæfir tignarsegurð þína.

Vorkoma.

Heil og sæl, velkomin vertu
 nú vordisin kæra
 okkar til heilköldu heima
 og hrimþöktu bygða.
 Loftstrauma bifreið þín brunar
 um bláheiðar vegi.
 Þagnandi dásama dróttir
 þinn drottningarbúning.

Skikkjan úr gagnsæjum guðvef
með glóandi rósum.

Kyrtillinn yztur er ofinn
úr ársólar gulli.

Djásnið á höfðinu dýra
af demöntum glitrar.

Ber þó af öllum þeim blóma
þinn brosmildi svipur.

Svelt þú til samfylgdar hefir:
Úr sóistöðva geimi

hlývindar sendir að sunnan,
að sópa burt ryki.

Regnskýja þeytisþjöld þrungin,
að þvo út og lauga.

Gjörvalt svo ljósgeislar ljúflr
með líkmundum þerra.

Vorkvöld.

Af lotning og unun mín lund verður gljúp
á ljómandi heiðskiru kveldi.

Þá fallast í innileg faðmalög djúp
í friðarins hátignar veldi

þau vornæturdísir í dimmiblúum hjúp
og dagur í gullroðnum feidi.

Vormorgun.

Vors er næturdýrðin dvínar,
dagurinn þá af austurhæðum
inn á sjónarsviðið víða
svífur í björtum tignarklæðum.

Hans ei dvelur disin hlýja
dýrðleg tendra ljósafærin.
Geislafléttur gyltra skýja
greiðir mildur sunnanblærinn.

Yfir breiðist árdagsnióða,
eins og rósablæjur punnar.
Máluð eru grænum gróða
gólf í söllum náttúrunnar.

Nú má fagra hringing heyra.
Hún er vorsins gleðikliður.
Saman blandast blítt í eyra
hjarkapýtur, vatnaniður.

Fegnir sumars frelsisgjöldum
fuglar ser í hópa raða,
liða hátt á loftsins öldum,
létta vængi' í geislum baða,

Hefja söngva hjartagladdir;
heyrast sem frá einum munni
unaðsblíðar englaraddir
ofan úr bláu hvelsingunni.

Lýðir næsta litt sér hesta
 Leggja hlust að fagurð þinni.
 Ó, þú glæsta' og gífugasta
 guðspjónusta' í veðrinni.

Vor.

Loksins vetrar veðrahjúpi
 varpar fold, er lengi svaf,
 vökt úr kaldra drauma dái
 dagsins móður kossi n af.
 Sæl og blessuð, sumar gyðja!
 Sólgull þér á barmi skin.
 Komin ertu að verma' og vökva
 vísi lífs, er biður þín.

Sannvelkomin ertu öllum,
 ungum jafnt sem gömlum lýð;
 orlofsgjafir því að þínar
 þekkjum öll frá bernskutið.
 Fagnar alt, sem vetling veldur,
 vor er þig að garði ber.
 Börnin út á hlaðið hlaupa
 Himinglöd á móti þér.

Kom með unads-auðlegð þína,
 ástarbroð og ljóssins völd,
 langa daga, mæra morgna,
 mildar nætur, fögur kvöld,
 gróðrardögg og blæinn bliða,
 blómaskrúð og fuglaklið,

skógarilm og vaggið væra,
vængjablak og straumanið.

Kom og breið um bygðir manna
blessun, hagsæld, von og frið.
Færðu öllum hjálp og hressing,
hjálpur sem að þurfa við,
svöngum fæði, köldum klæði,
krönkum likn og þjáðum fró,
gleði hreldum, græðslu særðum,
grátnum huggun, preyttum ró.

Kom, með sannleiks sólarljóma
ortapöku vanans eyð.
Áttaviltum vesalingum
vísa fram á rétta leið.
Kendu lýð á lífsbók þinni
lesa visdóms þagnarmál.
Geislamagn hins góða' og fagra
glæddu' og vektu' í hverri sál.

Við vorkomu.

Nú blánar loft, og breytist klakamóða
í blæju þunna vorsins daggarúða;
sig klæðir jörð í kristallsperlu-skrúða,
sem kærur ástvin fagni meyján rjóða.

Senn blikar sumarsól á foldarslóðir
og sérhvert blóm í geislamundum lýkur,

af blöðum veikum burtu náttögg strýkur,
sem barns af vöngum tárin ástrik móðir.

Ó, blessað vor, sem breiðir arma þína
svo blítt hvert ár um helming vorrar jarðar
og glæðir líf með geislabrosi hlýju,
hvi getur þú ei vakið sálu mína
og leyst af hjartans lindum fannir harðar,
svo lífni danu blómin mín að nýju?

Kvöld.

Fagurt kveld í friðarveldi sínu
ber af öllu, sem eg sá
sjónarpöllum lífsins frá.

Mauragoðið Mammon voð þá byrgist,
lækkar skvaldur smátt og smátt,
smækkar vald hans máttar bratt.

Ljúfur blærinn bliða hrærir vængi.
Þar af hreyfast grösín gljúp,
gyltum reifuð sólarhjúp.

Blómin öll, sem blika' á völlum grænum,
ettir slögum andvarans
ung og fogur stíga dans.

Ó, hve fagurt er, þá dagsins gyðja
inn á færist værdarveg,
voldug, skær og tignarleg,

Og um leið og liður í heiði niður,
bláan úðabólstra krans,
býr í skruða kvöldroðans.

Samt er hún fegurst, sína þegar greiðir
geislalokka' og sezt á sinn
sængurstokkinn gullroðinn.

Veitir lotning ljóssins drottningunni
lífið, síðan hægt og hljótt
henni býður góða nótt.

Fagran kveldsöng fugla heldur skarinn.
En nær dregur úr þeim hljóð,
undarlegan heyrum óm,

Líkt og eimi eftir af hreimi bliðum,
sem frá tveimum tónbogar
töfraheimum mætist þar.

Húms þá slæðan hauðrið klæðir skugga,
draumahéraðs dyrum frá
dregnar eru lokur þá.

Næturdís, sem nú upp ris, vér sjáum
setjast á sinn öndvegsstól
í dökkbláum silkikjól.

Yfir hana heims er þanið tjaldið
eins og bogahvelving há,
hnappar logagyltir á.

Alt er hljótt, þá einvöld nóttin drottnar;
hennar undir vernd ávalt
verkþreytt blundar lífið alt.

Hefst þá kyrð, sem helga' og virða fáir.
 Hvísla gegnum hennar þögn
 hugarfregnum dularniögn.

Haust.

Nú hallar degi', og húmi senn
 í hug eg dreg.
 Því geng eg út sem aðrir menn,
 þó annan veg.
 Eg áfram held af augum beint
 um auðan stig,
 því það er eitthvað ljúft og leynt,
 sem laðar mig.

Hér er eg laus við allt það hark,
 sem er í borg,
 hvar skefur eyrun skrölt og spark
 og sköll og org.
 Þar hver til annars heyrir vart
 í hlátra glaum.
 Á vegi einum vitrast margt
 í vökudraum.

Nú sé eg lækkar sólin skær
 á sinni braut,
 og feigðarboða fólva slær
 á foldarskraut.
 Nú skógar þýður pytur snýst
 í þrusk og brak,

og stormguðs út með ekka brýzt
hvert andartak.

Svo húmsins skuggi hjúpar alt
í húðfat sitt,
og loftið verður krepjukalt
og kafaldslitt;
en vindastunan missir mátt
æ meir og deyr.
Það að eins heyrir andvarp lágt,
svo ekkert meir.

Hvað boðar þessi breyting snögg?
— Ei brestur svar —
Þú lífs og dauða dagsmörk glögg
sér dregin þar.
Og nú er sumar skraut með skært
að skilja við,
og því er alt svo angurvært
við andlátið.

Það líkast er sem líf sé klætt
í leiðslu hjúp
og þungt að anda þori ei^h hrætt,
svo þögn er djúp,
og alt með lotning hlusti hljótt
á hulin völd,
sem eigi' að heyra öll í nótt
sín örlög töld.

Nú mjakar sér hvert minsta líf
að móðurjörð.
Það veit að þezt þess hún er hlíf
og heldur vörð.

Par verður sætt og verjum klætt
 mót vetrarþjóst,
 sem barnið mætt sig hjúfrar hrætt
 við hennar brjóst.

Hver foldarmaur sig felur nú
 hvar fyrst að bar.
 Hver fluga, sem að bygði bú,
 sig bælir þar.
 Hvert skógdýr flýr í fylgsni sitt
 og flýtir sér.
 Hver skepna', er kvíðinn hefir hitt,
 til húsa fer.

Hvert leikdýr, sem sér hreykti' á hól,
 er hugarbeygt.
 Hvert lírfubarn, sem líf gaf sól,
 nú lík er bleikt.
 Hvert skrautflóðrildi', er flaug um strá,
 er fært úr spjör.
 Hver fiskur, létt sem lék í á,
 nú legst í kór.

Hver jurt er skræld, sem blómskrúð bar,
 svo blíð og hraust.
 Hvert ber, sem fyllt með víni var,
 er vökvalaust.
 Hvert þrumusláttar-slóðum á
 er slokknad ljós.
 Hver dög, sem himni fellur frá,
 er frosin rós.

Hvert vindblítt lækja væðarlag
 nú viðkvæmt þver.

Hvert elfarstrauma strengjaslag
nú stanzað er.

Hver lind er hljóð, sem kvað svo kátt
sitt »korriroa».

Hver foss, sem áður hló svo hátt,
er hás af snjó.

Hver eik með lofthá laufatjöld
er limaber.

Hver fífill grænn með gullinn skjöld
nú genginn er.

Hvert litfritt blóm á lágri stöng
nú legst og deyr.

Hver vængjaengill, sem að söng,
ei syngur meir.

Hver gleðirödd, sem hafði hátt,
er hljóð, á braut.

Hver lúður, sem var peyttur prátt,
nú þagna hlaut.

Hver hlómur burt, sem hylti sátt
og hefti sú.

Hver ómur, sem nam dilla dátt,
er dáinn út.

Og síðast myrkrið sveipar allt
í svartan hjúp,
svo geigvænlegt og grimdarkalt
sem grafardjúp.

En gegnum þessa þöglu kyrð,
sem þenst svo vitt,
er þó sem eitthvað ómi' í firð
svo unaðsblitt.

Það eru vonar vængjasiðg,
 sem vorl spá,
 er blandast sætt við ljúflingslög
 sem leikur þrá,
 sú þrá, sem gegnum grímu kífs
 sér geisla', er skín
 um sérhvert haust, og síðast lífs
 þá sumar dvin.

Haustkvöld.

Hér sit eg um síðdegisstund,
 er sól fer að lækka,
 í skjólrikum skógarins lund,
 þá skuggarnir stækka.
 Þó vonaríkt, vinljúft og þýtt
 sé vordegið friða,
 og hásumar lagurt og fritt,
 sem fjöllitir prýða,
 mér hugkærst af hringmyndum tíða
 er haustkvöldsins dreymandi blíða.

Þó náttúran öld eftir öld
 líkt árstíðum hagi,
 þá finst mér samt kvöldið í kvöld
 í kyrrasta lagi.
 Nú dagsbirtau hnigin er hálf
 að hvarfbaugsins djúpi,
 þar lizt mér sem ljósgyðjan sjált
 af lotningu drupi

og glóhærð i glansandi hjúpi
við guðdómsins fótaskör krjúpi.

Sú gelsladyrð gleðinnar fró
er grátprungnum hvarmi.
Sem ástboð um algeimissjó
fer andblærinn varmi.
Og kynjalit kyrran á skóg
slær kvöldroðans hjarmi.
Hér sælt væri' í sólarlagsró
að sofna frá harmi,
að hvílast und hininsins armi
og hallast að almættis barni.

Svo hljótt er, að heyra má fold
sin höfgalyf blanda
því fræ, sem fóstrar i mold,
i framtíðar anda.
Nú liðinn frá eyranu er
hver einasti kliður;
að alvæðar hljóðleika hér
alt hlustandi styður,
sem dáiinna draumsæli friður
sé dropinn af himninum niður.

En þegar að þögnin er mest,
og pysglaumar deyja,
þá heyrir minn hugurinn bezt,
hvað Huldurnar segja.
Því hlusta ég hugfanginn á
þá heilögu munna;
við gátum, sem geymir vor þrá,
þeir goðasvör kunna,

og tvíraðna spádónna spunna,
frá spekinnar upptökum runna.

Svo þýtt er og mjúklegt það mál,
sem nannar þeir tala,
og blítt eins og barnanna sál,
sem brosandí hjala.
Það er sem með ósærri fylgd
hér alveldið messi;
svo ylrik og andaktar-mild -
er athöfnin þessi,
sem jörðina blængill blessi
með blómtíðar útgöngulessi.

Þó trautt fái túlkað það mál
vor tilfinning allur,
þá lyftir upp lamaðri sál
þess leyndardómskraftur.
Nú heyri eg ástbliðan óni,
— hann orðmála' er vandi —
sem fljúgandi fjallsvanur róni
við flölustreng blandi,
sem hörpunnar hljómdisir andi,
sem hreimar frá ódáinslandi.

Það er sem minn andi sé rétt
þar alsælan drottinnar,
þá titrandi tónbylgjan létt,
á taugunum brotnar.
Mér virðist sem virkileik frá
mín vitund sé skorin
og sveiflandi ómvængjum á
um alheiminn borin,

hvar leika sér ljóshnatta morin
um loftið sem fuglar á vorin.

Þar alt er á eilífri ferð
í umfarar hringum,
og stjarnanna milljóna-mergð
snýst míðsólir kringum.
Það helgasta hulið þó er
fyr' huganum þanda,
svo helni aftur fljúgandi fer
til feigðarhelms stranda.
Því leyft er ei óboðnum anda
í alsýnls fordyrum standa.

Hve látt það og örlítið er,
sem andi vor skilur
af öllum þeim undranna her,
sem ósýnið dylur.
Því líður sem leiðinda-dot,
vor lífstíminn naumi.
Hve sælt væri' að berast á brott
úr blindinga glaumi,
í fræðslunnar fegurðardraumi,
með framhaldsins eilífa straumi.

Eiríksjökull.

Ó, Eiríksjökull, forni sjóli fjalla!
Í frumleiksdýrð þitt höfuðból má sjá,
til vesturs þar sem vötnum fer að halla
og viðsýnast er Snælands heiðum á.

En lítið að eins lægra fótiskör þinni
 sést landi vors dýra segurst blómasveit,
 er brelðist út í allri segurð sinni
 sem opin bók, er flngur drottins reit.

Þá sett með fjöllum sú var byggðin kærð,
 í sættið æðsta fyrst var skipað þér.
 Í hátígn sinni mynd þín brosir mæra
 á móti, þá til austurs lítið er.
 Þar, líkt og veitti lotning herra sínum,
 hlú lægri standa fjöll sem þögul hirð,
 því ínst hjá konungs-urðastóli þínum
 í auðnarveldi rikir heilög kyrd.

Þar örsmá Hvítá létstíga áfram líður,
 svo lygn og hljóð og köld og spegiltær;
 og Strúturinn þar stendur hár og fríður
 í stakki bláum armi þínum nær.
 Um aldir hestir Langi-jökull legið
 í lyngormsmynd við bak þitt, vörður ger;
 þar autt og lágt og breitt og bogadregið
 er bil, sem vist er helgað einum þér.

Þig skreyta' ei blóm né skróði grænna hlíða;
 það skraut sem fölnar, hæfir ekki þér.
 Í sumrarblæ, í hörkum vetrarhríða,
 þinn höfðingssvipur aldrei breytir sér;
 og dagar, vikur, ár og aldir líða,
 og áframhaldið fer sinn vanahring;
 hjá þér, með fanna silfurhárið síða,
 ei sýnist vera nokkur umbreyting.

Þú samt ert fagur sýnum alla vega.
 Þig svifur kringum dularvættaher,

með töframáttar taugum undarlega
sem toga hugann ósjálfrátt að þér.
Og jötunhár með hamrabrjóstið gráa
ert hrikastór, en íturvaxinn þó.
Af enni þínu hvelfða, bjarta, háa,
skin huldra krafta segurð, tign og ró.

Við birtuskifti', er breiðir nóttin frána
sitt bláa tjald sem hvolfþak yfir Frón
og heilög tendrar himinljós og mána,
að horfa á þig er fögur unaðssjón.
Í sveiflum þegar segul-logar titra
og sveiga gullna knýta þitt um hár,
í rökkurdýrð við dimmblátt loftið glitra
með demantslitum frosin himintár.

Þá blikar sóldis björt í ljóma sínum,
hún brosir við þér, fjallajöfur hár,
svo milt þig kyssir margan dag, að þínum
af mjallarvöngum hrynja gleðitár.
Þá tíminn henni leyfir ekki lengur
að leika við þitt héluskeggið sitt,
og hafs að beði' í gyltum náttserk gengur,
á geislafingrum koss þér sendir blitt.

— — —

Hvað gamall ertu? Um það sagnir þegja,
og ekki það í kirkjubókum sést.
Því þú varst til — það þori ég að segja —
mörg þúsund árum fyr en guð skóp prest.
Á einum stað þó aldur þinn er talinn,
í annálsbókar jarðlaganna skrá,
sem undir pykkum urðahjúpi' er falin
og aldrei nokkurt mannlegt auga sá.

Það aldaverksafn verður bágt að kanna,
 ei vorra tíma rannsókn þangað nær.
 Of skammsýn enn er skilningsgáfa manna,
 að skýra megi tröllarúnir þær.
 En fóstri Borgarfjarðar grænu dala,
 úr fornri tíð, sem löngu gleymd er nú,
 á okkar máli' ef mættir við oss tala,
 frá mörgum efnum segja kynnir þú.

Þú hefir bæði heyrt og séð þau undur,
 þá heims í iðrum brutust krampaflog,
 og fóðruð björgum fjöllin sprungu sundur
 sem fúinn kufl, með dauðleg öskursog.
 Þá landið engdist sundur bæði og saman
 og seig og lyftist eins og bólgið haf,
 en blessuð sólin sjálf varð rauð í framan,
 á sortaveggnum braut sinn geislataf.

Sem orskot flygi, fyr en nokkuð varði,
 að festing himins rauðblár logi gaus.
 Af ógn og felmtri stirðnað lifði starði,
 sem stæði drottinn sjálfur ráðalaus.
 Og við þeim feiknum veru hverja hrylti.
 Þá varð af óðaun banvænt andrúmsloft.
 Ei neitt fékk auga greint, en að eins grítti
 í gegn um mistrið inn í vitis hvopt.

En þú varst kyr, og þér ei brá að lita
 á penna jarðar stærsta hrikaleik.
 En vera má, að höfuðlin þitt hvíta
 þó hafi saurgast lítt af ösku' og reyk;
 en ekki minsta skaða hlaut þinn skjöldur,
 er skóg og engi logaregnið sveið.

Þá fót pinn snertu eldhafs tryltar öldur,
þær afl sitt mistu' og beygðu fljótt af leið.

Þú sást hið fyrsta fley, er bar að landi
á firði þeim, er héraðsnafnið ber,
og gamla Skalla-Grím með eldibrandi
og glóðar mörkum landið helga sér.
Og þú manst eftir Agli Borgfirðingi,
þeim afrekskappa, list er sýndi' og prótt,
sem valin hetja var á sverða þingi,
sem viðkvæmt skáld á sorga langri nótt.

Þú sást hvar Grettir seint á vetrarkveldi,
er svefns ei naut í fylgsnum óbygðar,
við litla birtu', er lagði' af fölum eldi,
sinn lífsins óð á stokk í rúnum skar;
þá oft á milli á eigin kringumstæður
með eirðarleysis þrá hann leit sem tyr
og hljóður starði' á hálfkulnaðar glæður,
en heiptarvofur glottu fram við dyr.

Hvort mundi' ei flestum mönnum, jafnvel öllum,
í moldhrið finnast dauflæg vetrarkvöld,
í dimum kofa fram á eyðitjölum
að fela sig á draugatrúar öld,
og hljóta' ei aðra hlutdeild bygðarmanna,
en hefndir forðast þeirra' og vélaráð,
að heyra' í anda ýlfur rándýranna,
sem eru' að leita hungruð sér að bráð?

Hver getur annars gerla lýst þeim kvölum,
sem gegnum smjúga hug og tilfinning
þess manns, sem einn er inni' í þröngum dölum,
en óláns her og fjendur alt í kring?

Pvi tár veit hverju lífsbók annars leynir.
 Ei lítur neinn, hvað hans und stakki býr.
 Og satt er orðtak: »Sá veit bezt, er reynir«,
 en sú er þekking stundum nokkuð dýr.

Pú sást vort land í svivirðinga flóði
 á söguöld, sem þó er talin merk,
 og laufguð héruð lauguð heitu blóði,
 og leynibrennur, morð og niðingsverk.
 Á þeirri tíð var hetjan Hörður sleginn,
 þá hart sem oftar reyndist frænda klapp.
 Og þú sást Snorra vitra svikinn, veginn
 af valdapyrstum næturglæpa-Hrapp.

Þá fór að lækka frægðarsólin háa,
 og frelsisgyðjan döpur kvaddi lýð,
 en drungaleg sig lagði þokan gráa
 um landið alt, sem spáði neyðartíð,
 og sjálfstæðis þá svartidaudi' að mestu
 í sveitum eyddi fornum hetjabrag,
 er synir landsins sjálfir á sig festu
 það sauðarband, sem heldur enn í dag.

Á hendur þegar harðstjórunum gengu,
 þá hnekt var rétti dóms og lagamáls;
 þá konungsböðlum frelsi' og verjur fengu,
 þeir fjötur þræla lögðu sér um háls,
 sem undirlægjur, volaðar og veikar,
 í viðjum þoldu slög og eignarán.
 Þá urðu þínar björtu kinnar bleikar
 af blygðun yfir fósturjarðar smán.

Ó! löng var þessi þrautanóttin kalda,
 og þungt inargt andvarp leið frá kvaldri þjóð,

sem áa sinna glópsku varð að gjalda.
 Þau grátleg forlög tærðu merg og blóð.
 En nú er breytt. Það bjarmar upp af degi,
 og blikar vonar morgunstjarnan skær.
 Eg gullið ský við yzta sjónhring eyri.
 Þar er á heinileið frelsisgyðjan kær.

Þú fósttran góða, faga þína sali;
 snú faðmi gróðurs móti heilladis.
 Sú læðumóða', er lá um þína dali,
 nú lyflist óðum; sólin bráðum ris.
 Þá gömul yngjast astur þjóðin tekur,
 sjá! alt í kring er fjör og lífsins gnótt.
 Sá frelsis kyngikraftur aleinn vekur
 hjá kynskiftingum áýjan manndómsprótt.

Min ættarfoldin, fegurst allra landa,
 með fjöllin glæst og dalaskautið trítt!
 Nú mér er sem eg sjái þig í anda,
 er sjálfráð börn þín helja merki nýtt,
 og manndáð þeirra' úr gömlum flækjum greiðir,
 og göfgin forna' á veldisstólinn sezt;
 þá brosir móðir milt, og faðminn breiðir
 á móti þeim, sem henni reyndust bezt.

Vor eyjan fræga! Alt sem bezt má gagna
 þér auðnist meðan nokkurt hjarta slær.
 Eg ársól pinnar endurreisnar fagna,
 því alla daga verður þú mér kær.
 Og mitt í tryltum mannlífs ólgustraumi
 eg minnst þín í ljúfri hjartans prá,
 sem sinnur hvíld í dýrdarsælum draumi,
 er dvel eg fjallabryóstum þínum hjá.

Og þegar mínir lífsins dagar linna,
og lýk eg augum fast í hinna sinn,
eg bið, að heim til heidarlanda þinna
af Huldum fluttur andi verði minn.
Þar sannlega ég sáluhólpinn væri
við svanakvak og lækja væðarhjal,
og svalur fjallablærinn ef mig bæri
á bifreið sinni stundum ofan dal.

Svo framarlega' að líflöð áfram heldur
með líkar þrár og sömu tilfinning,
í ánaud veit eg enginn verður seldur;
hver andi kosið fær sinn dvalarhring.
Þá mun eg ekki verða' í neinum vafa,
að velja bústað, ættjörð mín, hjá þér,
þar hjá mér að eins ef eg tæ að hafa
þá alla, sem að kærstir voru mér.

Halley's halastjarna.

Hver ert þú, hin háraprúða
himingeima ferðadís,
öll sem lauguð ljóssins úða
létt úr uppheims djúpi ris?
Bogadregnum brautum fylgja
boðið var þér sköpun frá.
Logaregnsins bjarmabylgja
brjóstum þinum svellur á.

Hitapenslu-lofts úr líni
— lagður rósum — kyrtill er.

Tómsins heljargap þú gíni,
grandar enginn kuldi þér.
Fögrum búin töfraiyggjum
tiguleg þú brunar hjá,
girt í kring með gullnum skýjum
geislabrimsins löðri frá.

Undarleg að eðli' og hætti,
engum himins verum lík,
hart fram knúð af hulinsmætti,
hamför engin þekkist slík.
Hræða þann að heimsins rökum
hugur varla skilið fær.
Meðan andsog eitt vér tókum,
ertu þúsund mílum nær.

Þú ert gestur sjaldan séður
svífa jarðarslóðum á.
En því meira að þér kveður,
er þú liður garði hjá.
Jarðarbúar eins og endur
á þig stara um gervöll lönd.
Fáraðlingum stuggur stendur
stór af þínum geislavönd.

Hvaðan ertu' úr alheimsgeimi?
Enginn vegabréf þitt sá.
Ertu bara svona' á sveimi
sí og æ, og til og frá?
Nei, þér drottinn sólna setti
sjerstakt verk, er gegna hlaut.
Minstu agnir — hvað þá hnetti —
hann ei skapar tilgangslaust.

Kannske þú sért flutningsfæri
 frumagnanna' að lífsins rót.
 Undrar mig ei, el svo væri,
 að þú sért í ferðunni skjót.
 Peim, sem koma verða víða,
 veitir ei af að hraða sér.
 Ferðalögum hljóta' að hlýða,
 himnabúar eins og vér,

Eitthvað máske ertu' að færa
 oss úr forðabúri geims.
 Er það til að endurnæra
 eyddan lífskraft þessa heims?
 Eða' að ráði reginvalda
 reiðir þú — sem eru' ei kunn —
 ný frumefni nýrra alda.
 nýjan straum frá lífsins brunn?

Sumir meina' að munir vera
 málmkend gufuslæða þunn,
 segulásar sem að bera
 sveiflum í á rúmsins unn,
 orðin til af ógna báli,
 eyddra hnatta brunahring.
 Ekki er hægt í manna máli
 mála svoddan hugsýning.

Nokkrir segja', úr sólargigum
 sértu gaslofts-tegund þynd,
 ljósvakans sem létt á stigum
 liður fram í kynjamynd.
 Aðrir halda röndin rauða
 reiðimerki drottins sé,

sem að boði ból og dauða,
bráðum þetta muni ske.

Nokkrir hyggja enn þá annað
eðli, þig er svona bjó.
Ekkert virðist af því sannað;
allra best eg tryði þó,
engan þú að hala hafir,
húdur að eins líklegt sinn,
glitri sólar geislastafir
gegnum létta hjúpinn þinn,

Og að þú sért agnabreiða,
afar-punn og létt sem fls,
þyngdarófl sem andstæð leiða
eftir lögum hringsælis;
en því valdi ógnarhraði,
að þú líkist til að sjá
hafsins mey í hrænnar baði,
hárið gylt sem dreifist frá.

Hvað sem er um hætti þína,
húmsins ljósa brúður skær,
aðdáun þú örvar mína,
eftir því sem kemur nær.
Furðuleg þó sértu sýnum,
svífaskjót á himingand,
varla mun af vendi þínum
vorum heimi búið grand.

Þú ert að eins eitt smákenda
alvalds furðuverkum af,
sem að taka aldrei enda
eiliðar um reginhaf.

Á því mikla ægidjúpi,
ó, hve fáu sjónin nær.
Skynjan vor er hulin hjúpi,
hann í gegnum séð ei fær.

Alt af jafnt um eilíf dægur
— ættir, maður, geta séð —
stjörnuraðir, sólнасægur
sama krafti hreyfast með.
Hvort mun ei sá undra máttur
aflað þér og hreyfing ljá?
Mun ei líf hvert leynipáttur
lagður almagnsstöðvum frá?

Stálteinn virðist vera þéttur
vorum augum. Hann þó er
agnafjöldi saman settur;
samt ei slitið fáum vér.
Milli hverra minstu einda
meira' er rúm en þeirra stærð,
samloðunar lögmál leynda
lært, en aldrei skilið færð.

Hver einn minni, hærri og stærri,
heinis líkami á rúmsins sjó
í sér felur aðra smærri;
allir saman tengdir þó.
Í oss sjálfum ótal heimar
eru' að baki líkams tjalds;
milli þeirra sífellt sveimar
segulmáttur dularvalds.

Minsta duptkorn heill er heimur
hulinn vorum sjónum þó;

enn þá smærri ara sveimur
innra' er þar, en rúni samt nóg.
Hugann sundlar, greint ei getur
geimsins stærð og vidd og hæð;
en þó skilur ekki betur
ómælandi djúpa smæð.

Þú, sem leitar fjár og frama,
frægðar, lofs og virðingar,
mundu', alt ber að brunni sama,
brögð og völd ei duga þar.
Ögn þinn lægðist ofmetnaður,
ef að bara nættir sjá,
hvað þú, veikur vesæll maður,
verður alheims stórleik hjá.

Min eina.

Þú ert ein mér alt í öllu,
eygló hjá þér sé eg mina.
Alt hið bezta', er andinn þráir,
öðlast ég við nálægð þína.

Þig að sjá er þekkust gleði,
þig að heyra værd í lyndi,
þig að fæðma þráblið sæla,
þig að kyssa líf og yndi.

Svipur þinn er sólarroði,
sælt þitt mál, sem vorsins kliður,
brosið milt sem morgunblærinn,
mjúk þín rödd sem lækjarndur.

Úr sögu.

Nær friðarværan festi' eg blund,
 á draumalandi
 léttur andi
 sér þig blíða' í blómalund,
 þar sem hljóða
 hjartað góða
 linnur enn af ástum skær,
 unnaðsrika hvíld sér lær.

Þitt augað fagra' er lífs míns ljós,
 eins og háu
 úr heiði bláu
 sólin kyssir kalda rós;
 hennar ljóminn
 lifgar blómin.
 Þar sem ást í hjarta hlær,
 heilög vonarjurtin grær.

Kveðja.

Eg man þig vel, þó verðum nú að skilja,
 æ, vina mín.
 A meðan hjartað myndar nokkurn vilja,
 eg minnst þín.

Eg minnst þín, er morgunroðinn stigur
 á mar og grund.
 Eg minnst þín, er sumarfuglinn flýgur
 um fagran lund.

Eg sé þig eins, er ljúft eg lýt að blómi
í leiðslufrið.

Eg heyri þig í hörpu sætum ómi
og hafains nið.

Eg leita þín, er stjarnafjöldinn friður
í fjarlægð skín;

og þegar sól að sævar brjósti liður,
eg sakna þín.

Eg hugsa' um þig, er þrumur drynja tryldar
og þjóta hjá.

Eg man þig glögt, er gróðrarskúrir mildar
í geislum stá.

Eg man þig, vors þú vaknar blærinn sætur
og vaggar rós;

og þá eg dvel í þagnarsælu nætur,
ert þú mitt ljós.

Eg hrópa' á þig, er hljómar dagsins linna
og húma fer;

en fyrst þá byrgist blysið augna minna,
þú birtist mér.

Því minning þinni' ei megnar neitt að granda,
unz mætir hel.

Eg faðma' og kyssi feginn þig í anda.

.E! farðu vel.

Hve tíðin er löng.

Hve tíðin er löng fyr'ir þann sem að þrá'r
sitt þýðasta hjartans yndi.

Hver dagur sem vika, hver vika sem ár

pá verður í einpykku lyndi.
 Því skilnaður ástvína' er ógnandi sár,
 sem andann í helfjötur blíði,
 og hugsunin verður sem hrímflóki stær,
 sem hrekst eins og ský fyrir vindi.

Pá sé ég þig eigi, mín ástvinna kær,
 mér alt flnst í hálfrókkri kallið,
 og kviðandi hjartað af hryllingi slær,
 sem haf það vonirnar grafið;
 en svo þegar aftur eg sé þig mér nær,
 þá svífur burt nóttin í hallið,
 og umhverfis leikur mig árdegisblær,
 og alt er í sólskini vallið.

Eg sakna þin.

Þin sakna' eg, ástmey, enda þótt
 sé ei til neins að klagu.
 Mín hugsan engan hefir þrótt,
 að hreyfa strengi braga;
 því alt er dapurt, dauft og hljótt
 sem dregin ástarsaga,
 og sorta þrungen sérhver nótt,
 en sólarmyrkvi' um daga.

Pá nálægð þin er meinuð mér,
 er minnið ekki heima.
 En þakkarvirði þó samt er
 um þig að mega dreyma;

pá andinn léttur leikur sér
við ljúfa unaðshreima,
og sælt hann vinu sína ber
um svefnsins dýrdargeima.

Sælustundin.

Sá eg einu sinni í leyni
síðla dags, er gekk um skóg,
hryggan svein, er sat á steini
sólarlags í skuggaró.

Sá eg undir eins, að eitthvað
inni bjó, sem nisti þungt.
Verður stundum lífið leitt að
lífa, þó sé frískt og ungt.

Rétt með hálfum rómi' í dvula
— rór eg eirði því og beið —
var við sjálfan sig að tala
— sem eg heyrði' — á þessa leið:

Astarsegulfeikn mig fangað
fékk og lokkað dal í sinn,
en svo þegar eg kem þangað,
ekki nokkurn vin eg finn.

Horfin móðir, borfinn faðir,
horfin systir, bróðir kær;
allir hljóðir unaðsstadir,
æskan mist, og vonin fjær.

Horfin meyjan milda, bjarta,
mig sem hreldan kvaddi hér.
Ó, hve fegið yrði hjarta,
ef í kveld hún birtist mér!

Gætt hef eg lengi hér að henni,
haldið einn um fornan stig,
séð þó engan, er eg kenni,
eða neinn, sem þekkir mig.

Sama dalinn samt eg kenni;
söm er hliðin nú og fyr.
Hér var eg alinn upp með henni;
ó, að tíminn stæði kyr!

Enn þá brekku kenni eg kærar,
kynja-friðsæl lautatjöld,
þar sem gekk hin munarmæra
mér við hlið um sumarkvöld.

Enn þá veikar varir blóma
vermir blessuð sólin hlý.
Enn má leiki himinhljóma
heyra þessum runnum í.

Enn þá titrar fjólan friða,
feimnisglöð, er kyssir blær.
Enn á glitið grænna hliða
geislum röðull kvöldsins slær.

Endi meina alt þó spái,
innra' er vetur samt hjá mér,
fyrst hið eina, er eg þrái,
ekki get eg fundið hér.

Ekkert fæst í öllum heimi,
 ástarnauða' er mýki þraut.
 Er því næst eg æli gleymi
 og í dauðans hverfl skaut.

Nú skal halla höfði' að soldu,
 hvíld svo fái brjóstið þreytt.
 Á gervalli móðurmoldu,
 mína þrá ei sefar neitt.

Ræddi þannig sveinn, og síðan
 sig til hvíldar lagði á jörð
 smárósanna barm við bliðan;
 bjarkir skýlðu' og héldu vörð.

Lífs-óþreyju og hjartans harma
 hvergi vottinn nú eg sá;
 saman dregið sollna hvarma
 svefnsins drottinn hafði þá.

Alt var hljótt, og himins bláa
 hvolfpak fljótt varð roðalitt.
 Dýrðleg nóttin lifið lága
 lagði rótt við brjostið sitt.

Í því sá eg brátt að bera
 hjarta mey, þar hvílir sveinn.
 Með hugþrá hún virtist vera,
 vanginn þveginn tárur hreinn.

Stansar mær, hvar sætt hann sefur
 sæll og ekki veit hvað sker,
 stigur nær, því nauðsyn krefur,
 nú fyrst þekkir hver hann er.

Eins og þegar skin í skyndi
skýjum eygló svifin frá,
innilega ljúft af yndi
ljómaði meýjar svipur þá.

Kraup hún niður, megn sem misti,
mundum strýkur föla kinn,
eins og friðarengill kysti
ástarrika vininn sinn.

Síðan mælir brúður hjarta:
Blund þinn slita nú eg fer.
Ó, hve sæl eg er í hjarta,
aftur líta þig hjá mér!

Oft eg kveið, að vonin væri
veika' í lund að blekkja mig;
en eg beið þér eftir, kæri,
og nú fundið hef eg þig.

Nú hef eg fengið fyrst minn vilja,
fer að morgna á vorri leið;
héðan af engin skal oss skilja
skaparn, þó verði reið.

Vakinn er, þá mætast munnar,
maður værum svefni frá.
En hvað sér hann? Unnstunnar
andlit kæra sínu hjá.

Blíð í ró með brosið létta
brúður nú hjá honum sat;
svo var óvænt atvik þetta,
augum trúað varla gat.

Svona mitt í hörðum harmi
heilög getur sælan birzt.
Höfuð sitt að hvelfdum barmi
hallast lét hann munarþyrst.

Tárasagga lokkum ljósum
ljúft af vini strýkur sprund,
eins og daggarraka' af rósum
röðulskin um morgunstund.

Sveinn og drós svo tímenn teygðu
tal við hljótt — nú kvíði' ei skar —
þar til ljós í austri eygðu,
unaðs nóttin liðin var.

Kystust mætt og milt, við hliðast
morgunskraut og fuglasöng.
Að þeim gætti' eg, sá þau síðast
svífa' á braut um skógargöng.

— — —
Æfi manna yrði fögur,
— og þá væri ei lífið hel —
elskendanna' ef ástarsögur
allar færu svona vel.

Ást í meinum.
Brot úr kvæðaflokki.

I.

Lát velta betur heimsins hjól,
 þú himindrottning, fagra sól!
 Ó, hverfðu bak við húmsins tjöld,
 því hitta vin eg þarf í kvöld.
 En betur hugnast myrkrið mér,
 »í meinum« því vort samband er.

Það hrösun dæmir heimur vor,
 já, hneyksli, glæp og villuspor,
 og ábyrgð slær á afleiðing,
 en orsök réttu fer í kring,
 og kallar synd, í mýkri mynd.
 En má ég spyrja: Hvað er synd?

Er synd að hlúa' að særðri rós?
 Er synd að kveikja' í myrkri ljós?
 Er synd að hressa svekta lund?
 Er synd með byrði að hvíla' um stund?
 Er synd að líta sig í kring?
 Er synd að hafa tilfinning?

Er synd að stefna sól mót beint?
 Er synd að teiga loftið hreint?
 Er synd að lyfta sér úr vök?
 Er synd að æfa vængjatök?
 Er synd að vona? Er synd að þrá?
 Er synd að rísa dauðum frá?

Er synd að kenna sólaryls?
 Er synd að njóta hörpuspils?
 Er synd að dást að sannri mynd?
 Er synd að drekka af tærri lind?
 Er synd að finna sálu frið?
 Er synd að tala guð sinn við?

Er synd að leita samhygðar?
 Er synd að horfa' á stjörnur?
 Er synd að fagna sumartíð?
 Er synd að lesa blómin frið?
 Er synd að játa sannleikann?
 Er synd að elska nokkurn mann?

Ef alt er þetta sök og synd,
 er sálin þrældóms-skuggamynd.
 Þá synd er vist að vera til
 og vita á þessum hlutum skil.
 Og synd hefir drottinn sjálfur drýgt,
 ef syndum alt er lifið vígt.

Þú alheims mikla meginast,
 sem margbreytt reistir lífsins tafl
 og kveiktir litla ljósið mitt,
 eg legg það undir dómsorð þitt,
 hvort andans þrá er æsing blind,
 hvort ástin getur verið synd.

Í beinni sögn þó svarir ei,
 þitt svar í helgri þögn er: Nei!
 Mér leiðbeining skal lynda sú.
 Eg lifi' og dey í þeirri trú,
 hver rödd, er teygir sál að sál,
 að sé þitt eigið tungumál.

Um ást þá tala' eg ekki hér,
 sem öllum dýrum meðfædd er;
 því líkamsnautn er létt og smá
 í líking andans sælu hjá.
 En ástin sönn er ætíð hrein,
 hún augnabliks ei flærð er nein.

Eg aumkva þig, hin auma sál,
 sem ástar ljúft ei skilur mál.
 Þú fer á mis við mesta hnoss,
 sem máttur himins veitir oss.
 Það lífsins orð þér fram hjá fer,
 í frumleik guðs sem helgast er.

Ei deila ber við blindan mann,
 þó blómin fótumtroði hann.
 Og ei við hinn, sem heyra' ei má,
 þó hörpustreng sé leikið á.
 Það hugljós þá ei hrifur neitt,
 sem heyrn og sjónin getur veitt.

Ó, blessuð ást, ó, blíðheims dis,
 sem hurtu hjartans þiðir is,
 þín áhrif eru sæt og sár,
 með sólskinsbros og næturtár,
 alt ljúft og gott oss lifgar hjá,
 sem lifað drottins hjarta frá.

— — —

II.

Nú legg eg á stað til að leita þin, kæri!
 í lundinum þar sem við hittumst fyrri.
 Eg man að þú sagðir, að varlegra væri
 að vera þar ei fyr en dagsbirtan þyrri.

En mér flnst svo hægfara blíðsólin hjarta,
því bráðlátt í ástum er konunnar hjarta.

Eg vil heldur biða þar beygir sem hringur
sig berglindin fríða við skógarins jaðar,
þar vorfuglinn blíðast sitt væðarlag syngur
og vængina' í síðustu kveldgeislum haðar,
þar flðrildin líðandi' í laufskuggum sveima,
en lírfuna' í híðinu tekur að dreyma.

Í kapellu skógar, er kveldblærinn sýalar,
eg kys mér að biða, þar séð ei af neinum,
á andanna máli þar andblærinn hjalar
sitt andrika hljóðskraf í bjarkanna greinum,
sem brosljúfur unnusti, brúðar í eyra
er blíðmælum hvislar, sem enginn má heyra.

Já! Þar er það einmitt sem þér vill nú segja
sin þýðustu leyndarmál hjartað mitt hrifna,
á meðan að nóttin sin tjöld er að teygja,
og tignarleg blysin á festingu lifna,
og eikurnar reifast í rökkursins skikkju,
sem reimar með geislavir sól — hverja lykkju.

Þá nálgastu, vinur, mig vonirnar yngja;
eg veit eigi lengur af hugarkvöl neinni;
mér heyrast þá fuglarnir sætara syngja;
mér sýnist blómanna skrúðinn hreinni,
og hjartari sólin, og bláhiminn fegri,
og brosandí náttúran hátignarlegri,

Þá vafin eg er þínum ástblíða armi
og upp við þitt hraustlega brjóstið mér halla,
af unaði hjarta mitt bifast í barmi,

og blíðlegur ylstraumur fer um mig alla.
 Þá eygi' eg fyrst veginn til alsælu landa
 og opin sé hliðin að dýrðinni standa.

Þá gleymi ég skuggum frá umliðnum árum
 og æflinnar fjölmörgu hretviðrisdögum,
 er sálin mín ástvaka baðast í bárum,
 sem blómin af vordögg í skrúðgrænum höguni,
 eg þakkað get alt, sem á undan farið,
 það augnablik lits míns, sem þannig er varið.

III.

Hér loks er nú »launkofia» tenginn.
 Í laustjald eg komin er inn.
 En, ó, að nú sæi mig enginn
 og elskhugann kærasta minn.

Hví skal eg í skugganum biða?
 Eg skil annars ekkert í því.
 Ei blygðast sín blómliljan triða,
 að baða sig geislunum í.

Ei blóminu' er bannað að hljóta
 þá blessun, sem ilm gefur því,
 en mannssálin má eigi njóta
 síns meðfædda sælgætis fri.

Er form það ei fáræðis villa,
 sem flaskar á mannvizku smæð,
 að ætla sér straum þann að stilla,
 sem streymir frá eilífri hæð?

Það fartjón ei vatninu vinnur,
 þó varnað að renna sé beint,

Þvi aðra þá framrás sér linnur,
sem fellur um sýnt eða leynt.

En ástin er meginall mesta,
sem mannsálin þekkir á skil,
og hún er sú hölfróun bezta
og blessun, sem lifir á til.

Það hún er, sem heimi vill gefa
sitt háleita sjálfslórnar-gjald,
en mest er þó móðguð — án efa —
og misskilið náttúruvald.

Þá hlaðast að harmskuggar nærri,
mér hennar er vermandi ljós
sem dropl frá dýrðarlind tærri,
er drýpur á skrælnaða rós.

Og því er eg þessum í lundi
hér polinmód biðandi í kvöld,
og hlakka' eftir hollvinar fundi,
hvar hylja mig skóglaufa tjöld.

En sárt er í fylgsnum að felast
á fagnaðar sælustu stund,
og verða sem strokubræll stelast
um stíginn á elskhugans fund.

En samt er það úrræðið eina,
sem ástföngum veitist í raun,
með feluleiks framkrókum reyna
að linnast og njótast á laun.

Þvi nóg er af nálægum draugum,
hjá njösn þeirra komast má trautt,

svo rétt eins og orðið að augum
sé allt saman, lifandi' og dauðt.

Er alstaðar eittraður naður
með ólyfjan flærðar og táls?
Er enginn svo óhultur staður,
að ást megi njóta sín frjáls?

Á eilíðin enga þú bletti,
hvar er hún af hlekkjunum fri?
Er saknæmt á sérhverjum hnetti
að sameinast huganum í?

Ó, alvaldur grunnlausra geima!
Hvort getur ei máttur þinn dýr
þeim sálum, er hvergi' eiga heima
veitt hæli, þar friðurinn býr?

Éða' áttu' ekki eyju þá neina,
sem óbygð er heimssálum sjær,
í hyldýpi ljósvakans hreina,
sem hneykslis-skygnt mannsauga' ei nær?

Ef til er hún, bæn þá fram berum:
Æ, bygðu' 'ana unnendum tveini
og öllum þeim elskandi verum,
sem ofaukið virðist í heim.

Og svifhami ljáðu þeim létta,
svo lýst ei ferðunum á,
og lýstu þeim leiðina rétta
með ljóskindlum himninum frá.

Þá lyftist eg — líkt og mig dreymi -
á ljósvængjum almættis þins,

og flýg svo úr fláráðum heimi
í faðnalögum ástvinar mins.

Svo líðum, - sem vorferðum vanir,
með vængjapyt, ljúfum í blæ,
þeir klökk-glöðu kvaðandi svanir,
— í kvölddýrð um heiðhlámans sæ.

En svo þegar Eðen vora' eygjum,
og upptylling vonirnar ná,
þar dulin svo lífum og deyjum
þeim drottni, sem ástin er frá.

IV.

Nú hverfur sól við sjónarbaug,
er sýnist gulli rendur,
og slg í geisla laugar laug,
sem ljómi kringum stendur.
Mun flestum ei sú kvöldstund nær
— í kyrð ef fá nð skoða —
hve fagurlega blandast blær
í bláma og aftanroða?

Oft hrifin grundar hugsun mín
íð hulda lögmál tíða,
er ljósaskifta sé ég sýn
við sólarlagið blíða.
Þá lít eg ólík eðli, háð
hvort öðru og saman runnin.
Eg sé minn eigin sæluþráð
úr sorg og gleði spunninn.

Eg stari' á ljóssins strauma vé,
þar stendur alt í loga,

og mægar undrasýnir sé,
 er svifa um nætur voga.
 Þar líða ský með ljóskringd börð
 og litlu milliblli,
 sem málverk dýr í gull-ungjörð,
 er glitra á stofuplli.

Og nú er komin nóttin hér
 og nærri liðinn dagur
 Þú sést hún skrautlð beztu
 því blámin er svo fagur.
 Í fjarlægð bliku blysn
 um horgarhvelsing alla,
 en töfrabjarma tunglið slær
 á tjöldin rökkurhalla.

Nú birtan þveggar smátt og smátt
 og smækkar sjónarhringur.
 Til hreiðers fuglinn þýgur lágt
 og fagurt kvöldlag syngur.
 Svo hljóðnar alt með helgri rö,
 þá hverfur dagsins kliður.
 En jafnvel alt of þöguð þó
 er þessi næturfriður.

Mér hugnast þyrð. — Þann hljóðleik má
 þó heldur mikinn kalla,
 þá hugsun manns og hjartans þrá
 um á heyra næstum alla.
 Því margt í vorri vitund er,
 sem vekti hneykslis-skraflð,
 ef birtist, en sem betur fer
 er blæjum hulins vaflið.

Hví kettur ei minn kæri á fund
 og kvöldsins dýrðar nýtur

æð vinu þessa stuttu stund,
 því stutt hún verða hlýtur.
 En, ó, að milt við manaskin
 eg mætti' úr henni teygja;
 því honum, sem eg hef að vin,
 eg hef svo margt að segja.

Vort samtal hér — í sætum róm —
 vart siðareglur banna.
 Ei inn í húmsins helgidóm
 ná hneykslis-augu manna.
 Þó kossa fái' eg honum hjá
 og hjartans fadmlög kæru,
 ei herma frá, þó horfi á
 það, himinaugun skæru.

Hvað dvelur vininn dýra? Mér
 ei dugar lengur biða.
 Sú stund, sem ástin stelur, er
 svo stutt og fljót að liða.
 Það er nú komin næstum nótt,
 sem nistir hugró mína.
 Æ! Komdu bezt! Komdu fljótt,
 og kystu vinu þína!

———
 Nú heyri eg glögt, að hann er nær;
 það hrikti í þurrum greinum.
 Af feginleik minn hugur hlær.
 Að hlægja er ekki' »í meinum«.
 Það verður mäske' í síðsta sinn
 hann sætt mig örmum vefur.
 En verði, drottinn, vilji þinn!
 Eg veit þú fyrirgefur.

.

Úr óprentaðri sögu.

Í fyrsta sinn er sólbros þitt
 þú sendir mér,
 þá unglingshjartað óreynt mitt
 fékk ást á þér.

Og þá fór eg um þig að skrifa,
 í þönkum smár,
 og þá fanst mér eg þrá að lifa
 í þúsund ár.

Eg hélt þig engla-eðlis þá
 — en ást er blind —
 og þóttist himinsþýðing sjá
 í þinni mynd.

Mér sýndist heilagt ljóma ljós
 á lífs míns veg,
 og sjálf þú eins og Edenrós
 svo elskuleg.

Þá sérhvert blóm mér sýndist gull
 — það síðar brást --
 og náttúran þá fanst mér full
 af friði og ást.

Og þá kom eg til þín og var
 með þér eitt ár.
 Mitt hjarta sælt á höndum þar
 þín hegðun klár.

Og enn eg man, hvað unaðsfyllt
 var aftanstund,

þá leiddumst glöð á göngu stilt
um grænan lund.

Og man eg, þegar þér við hlið
eg puldi brag,
í sumardýrð er sálum við
um sólarlag.

Og man eg titt, þá hvíldir hlýtt
við hjarta mitt,
hve ástarþýtt, sem barnsins blítt
var hrosið pitt.

Og vel eg man þann væra eld,
sem verindi mig,
í fyrsta sinn það kæra kveld
þú kystir mig.

Ég drakk af þeirri dýru velg,
sem drekka tveir,
vort ástarminni' í einum teig;
svo aldrei meir.

Par vora' í ástarsögu svart
þú settir strik,
svo unaðs-sælan entist vart
um augnablik.

Hin fyrsta ást.

Ástin er ugglaus fyrst,
elskendum réttir hönd,
sýnir þeim sólu kyst
sælunnar draumalönd.

Þar birtast himinblíðar undramyndir,
sem brosa hlýtt, er þráin logann kyndir.
Með gigjusslætti gegnum munarheima
á gullnuni vængjum ljóssins englar sveima.

Meyjaraugun.

Augun yngismeyja
eru langt of skær.
Margan, meira' að segja,
manninn blinda þær.

Þeirra' er yndið eina
ástar leika svör,
heilla hjörtun reyna
hýrt með bros á vör.

Unaðsstöfum strjalar
stjarnan hvarma skær.
Eld, sem innra hálar,
enginn staðist fær.

Svo ef ungir sveinar
sækja þeirra fund,

þykjast himinhreinar,
hverfa' á sömu stund.

En þeir eftir standa
oft með votan hvarm
og i brjósti blanda
bræði, ást og harm.

Svona mörg ein meyja
manninn leiddi' á sker;
en — oft, ef satt skal segja,
sagan gagnstæð er.

Fanginn.

Hinn djarfi', er áður engu kveið
og æsti bardagann,
nú dauða sins i höndum heið,
og blóð úr sárum rann.

Hann leiddur var á landsins þing.
Þar lýstu bálin heit.
Um særða' og bundna hetju i hring
var heiðin þrælasveit.

En höfðinginn stóð hringnum i
með harða niðingslund,
og þrælum bauð á báli því
að brenna' hinn »kristna hund«.

Þá heyrðist kallað höllu frá,
og hyk kom dóms á þjóð,
er þangað meyja, björt á brá,
gekk beint sem þingið stóð.

Og þar sem bíður bragna fans
hin hjarta stansar mæ,er,
svo talar hátt til höfðingjans:
Mig heyrðu, faðir kær!

Lát haturs þig ei brenna hál
né blinda grimdar reyk,
en hlýddu mitt á hjartansmál
og heftu þrælaleik.

Ó, brendu' ei þenna bundna mann,
er buga sárin ljót,
sem gest þinn taktu og græddu hann
og griða sýndu hót.

Þú virðing eigi vaxa mun
og veldis stækka krans,
né bætast dýrra drengja hrun
við dauða þessa manns.

Þá böðlalið þitt leikur ært
að lífi' hins unga manns,
þú getur hjarta saklaust sært,
er saknar viðkvæmt hans.

Hann þráir mäske ástmey ein
og aldin móðir kær,
er hyggur fallinn sinn nú svein,
af sorgum hjarta slær.

Ef hefðu fangað fjendur þig,
og farist þessu líkt,
hvort heldur þú ei hefði mig
til hjarta skorið slíkt?

Ad brenna mann með bólgin sár
— ó, blind er grimdin sterk! —
og blóðug æsa tregatár
er tvöfalt niðingsverk.

Þá myktist föðurhjartað hart,
og heiptin flúin var.
Af bandingjanum böndin snart
hann burtu sjálfur skar.

En sveinninn ungi', er frelsi fékk,
þann feginsbikar saup,
og fljótt til meyjár friðrar gekk,
að fótum hennar kraup.

Hann klökkur meyjár kysti fót,
þvi kunni' ei orðin nein.
Þá brosti hlýtt hin blíða snót
og bljúgan reisti svein.

Nú ríkti' í huga sjóla sátt,
við sína dóttur tér:
»Vorn gest þú taka' og græða mátt,
í gríðum skal hann hér«.

Þá lagður strax var sveinn í sæng,
og sára linuð praut.
Þar undir meyjár verndarvæng
hann værdarsælu naut.

Hin milda snót með gæðið glatt
 hans gætti hverja stund.
 Hún sjálf hans þvodi sár og balt
 og sæmdi' á alla lund.

Og ástarþrá hins særða sveins
 þá sig að meyju dró,
 og hennar saklaust hjartað eins
 til hans í brjósti sló.

Og þann, sem hún með dád og dug
 úr dauða leysti neyð,
 sér festi nú með hjarta og hug
 og helgum kærleiks eið.

En heit sin betur hélt 'ann ei,
 þá heim hann síðar dró,
 að lymstur sveik hann ljúfa mey,
 og loks af sorg hún dó.

Sólin I.

Hvað er, sem á víðavangi
 vesaling í hriðagangi
 veitir yl, svo verður rótt?
 Hvað er það, sem þrek-lamaður
 þráir viltur ferðamaður
 myrkvið í um miðja nótt?

Hvað er það, sem heimi færir
 hita' og ljós, og gervalt nærir

ástarkossum ár og síð,
vekur fugla' af vetrardvala,
vermir ungu blómin dala,
eins og móðir börn sin blið,

Armi sinum alt um vefur
öllu líf og kræfta gefur
bæði' um land og loft og sjá?
Það er sólin sjálf, hin skæra,
signuð himinsdrotning kæra,
móðir lífsins mild og há.

Hún sem öllu hærra situr,
hennar kveðju geislinn flytur
gudastóli glæstum frá,
jafnt til allra jarðarbúa,
já, og hverju sem þeir trúu;
mun þar gerir engan á.

Hringstraumsóll um hana leika.
Himintungl og stjörnur reika
hennar kringum hásetið.
Henni þrumuleiftrið lýtur,
loftið sem að gegn um þýtur,
kyssir jörð svo kveður við.

Ó, þú dýrðar ásýnd bjarta!
Ó, þú náttúrunnar hjarta!
Ó, þú ljúfa ljóssins haf!
Allar lífsins æðar streyma
út frá þér til vorra heima.
Þeim sé vegsemd þig sem gaf.

Loftsins hnatta leiðar gyðja!
Lýðir marg þig tilbiðja;

Mörg er villa meiri en sú.
Ekkert það, sem augað kannar
eða mannleg vizka, sannar
almátt drottins eins og þú.

Færa lof þér, fagra stjarna!
frjálsar tungur jarðarbarna
munu, líf á meðan flnst.
En svo kemur að því líka,
er þitt ljósið geislaríka
skín í bláu heiði hinzt.

Munu eftir alda aldir
eflaust þínir dagar taldir.
Týnist alt í tímans hyl.
Þá er veldi þínu lokið,
þá í öll lífs-skjól er fokið,
sem að náði tign þin til.

Þá mun auðnar helkalt húmið
hylja gervalt stóra rúmið,
alfaðir sem útbjó þér.
Samt mun aftur — eitt þó hverfi —
annað myndast sólarkerfi;
eillíðin því aldrei þver.

Sólin II.

Vor dagsins drottning kiera,
ó, dýrðar-sólin skæra!
Þú ein ert öllu fegri
með ásýnd guðdómlegri.

Til lífs þinn ljómi kallar
hin liðnu blómin vallar.
Þú gleður bæði' og græðir
og gervalt klæðir, fæðir.

Vornött í skógi.

Svo hljótt af húmsins náð
er hér í lund,
sem faðmist loft og láð
í ljúfum blund.

Hér kyrðar ríkja rögn
í rökkurhöllum.
Mér flust hér þöglust þögn
af þögnum öllum.

Þau öfl, sem ala blæ,
á önd hér standa.
Eg heyri frjóvast fræ
og fuglinn anda.

Mér sýnist sjálfsagt hér
að setjast niður,

Þvi nautn ei nein er mér
sem næturfríður.

Og skógarhvellng há
er hugdýrst kirkja.
Þeim helgldómi hjá
er hægt að yrkja.

Þroski og afturför.

Nú kastar vetrar köldum hjúp
og kerlaug tekur foldin gljúp;
svo bíður komu vorsins væna,
er vefur hana' i skrudann græna.

Að sunnan mildur svifur blær,
er salinn vinda bláan þvær,
og fuglar himins sælir sveima
með sumardís i norðurheima.

Nú blómfræ lifna á björkuni fljótt
er boða nýjan lífsins þrótt.
En mörg er beygð með brotnar greinar,
sem ber ei lífsins vonir neinar.


Og fyrirlitin, hrakin, hrædd
hún hnipin stendur sorgarklædd,
þá umhverfis sig aðrar skreyta
á alla lund og klæðum breyta.





MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

Í flestu', er skeður, svo má sjá,
að sorg og gleði skiftast á,
því það, sem kæti-öðrum elur,
það annan grætir sárt og kvelur.

Sumarösk.

Heill sé þér, mín hugumkæra vina!
Hlýrri byrja sjáum árstíðina
penna sæla sólskinsrika dag.
Heita ósk og hreina þér eg ljóða,
hef eg ei aðra sumargjöf að bjóða.
Betra' en ekkert er þó stefjalag.
Bara' ef gæti' eg búið hugsun mína
búning þeim, er geðjast þinni lund,
skyldi' eg reyna' að segja þér og sýna
sjónir andans þessa litlu stund.

Sjá! Nú ris upp sólin himinskæra,
sína geisla lætur okkur færa
ljúfan yl og ástarkossa fjöld.
Sumardýrðar sýning nálgast óðum,
senn hún reisir hér á vorum slóðum
himinblámans heilög silkitjöld.
Henni fylgir hópur leikendanna,
hljómfæranna glymur strengjaspil,
skrautið meira' en skín í höllum manna,
skrúðgangan sú dýrsta sem er til.

Það er engin eitursnáka sýning
eða viltra dýra fangapíning,

ekki heldur íprótt nakins manns.
 Það er ekki, óhljóð sem að eykur,
 ímyndaðra fífla skrípaleikur
 eða sjóntál svika-loddarans.
 Nei! En það er sanna lífsins sýning,
 sjónspil alvalds mikla leyndardóms,
 náðarskírn og náttúrunnar krýning,
 nýjárshátíð sérhvers jarðarblóms.

Fjöðrum klæddir fuglar himins liða
 fram og aftur gegnum loftið víða,
 augað leik þann getur varla greint.
 Samstillandi söngur heyrir gjalla,
 sætur ómur berst um hvelfing alla,
 eyrað finnur unaðshreiminn leynt.
 Undra-ljúfur ilmur berst að vitum,
 unaðssegurð sú ei verður skýrð.
 Jörð og himinn loga' í þúsund litum,
 laugast alt í vorsins geisladýrð.

Það er eins og alt sé nú að vakna,
 eins og jörð úr dái sé að rakna,
 lyftist upp og himni móti hlær.
 Alt er bjart, sem betri tíma spái;
 brosið næstum skín á hverju strái;
 faðmar lífið friðarmildur blær.
 Sérhver andi sæll og himinglaður
 sækir vorsins hátíð enn á ný.
 Sjónargjald hér greiðir enginn maður.
 Guðasýning — hún er alveg frí.

Andi vinar óskar þess og biður:
 Yndi, von og gleði, ró og friður
 haldi vörð um hugarriki þitt.

Aflið mikla alls hins fagra' og góða
 auðgi þig með sínum dýra gróða
 og þig geri óskabarnið sitt.
 Engin mæða, engin sorg né kviði
 andað fái pinn á lífsins skjöld.
 Æftíminn léttur áfram liði;
 lifðu blessuð fram á hinztu kvöld.

**Nokkrar stuðlaðar
 stutthendingar.
 Tileinkaðar
 Tjörnesingi.**

Las eg feiminn lofs í greinum ljóðhvöt þína.
 Vel sé þeim, sem vill hjá einum viljann brýna.

Ljóð um valda vorsins dýrð er vandi að gera.
 Hún er aldrei eins vel skýrð og ætti að vera.

Að eins lýsa litnum mér finst léttur forði.
 Kjarninn visdóms aldrei er á yfirborði.

Jafnvel minsta jurtablóm, sem jörðin elur,
 lífsins insta leyndardóm und litnum felur.

Til að boða' og sjá hið sanna, sít má gleyma
 alla' að skoða orsakanna undirheima.

Listarinnar eitt er mið með æfing sinni:
 sjálft að finna samræmið í sundrunginni.

Etja töflum, ef er gáð frá insta grunni,
 gagnstæð öfl, hvort öðru háð, í alverunni.

Peir, sem vilja um völd þau kveða á vorsins dögum,
þurfa' að skilja' í efnis eða eðlis lögum.

Bók ef aldinn þulur þyldi, þætti skritið
innihaldið ef ei skildi ofurlítið.

Litla fremur list eg ber, að lýsa megi
öllu, sem til sýnis er á sumardegi,

Lýsa eika ljúfum krans með laufum grænum,
sem að leika sveifludans í sumarblænum,

Draga' upp hæðir, dali' og völl og daggarúða,
sem þau klæðir klökkur öll í kristalls-skrúða,

Birta svana bliðukvak og blómalestur,
hugarþan og tungutak mig til þess brestur.

Náttúran enga nærir gljúpa nöldursóna;
hennar strengir hafa djúpa' og háa tóna.

Rámum villurómi má ei ræddir blanda.
Til að stilla strengi þá þarf stóran anda.

Önd með sjónareðli skörpu — en engar grunnar —
nýjum tónum nær á hörpu náttúrunnar.

— — —
Lágt í hljóði lyftist þráblið löngun munar
al-lífs móður árs á hátíð ummyndunar,

Lengra' að sjá og lögmál skilja lífssambanda;
en ei má, því efnin hylja' ið allsvaldanda.

Ekkert spor í innri hógum á hin snauða
þekking vor á leynilögum lífs og dauða.

Kom þú nú kær.

Kom þú nú kær!
 Töfrandi draumsala Huldán mín hreinasta,
 hugsjónadísín mín segursta — einasta,
 kom þú nú kær!
 Ferð mína greiðandi, faðmínn út breiðandi,
 færðu mér yl,
 hönd mína leiðandi, sál mína seiðandi
 sælunnar til.

Sönggyðjan.

Nú liður fram sönggyðjan ljómandi — hyllandi,
 og leikur á raddstrengi hljómandi — dillandi.
 Að hljóðhimnu eyrans þá ómbylgjan nær,
 slík unun um taugarnar streymir,
 að hjartað af andaktar-hrifningu slær,
 um hamskifti sálina dreymir.
 Hún vonar þá sig vængjum klæðir,
 úr viðjum hversdags léttfætt stigur,
 þá eygir hún ásthiminn sinn.
 Frá dýpsta djúpi á hæstu hæðir
 og hærri' og enn þá lengra flýgur,
 unz sér hún til eilíðar inn,
 þar ljósstraumar glitra
 og loftsvæflur titra,
 svo ljósvakans ókyrrist sjór
 af miljónum hreima
 frá miljónum heima,
 sem mætast í allsherjar kór.

Sólaruppkoma.

Nú lyftist upp tjaldskör liðandi nætur,
og ljóskrýndur dagurinn ris á fætur,
sem opnar um leið sínar loftsaladyr
fyr' ljómandi birtunnar straumi,
en lágnættisskuggar burt leita sem fyr.
Þá lifið vaknar af draumi.

Ó, morgunsól!

Ó, morgunsól!

Nú himininn laugar þinn lýsigullsroði.
Kom ljóssins og hlýleikans sendiboði
og seztu' á þinn sjálfhreyfistól.

Á flugsveifluiði

með fagnaðarkliði

nú fuglarnir hefja lofsönginn.

Heyr ununaróminn,

sjá brosandí blómin,

þá breiða móti þér faðminn sinn.

Til Steingrims Thorsteinssonar.

Besta skáld, sem Ísland ól,

ástgoð þjóðarinnar!

Nú mjög sjaldan hreyfast hjól

hugarsnildar þinnar.

Sú var tíð, þú söngst í brag,

sól þá klætt var engi,

versins blíða brúðarlag

bæði sætt og lengi.

Sveiflur tóna' er svifu hjá,
samspil heyrðist gjalla
Huldarsölum helgu frá
himinblárra fjalla.

Margt þá orktir árin löng
úti' á vísðómsleiðum.
Aldrei n. .kur sætar söng
svanur á Íslands heiðum.

Ættarjarðarást þín skin
eins og sólarglóðin.
Þú heflr helgað henni þín
hjartnæmustu ljóðin.

Heilög ást var hvergi skýrð
hreinni og yndislegri.
Enginn heflr af daladýrð
dregið myndir tegri.

Heppilegar hvergi var
hæðst að spilling illri.
Lífshvöt enginn lýðum þar
ljósari' og snilli fyllri.

Elnið smæst, er enginn til
áður lagði merki,
gat þitt ljóðagigjuspil
gert að listaverki.

Dularlög þá lífgjafans
les í hinu smærra,
innblásinn af anda hans
andinn flýgur hærra.

Berast létt frá smæstu smæð
 — smátt því skáldin finna —
 upp til guðs í hæstu hæð
 hreimar tóna pinna.

Líða svo í ljúfum dans
 »ljóss um velli fríaa,
 helgidóm pins draumalands,
 »dýrðarheima nýja«.

Árdagssól þá signir fjöll,
 söngva þúsund munnar
 seiða þig inn í sumarhöll
 sjálfrar náttúrunnar.

Kvæðadís, úr ljóssins lind
 lauguð, himinborin,
 þar í engilmeyjar mynd
 mætir þér á vorin.

Þú hefir löngum henni hjá
 heita fengið kossa,
 meðan sönglög Sjöfn lék á
 silfurstrengi fossa.

Sál þin guðdómsgeisla mynd
 geymir, Braga mögu ,
 eins og dagsól dalalind
 djúp og spegilfögur.

Tæpt lífspáttar takmark sker
 tímans máttarveldi.
 Andardráttur dagsins þver.
 Dregur brátt að kveldi.

Sé eg í vestri sólar skjöld
 siga, en austanmegin
 rísa dimmblá rökkurtjöld,
 roðagulli dregin.

Svefns nær bróður hölnorn grá
 blys þitt ljóða slökkur,
 Íslands hróðrarhimin þá
 hjúpar móðurökkur.

Mun — þó há þín hugarsól
 hverfi' og frá oss renni —
 yfir dáiðs Braga ból
 bjarma slá af henni.

Pegar óðum altra fer
 ellimóða sýnum,
 skemta hljóður mun eg mér
 með vorljóðum þínum.

Vildi' eg grænum hliðum hjá,
 hinzt er ræna dvínar,
 að þau í blænum yrðu þá
 andlátsbænir mínar.

Til „Baldurs“.

Ó, Baldur! Heill og þökk sé þér.
 Haf þökk fyr' alt, sem til vor ber.
 Haf þökk fyrir djörfung þína' í ræðum
 mót þjóðarvanans draugum skæðum.

Pá boðar hlýja og betri tíð,
 á brautir nýjar visar lýð,
 og bendir þeim, er böndin línöð,
 á hjartan frelsis-morgunroða.

Pá andi minn af ólund rær
 og enga lilsins næring fær,
 hann hefst á loft, pá hreinn og friður
 hinn hvíli ás að garði riður.

Við útkomu ljóðmæla Guðm. Guðmundssonar.

Pá skáldverk vér sjáum, er sjaldan ber að,
 — því sérhvert hið islenzka Vesturheimsblad
 er þrungið af gagnslausu gjálfri —
 það fagnandi lesum við, fagnir af ró;
 það færir oss hugljúfa gleðinnar fró
 sem geislar frá sólunni sjálfri.

Sér vængi á vor andi.

(Þýtt).

Sér vængi á vor andi,
 en aftrar flugi búrsins drómi.
 Vort líf er kvöl, og löngum ósegjandi,
 sem leitar eftir hæð, í fjarru tómi,
 hvar dagar fyrst, hvar deyr kvöldroðaus blómi.

Póstspjaldavísur.

I.

Góða frænka, gleðileg jól!
 Gangi þér alt í haginn.
 Sælunnar dís þér saumi kjól
 úr sólgeisladúkum, lagin.
 Gæfan þig setji á gullinn stól
 og gall þér skeimtblaginn.
 Frjálsræðið velti þér fríðarskjól
 fram yfir síðasta daginn.

II.

Ánægjunnar óska' eg þér,
 ytra þó sé kalt.
 Sá sem hana' í hjarta ber
 heflr lífið alt.
 Hátíðlegri' en ljósrik jól,
 lífs er hún æðsta hnoss,
 hlýrri' og fegri en sumarsól,
 sætari' en vinarkoss.

III.

Fornvinur kæri! Fríðsælt ár
 læri þér tímans hringur.
 Ljóni þér gæfan um ljósar brár,
 svo leikir við hvern þinn fingur.
 Á lífsskeiði vertu fimur og frár,
 í fjágróðabrögðum slingur.
 En vertu samt alt af í húð og hár
 og hjarta sem Íslendingur.

Gullvængjuð óðargyðjan þig
 gleðji með faðmlögum sínum,
 svo hugur þinn komist á hæsta stig
 að himinsins takmarkalínum.
 En, blessaður vertu, mundu þá mig
 á munarins hamföllum þínum,
 og steypstu þér niður og suður á svig
 og syngdu hjá arninum mínum.

TIL P. P.

Þér eg vildi feginn færa
 fáein orð sem kveðjubrag.
 En eg veit ei, meyjan inæra,
 mitt hvort þekkist nýja lag.
 Eg ei óska himinhæða
 helgilífs — því slikt ei skil —
 að eins svoddan sælugæða,
 sem eg veit að eru til.

Hamingjan þinn huga fylli
 heimspekkingar friði' og ró.
 Sannleiks vina hljóttu hylli,
 hræsnaranna firstu kló.
 Sjálfstæðis við sólskin bjarta
 sál þín kanni lífsins djúp,
 þar sem vanans vofan svarta
 varpar sínum dularhjúp.

Hljóttu allra gæða gengi.
 Gæfan falli þér í skaut.

Njóttu verndar vel og lengi
 vonargyðju' á pinni braut.
 Vertu frjáls sem vorsins blærinn,
 vængjalétt sem fugl á grein,
 hugdjúp eins og sjálfur særinn,
 sorgfri eins og lindin hrein.

Vindu' i flokki frelsisbarna
 frampróunar sigurkrans.
 Lýsi þér sem leiðarstjarna,
 ljósið þjálfa sannleikans.
 Gleðidís á unaðsöldum
 anda þínum vaggi rótt,
 meðan Skuld af tíma töldum
 tölur lífsins ritar hljótt.

Albums-visa.

Sá æðsti gróði', er get eg óskað þér,
 er göfug hugsjón, nærð af kærleik blíðum.
 Sú lífsins eikin beztan ávöxt ber
 og brotnar sízt í vetrarkulda hriðum.

Til Sigfúsar B. Benediktssonar.

Hve tilgangslaust er sannleiks boðskap birta
 þeim blindingum, er vilja' ei sjá né heyra,
 en grafa sig í lægstu jarðarleira
 og leynast þar sem myrkrin yfir syrta,

Og traustlega svo troða' í allar gættir,
að trufla þá ei röksemdanna kliður,
að engin berist birta þangað niður;
því bjarmann sólar hræðast illar vættir.

Ef sjá þeir geisla', í gegnum rifu' er lagði,
og gnyinn heyra', er frelsisstraumur niðar,
þá bæna sig og signa' á allar hliðar
og sálar glyrnum loka' á augabragði.

Til H. Þ.

Veki þig af vetrarblund
vorsins dýrðin nýja.
Signi þig með sólarfund
sumardisin hlýja.

Sjá, í gegnum sortadrög
sólargeislar skína,
ris því upp, og ljóðalög
leiktu' á hörpu þína.

Syng þú um þann sannleik dátt,
sjálfs þins rödd er hrópar,
bólsjón um þó brígsli hátt
blindir lukkuglópar.

Lát það allvel lynda þér,
létt því er að sanna:
Sá, sem finnur feilin, er
frömuður umbótanna.

Upphaf á bréfi.

Hvað er það, sem hamlar þér að skrifa?
Hættur ekki munt þó vera að lifa?
Vinur minn! Eg vildi feginn sjá
vísur nokkrar penna þínun frá.

En mér þætti öllu meira gaman,
ef við mættum snöggvast koma saman.
Þig að finna sjálfan heyra og sjá
sælar minnir bernskutiðir á.

Til B. Jónssonar.

Fyr og seinast, vinur virkta!
vinsemd hreina þína met eg.
Þökk í greinum þér skal birta;
það er eina sem að get eg.

Oft í flaustri fremd og snilli
féll, sem hlaut af gullnum sjóði.
Velmeint traust og vinahylli
vafalaust er betri gróði.

Kviða bugar, bölið græðir,
brýnir dug og framkvæmd sanna,
vanmáttugum vonir glæðir
vínarhugur góðra manna.

Pú hefir undirðflum mínum
 ýtt af blundi' og reynt að eggja.
 Yl i lund frá anda þínum
 eg hef fundið til mín leggja.

Er eg þreyti' að yfirvega
 alt, sem leit frá þinni hendi.
 ósk því heita og hjartanlega
 hugs í skeytum þér eg sendi.

Lífs þér rétta blýsið hjarta
 bliki, er þetta hriðin dynur.
 Alt, sem léttir hug og hjarta,
 hamingjan flétti' í krans þér, vinur.

Efsta daginn æfi þinnar,
 ys er lægir, fjörið dvinar,
 röðull dragi róseminnar
 roðablæju' um hærur þínar.

Til H. Þ.

Fremur dauðlegt finst mér það,
 fjarri vinum lífa.
 Dæmalaust er líka, hvað
 latur ertu' að skrifa.

Þagnarleynum liggur í,
 líkt og værir dauður.
 Yfir þér er eitthvert ský.
 Ertu týndur sauður?

Hefir þig skógarvættur vilt?
 — Vanst þér sjálfum týna? —
 Eða nokkur Hulda hylt
 hamraborg í sína?

Nei — eg svara sjálfum mér —
 svo mun ekki vera,
 heldur hversu þungt er þér
 þrældómsokið bera.

Böl er eins og bundið þý
 búa í jarðadölum.
 Ljúfara mun lifið í
 ljóssins álfasölum.

Stökur.

Framar öllu ljóð skalt ljóða,
 list er snjalla ber.
 Þín sé köllun þjóð að bjóða
 það sem fallegt er.

Yrk þú þitt er andlegt stál
 — ekkert hugsun þvingar —
 óafbakað islenzkt mál,
 engir vanskapningar.

Nýárshugleiðingar.

Eg sezt niður rétt til að reyna,
hvort ryðpenninn gamli' er of linur,
og syng um leið setningu eina:
Minn sæll vertu' og blessaður vinur.

Og gleðilegt nýjår, minn góði!
Til gamans er penninn ei dreginn;
en að eins í örsmáu ljóði
þig ávarpa gírnist eg feginn.

Mér leiðist að þurfa að lifa,
en langar þó ei til að deyja.
Eg eiri ekki' að yrkja né skrifa,
en ofbýður stöðugt að þegja.

Mér leiðist — og legst á með hviðum
það lagabrot náttúru minnar —
að bannað er mér það, sem bið um,
af bölnorum fátæktarinnar.

Þær þvinga mig til þess að þræla
fyr' þörfum á daglegu brauði.
Og svo verður öll lífs mins sæla
einn seinvirkur andlegur dauði.

Eg lék mér, sem unglingar allir,
að alls konar lífsvona myndum
og bygði mér háreistar hallir
á hugarins loftgeima tindum.

En brátt hurfu bernskunnar draumar
 í botnleysi hverfandi tíðar.
 Þá fluttu burt fallandi straumar
 í flekum þær ungæðissmíðar.

Þá var sem eg vaknaði af svefni
 í veruleik komandi daga.
 Þar lá fyrir alt annað efni;
 það efni var preytandi saga.

Þá hrundu mér haglskúrir tára,
 þá hætti' ég voninni að trúá,
 þá lærði' eg þann sannleikann sára,
 að seint tekst án vængjanna' að fljúga.

Eg síðan hef sinnulaus gengið
 í sífeldum bölkrokalinum,
 og alls enga fyllingu fengið
 á framtíðarvonunum mínum.

Eg þráði' alla nýjung í næði
 og náttúrufegurð að skoða,
 og heiminum heilsa með kvæði
 og hugsjónir spánnýjar boða.

En heimurinn vildi' ekki heyra,
 hvað hafði ég bezt til að segja,
 þá lífsspeki las mér í eyra,
 að læra' ælti' eg að eins að þegja.

Mig langaði' að framast og fræðast
 og ferðast um jörðina víða,

en varð þó i myrkrinu að mæðast,
sem moldvarpa' i duptinu að skríða.

Nær sá eg að byr hafði' ei betri,
eg breyttist við aðkastið fyrsta,
og heiminum langaði' i letri
og ljóðstefjum helnið að rista.

En heimurinn dómsvald ei hefur
i harðsnúnum lífskjaramálum.
Sá illskunnar örlagavefur
er ólinn af mannlegum sálum.

Sú mauragrind mannlegra sauða,
sem martreður gervallar þjóðir,
er undirrot einstaklings nauða
og allsherjar spillingar móðir.

Þvi vald hennar víðast má sinna,
sem verkar i mannfélagsstéttum,
og hollustu hluthafa sinna
hún heimtar með ákvæðum settum.

Hver lífsskoðun höfð er i haldi,
sem hennar ei ránsboðum lýtur,
og með sinu misbeitta valdi
hún mannlífsins frumreglur brýtur.

Þvi heimskingja' i hégómans landi
oft hafinn til virðinga lætur;
en góður og göfugur andi
er grafinn und hræðýrafætur.

Sá armi fær að eins sítt læði
og aðgang að skitugu verki,
en gullberinn kostuleg kældi
og kanungleg virðingarmarki.

Þeim nauðstadda', er nálægur stendur,
er neitað um lácina dali,
en silfrinu í sælkerðs hendur
er sópað í þúsundafali.

Pó gáfur og skirleika geymi,
og af guðs mynd sig hræsnarar slæri,
ei heima' ætti ei mannfólk í heimi,
þá heimurinn dýrlegur væri.

Þær nornir, sem mismuninn mynda
og mannsálar sköpunarlýti,
er eldgömul óvenju-blinda
og óhöpp og sjálfskaparviti.

Mig elti' enginn fjandmannalokkur,
þó framsóknarhivötin sé töpuð.
Í leyni' hafa niðst ó mér nokkur
þó nagdýr, í mannslíki sköpuð.

Eg vil ekki vanstilling sýna,
en verð stundum heldur til æstur,
þá hugsá' eg um hagina mína;
því hver einn er sjálfum sér næstur.

Svo vanheppnuð tilvera vekur
 upp viðhjód að preyta 'ana lengur,
 En úr þessu' að æðrast el tekur,
 því óðum á ferðina gengur.

Nú er eg uppgelinn orðinn
 og á ekki meir til að hjóða,
 því farinn er hugsanaförðinn
 og framkvæmdarprek til að ljóða.

Svo kveð eg þig hollvinar'lendi
 og hamingjubænirnar tóna,
 Í óskilum eigi svo lendi,
 þú afhendir bréfið í »stóna«.

Til Sveinbjarnar Arnasonar.

Ó, væri' ekki gaman, vinur minn!
 að vera horfinn í dalinn þinn
 og sitja þar efst í brekkubrún,
 sein blasa við engjar og hágræn tún?
 Þar svifur fram áin, svöl og tær,
 en silfurhörpuna fossinn skær.
 Eg trúí' ekki' öðru' en við yrðum þá
 til altaris náttúrunni hjá.

Til Lárusar Guðmundssonar.

Að vinarhlýrri viðurkenning þinni
 mér virðing er, og hana dýrt eg met.
 Ilve þægt er fylgd að þiggja á göngu sínni,
 og það af manni', er aldrei hlut sinn lét.
 Því skyldra hrós og skjallið kunningjanna
 er skeikult oft og stundum hugarraun,
 en aðdá vitra og óvilhallra manna
 er inntekt stærst og beztu skáldalaun.

Visur.

Undir annars nafni.

Heiman, sýnum hulinn stig
 mitt hvarflar sinni,
 frænka mín! að finna þig
 í fjarlægðinni.

Ástarpökk fyr' alúð þína
 í öllum greinum.
 Bljúg og klökk þá bæn eg mína
 bið í leynum.

Fyrir allt, sem vanst mér veitt,
 — því vart eg gleymi —
 ótalfalt sé endurgreitt
 í andaheimi.

Gefi hár þér herra lyða,
 hjartans vína!
 farsælt ár og friðarblíða
 framtíðina,

Og eilíft vor, þá lítsins linna
 lærdóms efni.
 Sérhvert sporið þitt og pinna
 þangað stefni.

Endir á bréfi.

Hjartkær þú! Ósk min er
 yls þitt njóti lyndi.
 Blessuð jólin beri þér
 birtu, von og yndi.

En til hvers er að biðja um hót?
 Bænir held eg skeiki,
 þar sem alt er upp á mót,
 enginn möguleiki.

Sízt er lið að sjá það skjól,
 sem ei fengist getur.
 Aldrei hefir sumarsól
 sést um miðjan vetur.

Pegar hlaðast prautilir á,
 þá er skaði að kvarta.
 Bótin að eins ein er þá,
 ánægt það er hjarta.

Þú heflr aldrei órvænt, þó
ama hvesti vetur;
sjálfs því vald og sinnisró
sýnir flestum betur.

Þú heflr beðið bólið þyngst,
borið það með snilli,
nærri því í unda yngst
áhlaupanna milli.

Þó að lokinn öll sé í
ytri skjólin breði,
innra skini hjá þér hlý
heilög jólnaleði.

Ort undir annars nafni.

Hjá bernskunni' og ellinni, hörnunum tveim,
þær blidustu samkendir vaka;
en margt er þó ólíkt og andstætt hjá þeim,
og eftir því vert er að taka;
því annað er nýkomið heiman í heim,
en hitt er að snúa til baka.

Og ellin veit betur, hvað rétt er og rangt,
því reynslunnar kunnug er fræðum,
og þó hennar margsinnis stríðið sé strangt,
það stefnir til sigurs á hæðum;
en barnið er skammsýnt og litur ei langt,
en leitar að fallvöitum gæðum.

Það horfir á lífið sem hinneska sýn,
 því hverfleikann skilur það eigi,
 að fljótlega kvöldar og dagurinn dvín,
 þú dinnir á jarðlífsins vegi.
 En birtan, sem aldurdómsbarninn skín,
 er bjarminn af eilífðardegi.

Sjálfsmorðinginn.

Hryggur sveinn og folur letar
 fram á tanga djúprar vikur,
 þar sem aldinn klett um kinnar
 kvöld og morgna báran strýkur.

Yzt á klett við ægisvanga
 aleinn sezt og þögull grætur.
 Ganga þar að gamanleikum
 gaskafullar Ránardætur.

Þar er sámeið sig að baða
 sitt með hár og blidupokka,
 sveininn litur ástaraugum
 og nú vill hann til síu lokka.

Flörpu sker og sætan syngur,
 síðan spyr með rómi blidum:
 Hvað er það, sem hug þín angar?
 Hvi eru tár á kinnnum fricum?

Aldrei leit eg fyr svo fagran
 löldar son á æfi minni.

Segðu mér hvað amar að þér;
eg skal bæta' úr hugraun þinni.

Undarlegum unaðshljómi
orð þau lék hún, svo hinn grætti
heyrði -- og jafnvel báru'brúðar
bergmálið at hjartaslætti.

Einn eg græt. Við annað hugur
eigi, segir hann, lengur þreyir.
Mér hafa vonir minar brugðist.
Meyja eru vegir breytilegir.

Hún, sem að eg heitast unni,
hefir rofið eiða sína.
Hennar ást eg of vel trúði;
alla henni gaf eg mína.

Þá var sem mitt hjarta hnífi
hefði verið gegnum stungið.
Lifið finst mér alt í einu
orðið kalt og skugga þrungið.

Hingað gekk eg heims frá glaumi,
hugði ró hjá söltum bárum.
Hér mig enginn angrar maður
eða hlær að mínum tárnum.

Hafmey syngur: Sorg þér, vinur
svikul mey þó vildi búa,
þannig er um ótal fleiri;
enginn má þeim skepnum trúá.

Hyggja skaitu af hörmum þínum.
Hættu þessum raunatölum.

Kom til minna kristalshalla.
Kyrð er nóg í Unnar sólum.

Burt frá grátheim komdu, kæri!
Kom til mín, seín ann þér heitast.
Ást og friður — alt sem þáir -
ótakmarkað skal þér veitast.

Hér er alt, sem augað gírnir,
undraskraut með perlum nógum,
sæljur með silturkrónum.
Sælt er að reika' í þaraskógum.

Gaman er að horfa í hæðir
héðan upp frá stöðum mínum,
þegar dagsins demant fagur
djúpið fyllir geislum sínum.

Líkt og fugla fagurlita
físka skarann sjáum bruna.
Eins og skjótir skýjaflókar
skipin líða' um hvelfinguna.

Hér íð skulum ástar okkar
alsæl njóta í veðri góðu,
þar sem gervalt sólin sveipar
silfurlitri geislamóðu.

Kvalinn sveinn af kletti niður
kraup í leiðslu, en söngur þagnar.
Opnum tekur örmum honum
Unn og votum kossi fagnar.

Stöðvast tár og stillist harmur.
Stafar sól á djúpið vikur.

Liðinn ná um kaldar kinnar
kvöld og morgna báran strýkur.

Littu rétt á lífið, maður!
Lærðu vilja þinn að stilla.
Láttu' ei sorg né sviknar vonir
sálartriði þínum spilla.

Berðu' ei lengi harm í hjarta;
hleyptu' ei vexti í lindir tára.
Freisting glæp í fögrum myndum
felur, líkt og dauðann bára.

Eilífðarvonin.

Á bak við tímans tjaldið hinu megin
hvað tekur við, er þyngsta lífsins gáta,
sem allir eru' að reyna til að ráða.
A framhlið grafar döpur mynd er dregin,
sem draumkend vera þögul sé að gráta
við luktur dyr að leyndardómnum práða.

En vera sú er vonarríka práin,
sá veganaútur mannsins lífs á göngu,
sem reynist þezt þá bregðast heilla dísir.
Því þegar hanc er dýrsti vinur dáinn,
og dimm er nótt í andvökunum löngu,
hún huganum með himinvonum lýsir.

Hún fylgir honum fram sem leiðarstjarna,
við fótmaál hvert eitt vonblóm honum gefur,
sem hressir ljúft, þá lýjast hugur tekur.
En örskjótt visna blómi i höndum barna;
hún blóm þá annað nýtt til reiðu hefur,
er þreyttum anda vonir nýjar vekur.

Ög þannig áfram æfiförin heldur;
en ávalt linnur þráin einhver merki,
sem benda' á eitthvað óþekt hinu megin.
Ög aldrei slökknar hennar undireldur,
unz endar ferð, og lýkur hennar verki;
þá krýpur hún við kumlið — hrædd og fegin.

Pegar legg eg augun aftur.

Pegar legg eg augun aftur,
opnast heimur nýr.
Það er einhver undrakraftur,
inn í sem þar býr.

Engin tíða er þar breyting,
ekki dagur — nótt;
þar er alt á iði' og þeyting,
en þó kyrt og hljótt.

Hvorki sól né ljós þar ljómar,
loftið hjart er þó.
Myndir svifa, söngur hljómar;
samt er þögn og ró.

Listaverk þar ljóma fögur,
laus við efnis-storð.
Þar eru' ótal sagðar sögur;
samt ei heyrst orð.

Jafnt um geim á láði' og legi
leið er bein og slétt.
Þyngdarlögmál er þar eigi,
alt er himinlétt.

Lífs ei veginn lögbönd sperra,
leiðin frá'r þar,
enginn heldur annars herra,
allir jafningjar.

Þar er líka eðli annað,
engin glæpa-þrá;
ekki heldur einum bannað
eigin farsæld ná.

Umbreyting.

Heiman geng eg hausts um daginn,
horfi fram á sléttu sæinn.
Alt er horfið grasið græna,
gulbleik strá til himins mæna,
síðan veiku höfði halla,
hneigja sig og loksins falla
eins og hismi í haudurs skaut.
Hverfur þannig lífsins skraut.

Sjónin alt í einu breytist.
 Eimlest fram hjá sé ég þeytist.
 Hrekkur gneisti í grasið niður,
 glæða betur stormahviður.
 Eins og litlu ljósi' í hlóðum
 líkist fyrst, en stækkar óðum,
 vex og vex, unz verður stór
 voðalegur bálasjór.

Pegar blágræn brimsins alda
 byltist yfir skerið kalda,
 yrjar löðurs úða móða,
 ólgu boð á flúðum sjóða;
 þannig blossabylgjan fellur,
 bálafoss um svörðinn vellur.
 Gýs upp mökkur grá-mó-blár,
 grefst í rökkri sólin klár.

Eldahvoftum undan hrökkva
 æðisgengin dýr, og stökkva
 eins og leyfir fjörið fóta,
 flóttalegum augum gjóta,
 hvar sem geta, hælís leita,
 hvorki bugar svefn né þreyta
 ótta þann, sem eldur býr.
 Alstaðar lifið dauðann flýr.

Eftir funaflóðið hrakin
 foldin liggur, ber og nakin,
 flakir öll í svöðusárum
 sollnum undan logabárum.
 Fannalini vetrarvindur
 vel um hennar kaunin bindur;

hefur svo upp harmalag,
liagli grætur nótt og dag.

Stormakvein þá loksins lækkar,
linar frost, og sólin hækkar,
kemur vor með kraftinn frjóa,
kolsvört brunasárin gróa,
sumardaggar dropun þvegin.
Dregst að lífið öllu megin.
Aftur þess er ofið glit.
Engið fær sinn hörundslit.

Kraftur sá, er aldrei eyðist,
út í smátaug hverja breiðist.
Sérhver ögn er önnun kaflin.
Efnaskifting þá er hafin.
Færst líf í rotnar rætur;
ris nú hvert eitt blóm á fætur,
greitt og klætt í grænan kjól.
Góðan daginn býður sól.

Eins og móðir að sér vefur
ástkært barn, og kossa gefur,
hlýtt og viðkvæmt vorsins sunna
veika kyssir blóma munna.
Næring sína' og þróttinn þekka
þau af geislabikar drekka,
byrja lífið brosi með,
blindir menn sem fá ei séð.

Hver er þessi kynjakraftur,
kalið strá sem lifgar aftur?
Hvi er þessi leikinn leikur:
Lífið fyrst, svo dauðinn bleikur?

Er það líflöð, er það helja,
eillíðar sem dægur telja?
Líflöð dagur, dauðinn nótt,
draums hvar verur ríkja hljótt?

Máskæ blóm með brotnar rætur
biði sínar draumanætur,
meðan einda agnir metkast
eðlistæðu' og saman þéttast,
þar til alt er undirbúið,
ákvarðað og saman snúið,
vaknar aftur endurfætt,
imynd sinni fyrri klætt?

Legst að nótt.

Legst að nótt, og leynist sólin skæra,
líf er hljótt, sem ei sig þori' að hræra
dýrin öll á dagsins andlátsstund,
dauðakyrð um haf og loft og grund.

Hvort mun aftur heyrast morgunkliður?
Hverju sætir þessi djúpi friður?
Almóðir nú er að sofna rótt.
Yfir henni vakir þögul nótt.

Hvað eiga þú ssi hvíldarlög að gera?
Hvað mun annars sjálfur dauðinn vera?
Er hann byrjun eilífs þagnarhúms,
algleymskunnar veldi tíma og rúms?

Eða litið lestrar slitinn hraði,
líkt og þegar flett er einu blaði?
Önnur jafnan opna kemur þá,
áfram! aldi þar sem von er á.

Engin veit, hvað opnur næstu sýna,
eða hvort að þar er nokkur lína.
Bezt að leggja litinn trúnað á
lygasögur dánarheimi frá.

Eitt er víst, og það er einmitt þetta:
Þaðan er ei unt að leita fréttu.
Alheimskraftur engri menskri sál
opinberar dauðans leyndarnál.

Á hugarsveimi.

Í huganum flýg eg á burt, og mig ber
að brennipunkt alheimsins miðju,
hvar dulkraftur lífsins í ægileik er
við aflinn í hnattanna smiðju,
þar frumefnin samblönduð sýður í eitt,
— ei samræmi' í hlutföllum tapast —
og sindrandi, glóandi gneistum er þeytt
um geiminn, og sólirnar skapast.

Svo geysileg nærgð er af gneistunum þeim,
sem glitra' ú' um alviddar sali,
að mínútu hverja' eru sendar á sveim
burt sólir í miljónatali.

En stærri' en sem neisti hver stjarna' er ei neitt
að stærð hjá þeim allsherjar Geysi,

og líf hennar skammvint sem augnablik eitt
mót eilíðar takmarkaleysi.

En eigi' er þeim miljónum aflstöðvum frá
í óreiðu fleygt út í geima.

Hver sólstjarna líringsvið þar afmarkað á,
sem umhverfis þrýstingsófl streyma.

Og sérhverri' er úthlutað svigrúmi því,
er svílmagni þyngd hennar nemur,
og fjarlægðin hnitmiðuð, hún sem er í
frá hinni, sem næst henni kemur.

En jarðhnetti fæðir hver sól út af sér,
í sveiflum er kringum sig veifar;
þá laugar í geislum frá ljósefna hver
og lífhjúpi gagnsæjum reifar.
Svo bendir hún hverjum sinu brautarhring á
og býður þeim aldrei að stansa;
þá hringsnúnings jafnvægis-hreyfingu ná,
um hana þar spinnandi dansa.

Hver sól hefir fullkomið sjálfstjórnar-ráð
með svifandi ljósklæddum mögun.;
að aflkveikju' og tilverualdri þó háð
mun eilífum grundvallarlögum.
Sú loks kemur tíð, að hún logar ei meir,
sem ljósið á skarinu deyi,
að forlögum eyðingar fölnar og deyr,
en frunaflið skerðist þó eigi.

Því tilveru hverrar vist takmark er það,
sem tindrandi neistans á sveimi,
þá kulnar hún út, kemur önnur í stað,
er óskekult lögmál í geimi.

Og samskonar sköpunar-skilyrðum háð
mér skilst vera sérhvað og eina.
Á lífs hverja tegund þau lög eru skráð,
á líljublóð — jafnvel á steina.

En þrátt fyrir hverfleikans þungskildu lög
er þróunaraflíð að verki,
og almættis leyndardóms lífæðaslög
ei lægja sin áframhalds merki.
Ef hefðum vér alskygna eilífðarsjá
og aldir sem mínútur fyndum,
vér fest gætum naumlega augu vor á
þeim ótölu hreyflingamyndum.

Með huganum eygjum vér alveru dyr
í ómælisfjarlægðar móðu,
þá ódauðleiksþráin með áhuga spyr
í einrúmi vonina hljóðu:
Hvort flytjum vér andan inn í þann geim
og alfræðis vísðómi náum?
Hvort láum vér skýringu' á skammstöfum þeim,
er skráðar við innganginn sjáum?

Vér spyrjum ei að — eins og efnum klætt hold —
hvort enda þar lífsmagnið hefur.
Sá kraftur, sem frjónærir fræið í mold
og fósturrinn hreyflingu gefur,
hann getur ei dáið, — en deilan er hitt,
hvort dánir ei sjálfsvitund missa;
því ef að eg forlífið man eigi mitt,
eg meira' er ei til, — það er vissa.

Ef einkenni sjálfs min eg öll helli mist,
þær astina, vonina' og þrána,

alt reynslunnar safn mitt og sannanalist
 og samband við ástviní nána,
 og mínulíngareðlið fer efnanna veg,
 í eyðingar náklæði valld,
 í dauðanum yfir mitt jarðneska jeg
 er jafnað, — að eilífu grafið.

Já þetta er gáta, jafnt gömul sem ný,
 sú gestapraut mannkynsins stærsta,
 sem leyst hefir enginn, og æ verlið því
 frá öðrum svo rétt til hins næsta.
 Því enginn svo vitur og alskygn er til,
 að unnið slikt kraftaverk fál.
 Hún trautt verður annað en tilraunaspil,
 þó trúin og vísindin spái.

Vér sólskarann litum í sérhverri átt,
 er sindrar af himneskum eldi;
 en skamt nær vor sjón, því vér skiljum svo fátt
 í sköpunar-guðdómsins veldi.
 Og mannlíf er stutt, til þess mikið að sjá;
 en meðan það augnablik varir,
 vor andi þeim fordyrum eilífðar hjá
 því undrandi' og hugfanginn starir.

Þá vaknar í huganum vafaspuhn sú:
 Hvi vorum vér settir á jörðu
 og bundnir við efnið sem hálfvita hjú,
 er hröktu svo örlög og börðu
 með ástriðum jagandi' og jarðneskum þráni,
 og jafningjar dýranna' að mestu,
 ef ódauðleiks frumstofn á himninum hám
 vér höfum og arfréttarlestu?

Pá hugsa' eg gott.

Pá hugsa' eg gott, er heilagt all mér nærri,
 þó hulið sé mér. Til þess glögt eg flnn.
 S' i hjartur geisli', er stöðugt verður stærri,
 þ.ö. streymir ljúft i hugans bústað inn.
 Pá er sem vorblær sunnannmildur svífi
 um sálar helma, þýður, hreinn og klár.
 Pá samræmið eg lit i öllu lífi
 við ljós þins máttar, kærleiks drottinn hár.

Pá flnnst mér sem i dýpsta hugardjúpi
 sé dulið all, sem hita frá sér slær.
 Þó yllrborð sé orpið klakahjúpi,
 þess ylur samt að hjartarótum nær.
 Sá bliðheimsandi berst um allar taugar
 og bræðir hrim af lífsins frosnri rót.
 "Er tilflaning i lindum þeim sig laugar,
 svo léttum vængjum flýgur himni mót,

Þeim himni, sem að hugsjón mannsins litur
 i huldri ljartægð, sem er þó svo nær,
 þar friðarröðuls seginn hugur nýtur,
 sem frá sér vonar morgunroða slær.
 Ó, kærleiks herra! Hvar sem völd þín eru,
 þar hverfur burtu fals og reiðibál.
 Þar hlýtt er alt og hreint. Í raun og veru
 er himnaríki manns i eigin sál.

Að segja' að mynd þú berir jarðarbarna
 er brot á móti þinni guðdómstign.
 Þó sé með lífi sérhver alheims stjarna,
 að sjá þig engin vera' er nógu skygn;

Því dauðlegt auga' er efnislögum bundið
 og ei fær séð i gegnum jarðlifstjald.
 En andans þreifing að eins getur fundið
 i undirheimum lífs þitt máttarvald.

En mynd þína' i ýmsu hæ eg litið,
 þá andirn snortinn þinni nálægð er,
 og hugurinn sig hellr feginn slitið
 frá hversdagsglaumi' og friðar leitar sér.
 Þá algæzkunnar eiginleikar þínir
 i englamyndum birtast kringum mig;
 og við þær háu, himinfögru sýnir
 i helgum dulleik nærri veit eg þig.

Hvar fuglinn unga vængjum sína vefur,
 þar verndaranda þín eg sé og flnn.
 Hvar barnið vært á brjóstum móður sefur,
 þar birtist helgur friðarengill þinn.
 Hvar ungmey hallast unnustaus að barmi,
 þar ástarboða þinn eg kenna hlýt.
 Hvar hjálplús strýkur höndin tár af hvarmi,
 þar höluðengil þinn eg sjálfan lit.

Þá séð eg hefi sendiböða þína,
 þig sjálfan lita girnist hugur minn.
 Ei unt er slíkt, því af þér geislar skína;
 en alt hið blíða speglar guðdóm þinn.
 Eg heyri þig i vorsins röddum vænum.
 Eg veit að þú i næturrósemd býrð.
 Eg flnn þitt svif i sumarmorgunblænum.
 Eg sé þitt bros i kvöldins roðadýrð.

Hve sælt er þinnar i hegðar að njóta,
 þá næða heimsins gjálfsstormar kring,

und vængjum þinnar verndar skjól að hljóta
 og vermast mjúkt af þinni tilfinning.
 Þú himinborni hulinsgeima kraftur,
 sem hugans kuldaíökul getur þitt,
 eg bið: Ó, kom þú! Kom þú til mín aftur
 og kenn mér lag þitt hjartans-angurblítt.

Á kvöldin.

Á kvöldin, er siðlega syrtir að gríma,
 og sofna loks heimur ter,
 þá ofan í hyldýpi horfinna tíma
 minn hugurinn steypir sér.

Þar eyðir hann bezt sínum andvökustundum
 í endurminningar ró.
 En mitt inn í bernskunnar ljósfögru lundum
 er ljúfast að reika þó.

Í fróvæð þar kveða mig fjallanna lindir
 og fossarnir ekki' sízt,
 unz tangin í dulrænar draumpöku myndir
 hin daglega vitund snýst.

Þá sálina færir hinn seiðandi draumur
 í svifléttan ferðahjúp;
 og þannig er lífseðlis lögbundinn taumur,
 hann leiðir í hringstraums djúp.

Dagðómar um vonina.

Hvað er vonin? Girnd til lífsins gæða,
girnd, sem eykur hugarstríð og tár.

Hvað er vonin? Skálmín norna skæða,
sem sker á hjartað óánægju-sár.

Hvað er vonin? Villuljós í heimi,
villuljós, sem blekkir marga sál.

Hvað er vonin? Vitsins öfugstreymi,
veruleika gagnstætt — sjónartál.

— — —

Hvað er vonin? Vald í ungu hjarta,
vald sem ræður hugarstefnu manns.

Hvað er vonin? Blysið himinbjarta,
blys, sem vekur geisla kærleikans.

Hvað er vonin? Viljans leiðarstjarna,
veg sem lýsir menningar á braut.

Hvað er vonin? Bjargtaug jarðarbarna,
bjargtaug, sem að léttir hverja þraut.

— — —

Vonin tryggja tálma burtu svertur,
treggennt þrekið brýnir hennar raust.
En ef veikist von og loksins hverfur,
verður lífið þungt og stefnulaust.

— — —

Hvað er lífið?

Hvað er lífið himindjúpa?
hugur löngum spyr í tóm.
Fræði' og vizka flatar krjúpa
fyrir slikum leyndardómi.

Strandar allt á óvits skerjum;
engin getur sagt til vegar.
Svarið verður sitt hjá hverjum,
samlíkingar barnalegar.

Náttúran sjálf það svar mér gefur:
Sérstakt líf er eins og þráður;
allífsheildin óþrotsvefur,
allvakans af byljum kljáður.

En hver rakti' og vatt upp vel þann?
Við þá gátu skal ei þreyta.
Sundlar mannsins anda, ef hann
orsakar vill fyrstu leita.

Afleiðing af orsök fyrstu
er alheimskerfið, sem það vitnar:
Jafnt í hreyfing instu' og yztu
orsakanna band ei slitnar.

Orsök fæðir afleiðingu;
afleiðing sú verður næsta
orsök nýrri afleiðingu,
eins í hinu smæsta og stærsta.

Aflið ferð svo aldrei hægi,
eyðing, þróun, breyting, skifting
vega salt á sjálfs-jafnvægi;
sigi eitt, það hinu' er lyfting.

Heilræði.

Sit og hlýddu, sonur minn!
— Sálar hér er forði —
þú sem ert við innganginn
að lífs skólaborði.

Unglingur er ætíð fyrst
eins og gestur heiminn.
Þín er nauðsynlegus' list
læra að me' eiminn.

Pann, sem hefir hann með sér,
harmar sjaldan buga.
Hér skulu talin handa þér
heilræði, sem duga:

Um þú skeyta mátt sem minst
ment og göfugt sinni;
það er að segja ef þetta finst
þá í veröldinni.

Í danshöllum undu þrátt;
ei þá skemtun brestur.
Framar öllu forðast mátt
fræðibóka lestur.

Bækur lesa' ei »modern« menn,
meir á skemtun gjarnir.
Þetta gera ei aðrir en
iðjuleysingjarnir.

Allur þeirra eyðist því
innra mannsins styrkur.
Bækur leiða andann í
efasemda myrkur.

Nöfn ef þekkir nokkrum á,
nægjanleg er gylling.
Heims þig vinir halda þá
hámentaðan snilling.

Vertu aldrei úti' á braut
of mjög niðurleitur.
Eins og ríkis-ráðanaut
reyndu að verða feitur.

Ef þér þykir ístran smá,
ættir magann dýða.
Framan á sér fullvel má
fela lítinn þúða.

Þú ef girnist yfir allt
auð og metorð fanga,
samvizkuna svæfa skalt,
síðan verks til ganga.

Hún er svoddan keipakind,
kann þér máske snúa,
hitt og þetta segir synd,
sem þú mátt ei trúa.

Til að geta lengið féð,
framkvæmið þarí að sýna.
Reyndu öllum ráðum með
'eita' í pyngju þína.

Hún ber lífsins hnoss sérhvað.
Hafðu það í minni,
þó þú stundum þursir að
þoka manndygðinni.

Viðskiftum við aðra í
á þig láttu' ei snúa.
Ef þú hefir hag af því,
horfðu ekki í að ljúga.

Auðna þin svo eflist há,
ekki máttu fresta
höfðingjanna hylli ná;
hún er stöðin bezta.

Sem jafningja sinn ef þig
sízt þeir kannast viður,
lát þér nægja lægra stig;
legstu' á gólfid niður.

Þá lát hafa þig að hund.
Það er nokkur réttur.
Ef þeim hrýtur moli úr mund,
mjög vel ertu settur.

Í samræðum aðra við
ei mátt keppinn vera.
Minst sem skýra málefnið
mest er um að gera.

Peirra skoðun þektu fyrst;
þína láttu blíða.
Ef þér tekst þá leika list,
lasti þarftu ei kviða.

Vertu þar sem vald er mest;
varast hlutann inni.
Eftir því, sem borgast bezt,
breyttu stefnu þinni.

Ef þig máltið fýsir fá
í flokki heldri manna,
hallaðu' ekki hársbreidd frá
háttum borðsidanna.

Lífsvirðinga listann í,
lærður gentle-maður,
exameni eftir því
ertu nóteraður.

Gleyindu' ei kirkju að ganga í.
Guðshús sé þinn staður.
Allir vita þá af því,
þú ert kristinn maður.

Tak þér sæti þétt við þil,
þar er bezt að vera.
Verður löngum — vill svo til —
vökuna þungt að bera.

Fæstir þarna fá þig séð.
Falin draumakyngi
sálin bænabuldri með
berst í algleymingi.

Prangarinn ef þér hristir hjá
helga sníkjudaliinn,
máttu' ei vera minstur þá;
mundu það blessaður karlinn.

Koparsentin klingja verst.
Köld eru nikkel-slögin.
Silfurdollar syngur bezt
sáluhjálpar lögin.

Gullpeningur er þó enn
öllu girnilegri.
Hljóm hans meta helgir menn
himinröddum fegri.

Svo þig fyrir mikinn mann
meti fólksins grúinn,
ávarpaðu aldrei þann,
illa sem er búinn.

Förðast alla, er eiga bágt,
ærukrenkta líka.
Varast eins og eldinn mátt
umgengni við slíka.

Fátækum ef mæta mátt
— má það varast enginn —
horfa skaltu í aðra átt,
unz er fram hjá genginn.

Á þvílíkum eymdagrip
ei þá smittast getur.
Ramt háðbrots með reigingssvip
reynist stundum betur.

Ef þú rekja heyrir hann
 harmatölur sínar,
 láttu einhvern andskotann
 upp í hlustir þínar.

Ef þú rækir ráðin töld,
 raunir varla бага.
 Heiður, Irægðir, fé og völd
 ferðu alla daga.

Lánleysinginn.

Ungum, gömlum, konum, körlum,
 kynst sem fékk eg lífs,
 eg hef verið ætíð öllum
 efni bóls og kifs.

Mér þá einhver virða vildi
 vinar rétta mund,
 ólánið hann ei við skildi
 upp frá þeirri stund.

Hvað mun slikum heiftum valda?
 Hver eru sóknargögn?
 Hvers á eg svo grátt að gjalda,
 grimmu lífsins rögn?

Heimskudómar.

Ef leikmaður í ljóðum eða riti
 nú lætur heyrast nokkurt frumleiksyrdi,
 og þó það jafnvel þrungið sé af viti,
 burt því er fleygt, og kallað einkis virði.

En komi út bók — þó kosti fáa beri.
 og kenning úrelt línu hverja fylli —
 sem skrifað hefir skólasmoginn héri,
 þá skjallið glymur landshornanna milli.

Því fólkið hugsar: Hann er lærður maður
 og hlýtur því að vita hvað hann segir.
 En alt er þetta að eins vana-smjapur,
 á engu byggðir dómar heimskulegir.

Þó utan á sé ótal kolur festar,
 hið innra myrk er löngum sálarkytran.
 Í lífsins skóla finnast greinar flestar
 af fræðum þeim, sem gera manninn vitran.

Sem flughár örn varð aldrei heiniskur drekin,
 með annarlegum þó sig skreytti fjöðrum.
 Sinn frumleik missir, mjög ef endurtekin,
 hver meining, sem að lánuð er frá öðrum.

Að litlu gagni lærdómspulur eru,
 ef lífsins alla vantar sanna þekking.
 Slik ytri gylling er í raun og veru
 sem augnatál og fánýtt glys og blekking.

A vísdómsleið hinn lærði' — ei slíkt má dylja —
 oft lengra kemst — en stundum litlu munar —

því skólanám, með skilning æft og vilja,
er skemri braut á leið til fullkomnunar.

Það á að vera ljós, sem mönnum lýsir
að leita' að hinu gófga, lagra og sanna.
En hversu margir munu' ei, sem að fýsir
að inoka við það haugina gullkálfanna?

Þið leikmenn, sem að vantar ekki vitið,
það vel að nota skyldan ykkur býður.
Í herrans bænum hugsid, talið, ritið,
já, hvað sem öllum sleggjudómum liður.

Skrimслиð.

Hvað nefndur er óvættur nútíðar sá,
er næstum öll félagsbönd slitur,
sem kveikir upp mannhatus kveljandi þrá
og kærleikans frjóanga brýtur,

Sem gereyðir samhygð og eittrar hvert orð
og einkenni er spillingar mesta?
Það skrimсли er hann Rógur, sem margt fremur morð
og mannkynsins bölvun er versta.

Því margir þeir eru, sem mannlífs um haf
þeim mannvonzku steytt hafa' á boða
og hjálpvana' að síðustu sokkið í kaf.
Þau sjórek má alstaðar skoða.

Og varla' er til nokkur, sem varast hann má,
því voðann í blíðmælum dylur.
Og hann er það blindsker, sem brýtur ei á,
sín bolverk í djúpinu hylur.

Hve margir þeim óvætt hafa' orðið að l-ráð,
í algleymi tímans er falið.
Svo gamall yrði' enginn, þó glögt væri skráð,
að gæti þær miljónir talið.

Af völdum hans margur, sem fullhuga fyrst
sínu framþráarstriki hélt beinu,
hefr sókninni slept og alt sjálfstæði mist
og síðan ei orðið að neinu.

Með láeinum álygum oftsinnis má
í ógæfu fáráðling toga,
því ellst getur neistinn, sem auga vart sá,
og orðið að skaðræðis-loga.

Ein einasta getsök, til áfellis sett,
sem ilskunnar fræ nær að dafna.
Og illgresið vel getur orðið svo þétt,
að ilmjurtir gervallar kafna.

Og löngum eitt brigslorð hins lævsa manns,
í launkrök er hræddur sig dregur,
er handþægast morðvopnið mannleysingjans,
í myrkri' er að saklausum vegur.

Eitt einasta spégloft til óbóta má
hins ókenda tilfinning særa.
Ein svipbreyting rógberans andliti á
er oftsinnis dularfull kæra.

Eitt lastyrði' er andlegur áverkí smár,
er allflestir reikna sem skeinu,
en vel getur orðið svo voðalegt sár,
að verði' ekki læknað með neinu.

Eitt niðrandi glensorð er nálstingur mjör,
sem naumast er hirt um að skoða,
en getur þó orðið sem átumein stór,
hvar alls engar lækningar stóða.

Eitt einasta hundsgelt má orsaka það:
Hinn ókunni', er ferðast um veginn,
er umkringdur gráðugum greyhundavæð
og glepsandi hrætónum sleginn.

Einn burt tekinn stafur, eitt ofaukið ó
þá umbreyting gerir á tölum,
að satt verður lýgi, lofsorð að rög,
og lifið að brennandi kvölum.

Þú lastanna sonur með lunderni kalt
ert landplága þessum á dögum,
sem leitar og skimar og læðist um allt
og lifir á hvíslinga-sögum.

Lýgin.

Ó, vei þér lýgi! klækjakind,
af kristnum of hált metin,
þú djöfulborna myrkramynd,
í mannsins heila getin,

pú friði rænir lírða' og sprund
 með fláu höggorms sinni.
 Því sérhver lífsins sálastund
 er saurguð návist þinni.

Hræfuglaþing.

Hræfuglarnir héldu þing
 heimskunnar á þöllum,
 sekan dæmu sakleysing,
 smátugl einn er flaug í kring
 og söng um helga svivirðing
 sannleiksrómi snjöllum.

Herjans mengi hefndasvangt
 heift lét engu sparda.
 Sekt að lengi' ei sýndist rangt,
 með sóp að flengja' ei nógu strangt.
 Nokkrir gengu loks svo langt,
 að láta hending varða.

Hrafninn rómi hásum, krá,
 hljóðs sér það á þingi,
 fólsum glyrnum gaut á ská,
 glenti vélið búknum frá;
 hrokinn sat í sveppum á
 svörtum uppskalningi.

Söngfugl þenna, krummi kvað,
 klerkar ættu' að flengja;
 háðulegt því held eg að

hafi straffið verðskuldað;
 isjárvert þó ætla' eg það
 ófétið að hengja.

Mín er jafnan meining föst;
 mér það líkar ekki;
 átt það getur eftirköst;
 ýmsir kalla glæpalöst
 að skjóta jafnvel skógarpröst.
 Skárra ráð eg þekki.

Fann eg hvar hans fylgsni var
 fram á dal í vetur.
 Ættum króa' 'ann inni þar
 og af honum reita tjaðrirnar.
 Úr því kemst hann ekki þar
 eða sungið getur.

Ekki mun hann oftast þá
 okkur verða að meini.
 Hægt er líka eftir á
 af honum snodinn bjórinn flá;
 og átuna, nafnar, krá — krá — krá,
 kroppum svo í leyni.

Tillagan var krákum kær.
 »Kings« frá eg þær syngi.
 Karlflokkurinn öskraði ær
 »amen«, síðan skelti á lær.
 rólin svo með flentar klær
 flugu' af kjaftapingi.

Bátstapinn.

Sjómenn nokkrir síðla dags
sátu fram á þorskaslóðum.
Allir höfðu leitað lags
líkt, og reynt til eigin hags
fiskjar afla færi með og lóðum.

Jón í Seilu vanur var
við að hafa mesta hlutinn;
þenna dag, sem borðið bar,
búinn var á lóðirnar
fylla bæði framrúmið og skutinn.

Auðnan skiftir aflaplóg
ójafnt, þó að séu bræður;
báðir renna blint í sjó;
betur annar dregur þó;
önglafjöldinn einnig miklu ræður.

Sérhver úti' á söltum mar
sinna veiðibragða neytti.
Björn í Vikurbúðum þar
á bát með öðrum manni var
færi með, og fúlum ræksnum beitti.

Polinmóður rendi' í ró,
rykti' í vaðinn bezt er kunni.
Loksins fáa fiska dró;
leginn sagði hann: Það er nóg
máltíð handa mér og ljölskyldunni.

Sagt er lofts í sólum hám
 sé ei lengi að breytast veður,
 allra helst á ægi blám;
 undir þar í djúpi rám
 sævarnornin seiðpulurnar kveður.

Pegar sneru loks til lands,
 loftið belgdist vindaflogum.
 Ferleg Ránar flögð í kran s
 feigðartryltan stigu dans,
 þöndu brjóst með pungum heljarsogum.

Stríð er heyja hólmi á
 höfuðvöld með reginafli,
 vorum eigin veikleik hjá
 voðalegir eru þá
 leikirnir í lífs og dauða tafli.

Fleyin smáu um hrannarhvel
 hafaldan í örmum vafði.
 Björn sér litur búið hel.
 Baturinn ei þoldi vel,
 seglfestu því sáralitla hafði.

Hvolti bát, en bráðnm ná
 báðir kjölum vonum fremur.
 Hvergi mundi hjálp að fá,
 hugðu þeir, en í því sjá,
 siglandi hvar Seilubóndinn kemur.

Hrópar Björn og viknar við:
 Vinur! Nú með hreysti' og dádum
 guðs í nafni legðu lið,
 lægðu segl og hægðu skrið,
 bjargaðu' ökkur aumingjunum báðum.

Seiluhóndinn svarar þver:
 Sár-vorkent þó geti' eg yður,
 ómögulegt er það mér,
 ofhlaðið því skipið er
 til að venda' og taka seglin niður.

Fara varð hann fyrst til lands,
 tengnum afla að sjá vel borgið.
 Heldæmdur gaf ekkert anz;
 andvarp síðsta' af vörum hans
 blandaðist við hölpungt hrannarorgið.

Lægði um kvöldið kólubað;
 kyrt varð eftir veðraslaginn.
 Komnir voru allir að
 utan Björn, en flestir það
 töldu vist, að drukknað hefði um daginn.

Herma' af því, sem hafði skeð,
 heimkominn ei nokkur veldur.
 Allir svara einu með,
 enginn hafði bátinn séð,
 Seilumenn og sjálfir ekki heldur.

Henni', er beið, sú harmafregn
 hugarkvölum sárum oli,
 eins og helkalt haustdags-regn
 hjúpinn lífsins smaug í gegn;
 titraði sérhver taug af kviðahrolli.

Táralaus — ei grátið gat —
 gæta var hún enn að honum;
 ekkaprungin úti sat,

inni hafði' ei nokkurn mat
handa fjórum lóðurleysingjunum.

Jón í Seilu sjaldan fann
sanna þörf að miðla forða;
sama kvöldið sendi mann
samt með nokkra fiska hann
til ekkjunnar, sem ekkert hafði að borða.

Einhver nokkru síðar sá
sjóvelkt lík í fjöru rekið;
skamt frá lendingunni lá
landi Seilubóndans á.
Heim til sín því hann það lætur tekið.

Líkið kalda kundu þar
— kviði nagar hjörtun smeyku.
Þetta Björn frá Búðum var.
Báru svipinn angistar
allar taugar ásjónunnar bleiku.

Bóndans ríka breytt var lund;
bygðarmenn það furðar hina.
Ekkjunnar hann lór á fund
— fyr svo græddist hjartans und —
sagðist skyldi sjá um útförina.

Komið var til kirkjunnar.
Klerkur heldur ræðu langa,
hjatnæma, sem vandi var.
Við þann austur mælskunuar
fossar tára falla' af hverjum vanga.

Par var ekki á orðum stans;
andlegu þá rigndi »Manna«.
Vel hins dauða minst var minns,
mannkosta og dygða hans,
hæfileika' og lyndiseinkennanna.

Ættar hans og ekki sízt
ástæðnanna þurfti að minnast.
Fátækur þó væri, víst
viljað hafði, 'og jafnan fýst,
kristilegri köllun trúr að finnast.

Næst með orðum þakkar þá
þeirra mintist dánumannna,
helgibaukum hjartans frá
hjálparsmýrsl sem báru á
harmasárin hlutaðeigendanna.

»En þó«, sagði' 'ann, »allra bezt
ástarþökk vér færum varma
þeim, sem hefir hjálpað mér,
honum, sem hinn dauða gest
milda tók á mannkærleikans arma.

Gjöfum þerði grátnar brár
göfuðmennið dygðarika.
Færri myndu falla tár,
fleiri græðast harmasár,
ef að landið ætti marga slíka«.

Eftir það til ekkjunnar
orðum prestur sneri og sagði:
»Í... er greinin huggunar:
Her ann allrar miskunnar
byrði' of punga' á börn sín aldrei lagði.

Þú, sem grætur góðan mann,
grúfðu þig við drottins fætur.
Þá, sem elskar, hirtir hann,
hina, sem hann litir ann,
sjálfráða i solli heimsins lætur.

Övörum á ýmsan hátt
ástvinanna skiljast vegir.
Drottins náðardómar þrátt
dauðlegum, er skilja fátt,
eru mönnum órannsakanlegir.

Himnaförin.

Klerkur dó og komst til himins sala
um kvöldið, þegar fólkið var að háttu;
við hinn æðsta vildi fá að tala.
Var það leyft, þó farið væri að náttu.

Fram til dyra fylkir himins skara
fer, því gestinn vill ei láta bíða,
spyr að heiti, hvað hann sé að fara,
hvi hann beri mussu svona víða.

Eg er, sagði' hann, alfaðirinn mildi,
einn af þínum dyggu sauðasmölum,
hjörðina sem verja ætíð vildi
vargakjöftum niðri' i jarðardölum.

Og eg held mér allvel tekist hafi
öllum skila', er gæzlu þáðu mína,

oft þó væri ataður með drafi
óguðlegra villutrúar-svína.

En eg þagði' og þolinmóður barðist,
þó að stundum tómur væri maginn;
grimmum úlfum aftan og framan varðist,
unz eg hneig í valinn hérna' um daginn.

Þá um leið eg bergði' á þínu blóði,
bjartan opnast sá eg himnavegin.
Nú er eg kominn, náðar herrann góði,
nestislaus og rifinn báðumegin.

Pannig okkur launar jarðarlýður
leiðbeining að þínum helgidómi. —
Gat ei varist brosi drottinn blíður,
bráðlega þó sagði' í fullum rómi:

Það er ávalt sama gamla sagan;
sultarvæl og dapur betlikliður.
Hempuna þína hengdu þarna' á snagann;
holað skal þér einhverstaðar niður.

Trúarjátning.

Um bölsýni' og vantrú fyrst brugðið er mér,
þá bezt er að játa það sanna:
Eg trúi' eigi' á guð þann, sem upprunninn er
af imyndun hálfviltra manna.

Eg trúi' eigi á guð þann, sem leikur þá list
að láta menn auðgast á þýfi,
sem fáraðling æsir til óhlýðni fyrst,
svo eftir á tekur af lífi.

Eg trúi' eigi á guð þann, sem bræðin svo beit,
um byggðir sem óvættur þeysti,
sem ómálga börnin af brjóstunum sleit
og barði til heljar og kreisti.

Eg get eigi tignað þá týrannastjórn,
sem talaði: veikum ei hlífð,
af karlmönnum heimtandi kiðlinga fórn,
af konunum æruna og lífið.

Eg trúi' eigi á guð þann, sem Gyðinga þjóð
lét geisa' inn í Kanaans ranna,
sem Libanons villidýr lepjandi blóð
úr lifæðum saklausra manna.

Eg hata þann guð, sem að hrindir sér frá
þeim hrösuðu' og viltu með glotti
og hálfsoðna, spriklandi horft getur á
í helvítis vellandi potti.

Að þvílíkum guðum mér geðjast ei hót
með grimdina' og harðneskju sína.
En svo eru hinir því hjartkærri' á mót,
sem helga eg lífsskoðun mína.

Hinn einasta drottinn þann allstraum eg tel,
sem alheims að hreyfingu vinnur
og lífspræði fjölbreytta' í frjóvgunarvél
úr framtægjum eðlis síns spinnur.

Að upptökum komist þess allsherjar straums,
svo enginn er vitringur svinnur;
á hugarins flugi' og í hamföllum draunis
þau hvergi til eilíðar sinnur.

Eg dásama kraft þann, sem dáðleysisnótt
burt drífur með hugsjónabáli,
en sálina fyllir með sjálfræðisprótt
og sannleikans heilaga máli.

Eg elska þá fjölhæfu fegurðardis,
sem fædd er í ljósanna geimi,
er skær eins og sólin með roðanum ris
og ríkir í listanna heimi.

En háleitast aflið, sem helgast er mér,
og hugfanginn andi minn lýtur,
það vermandl kærleikans uppsprettan er,
sem aldregi tæmist né þrýtur.

Eg tigna þann ylstraum frá eilíðar sæ,
sem elskunni gróðurmagn veitir,
er helkulda lífsins í himneskan blæ
og hretinu' í sumardögg breytir.

Við inndæla nálægð hans ástblómið grær,
sem einingu hjartnanna styður;
því alstaðar þar, sem hann áhrifum nær,
er ánægja, rósemi' og friður.

Og aldrei þar brestur hans guðseðli glæst,
er göfugum birtist í myndum.
sem nýtur sín bezt, þar sem neyðin er stærst,
og nærast af miskunnar lindum.

Að útmála kærleikann eigi' er eg fær,
 því enginn er kraftur hans líki;
 og þegar hann völdum i veröldu nær,
 hún verður að sælunnar ríki.

Þá liður um jörðina lífsvaki nýr,
 sem ljómandi sólroðin bára.
 En hvenær það verður — ó, drottinn minn dýr!
 Það dregst vist um miðjónir ára.

Ókindin.

Sá maður, sem tileinkar grimmustu glæpi
 þeim guði, sem þykist hann treysta,
 með andlyfi fólskunnar fúslega dræpi
 — ef fengi — hvern kærleikans neista.

Sem betur fer, mannkind svo fíandlega fengin
 er fágæt, þó heimur sé ríkur.
 Því fær veit eg kristinn, og ókristinn enginn
 er óburður myrkranna slikur.

Ef uppi hjá Kristi á ódáinslandi
 það illyrmi gistingu fengi —
 þó himininn misti, hver ærlegur andi
 þá óðar úr vistinni gengi.

Alt breyttist.

Um heiminn ef þú lofgerð reynir ljóða,
þótt leirhnoð sé, þú gullskuld verður þjóða.
Ef býður þér að benda hans á galla,
þig hölsjónamann heimskingjarnir kalla.

Ef kenning þína' ei þekkist hlutinn stærri,
er þegar vist, að hún er sönnu nærri.
Þvi sannleikurinn særir hégómleikann
og siðfágunarlitinn gerir veikan.

Ef nokkra sinnur nýja gróðavegi,
þitt nafn er ritað gulli frá þeim degi.
Ef bendirðu' á að bæta kjör hins snauða,
þú brennimerktur verður fram að dauða.

Þvi sjálfbirgingar hræsnis klæddir hjúpi
í hópum rísa þá úr mannlífs djúpi.
Hver göfug hugsun grýtt er, strax og fæðist.
Ílvern geisla sannleiks myrkrakindin hræðist.

Þó heimskir geri háð að stefnu þinni,
ei henni skaltu sleppa nokkru sinni.
Þvi sá er brýtur sundur vanans hlekki
er sannur maður, þó hann heyrir ekki.

Svo leita fram, og lát ei á þig bíta,
þó lymskan kimi' og svinin heyrir rýta;
þvi vita mátiu', að sigur mun hið sanna
um siðir fá í deilum skoðananna.

Það hlægir mig — þó líði tími langur,
og lífs þá okkar þrotinn verði gangur
að líðinna' alda lygadrykkjuvina
af lýðnum veit eg rennur einhvern tíma.

Sú kemur tíð, þá gamla meinið græðist,
og góðfuglyndis Kristur endursæðist.
Sú kemur tíð, þá falski guðinn fellur,
og fagur lúður jafnréttisins gellur.

Sú kemur tíð, er háu sætin hverfa,
og heilar þjóðir konungsríkin erfa.
Sú kemur tíð, þá lagaréttur landa
ei lengur verður seldur hæstþjóðanda.

Sú kemur tíð, er fjárplógsrefum fækkar,
og flokkur vina mannjafnaðar stækkar.
Sú kemur tíð, þá ment og andans menning
er meira virt en gullsöfnunar-kenning.

Sú kemur tíð, þá meginglæpamóðir,
sú maurafíkn, sem kvelur allar þjóðir,
á báli verður brend af himineldi,
en bræðrafélag stofnað lífs í veldi.

Sú kemur tíð, þá leigðir böðlar laga
ei lengur fallna menn í hlekkjum draga.
Sú kemur tíð, er hefndarsvipan harða
í hjálpráð snýst og líknar mælikvarða.

Sú kemur tíð, er kvaldra manna verðir
að kærleiks triðarboðum munu gerðir
og fangakofaklefar viðurstygða
að kenslustofum réttlætis og dygða.

Sú kemur tíð, þá lögin ekki lengur
neinn leyfa að myrða, sem að villtur gengur.
Sú kemur tíð, þá eðllshvatir illar
með ást og mildi læknast eins og kvillar.

Sú kemur tíð, er hætta menn að hlæja
að honum, sem vill lífsins akur plægja.
Sú kemur tíð, þá fúnir stofnar falla,
en fagrir meiðir skreyta veröld alla.

Sú kemur tíð, er hrokanaut sig hylur
og hlutlaust lætur það, sem ekki skilur.
Sú kemur tíð, þá rykský heimsku rofna,
og ranglætisins hlífiskildir klofna.

Sú kemur tíð, er kjaftaskúmar þagna,
er kesknisfullar blaðadeilur magna.
Sú kemur tíð, þá reynslan sanngjörn ræður,
og ræða menn um lífið eins og bræður.

Sú kemur tíð, er sannleikann að segja
fær sérhver, án þess verða stríð að heyja.
Sú kemur tíð, þá miðlað verður málum,
og mannvit reynt á sannleiks vogarskálum.

Sú kemur tíð, er dvina sleggjudómar,
og dofna taka rógfréttanna hljómar.
Sú kemur tíð, þá kærleiksdisin bjarta
úr klakaböndum leysir mannlegt hjarta.

Sú kemur tíð, er álýgin hin illa
ei elskendanna sælu nær að spilla.
Sú kemur tíð, þá tálin gyltu þrotna,
en trygð og ást og frelsi' í eining drottna.

Sú kemur tíð, þá óvızkan fær ekki
neinn anda bundið nauðungar í hlekki.
Sú kemur tíð, þá tilfinningar manna
ei troðnar verða fótum niðinganna.

Alt trúar-humbug þá mun verða protið,
og þrældóms helsi sérhvers anda brotið,
en kærleiksboðorð kent frá sannleiksstóli,
og kirkjan orðin barna'-uppeldisskóli.

Það hlægir mig, þá gullsins dyngjur grynna,
af guðs náð engir miljónar r finna,
og morðingjar af valdastóli velta,
en vitringarnir loksins hætta að sveina.

Meinskygni.

Þó fjölbreytist fjágróðavegir,
og framförum mangarar hæli,
þá, hvað sem hver heldur og segir,
er heimurinn ranglætisbæli.

Þess oft verður meinskygnum mönnum
að minnast í ádeilukvæðum;
en lukkunnar gjálífisglönnun:
ei gedjast að þesskonar fræðum.

Þeir neita' eigi að margt sé af meinum
á manntélags óhreina skroknum;
en láta þau spillast í leynum
er lífshefð hjá raunblinda flokknum.

Ef rætt er um rotnunardauninn,
það rögburður þykir og slaður,
og sá sem að kemur við kaunin
er kallður bölsjónamaður.

Peir segja, hver meinsemd og mæða
og mannraun, sem einstakling hendir,
sé ástgjöf frá alföðnr hæða,
sem óþægu börnunum sendir.

Þá náðargjöf þau skulu þiggja
og þakka með auðmýktartölum,
og varast þann stjórnara' að styggja,
sem straffar með eilífum kvölum.

Sá húsvilti', er hæli fær veikur
í hálmbing, þá liðinn er dagur,
hann segja skal: Lífið er leikur,
og ljómandi' er heimurinn fagur.

Sá klæðlausí, kominn að bana
og kalinn á fótum og hnúa,
skal raula með sönghreimi svana:
Í sólheimi gott er að búa.

Sá hungraði', er hálfboginn krýpur
og hundsleifar étur úr skarni,
hann hrópa skal: Drottins náð drýpur
sem dökk hverju syndugu barni.

Sá armi skal þolgóður þreyja
og þakka með ánægju sanna,
að enn hefir ekkert að segja
af áhyggjum peningamanna.

Já, þetta er kornfræið kristna,
frá klerkanna munni sem dettur;
en oft held eg vilji samt visna
sá visir, sem upp af því sprettur.

Því þann, sem um þverhnipta stalla
má þritugan hamarinn klífa,
en loks verður fjörvana að falla,
ei segurðar útsýnin hrífa.

Mér sýnist — þó samt megi hlíta —
að sá hafi lítið að þakka,
sem að eins fær beinin að bita,
en bannað er réttina' að smakka.

Að þiggja' og með þökkum að neyta
í þögn slíkra forsmánargjafa
er boðið; en háðung má heita
sú hræsninnar ofbeldiskrafa.

Því sjálfstæða meðvitund meiðir
og mannréttarsmán gerir vissa
sá böðull, sem barnið sitt neyðir
á blóðugan vöndian að kyssa.

Ein morknasta meinsemd er þjóða,
hve mörg er sú trúmálabullan,
sem hugsar sér höfund þess góða
svo harðan og ofstækisfullan.

Að mála svo alheimsins anda
fyr' ungsálum, blindum að mestu,
er sama sem brjóstamjólk blanda
með banvænisólyfjan verstu.

Pvi ekkert er vansæmi verra
 í veraldar blindinga-hreysi
 en krossfesta kærleikans herra
 með kenningar-samvizkuleysi.

Það ljárstætt er sannleika sönnum
 og synd, þó að ljölmargir drýgi.
 Og heill sé þeim hugsandi mönnum
 sem herja' á þá andstyggðar-lýgi.

Peir hrós ættu' og heiður að pigga,
 sem halda' uppi kyndlunum björtum
 og kærleikans blómreiti byggja
 í barnanna saklausu hjörtum.

Pvi hvar sem að gott er og göfugt,
 sig guðsmyndin speglar í sálum;
 en þar sem að eðlið er öfugt,
 er eitur í forgyltum skálum.

Trúin rétta.

Ef trúirðu' á aflið það eina,
 sem uppspretta kærleikans er,
 þá náðarbók þarft' eigi neina;
 það nægir til eilífdar þér.

Ef hugann og tilfinning hrifur
 þess himinsins vermandi blær,
 með friðarbyr fleyið þitt svífur,
 unz farsældarhöfninni nær.

Sá þyr, hann er stöðugur, sterkur,
að stjórninni lætur vel skeið;
en hvorki fær kirkja né klerkur
þig knúðan um hársbreidd þá leið.

Ástin.

Ást er lífsins andi hreinn,
upphafs vonardagur;
ást er hjartans óskasteinn,
engill sálar fagur.

Ef í hreinu hjarta grær
heilög ástin vina,
yfirbugar oftast nær
auð og drambsemina.

Óljós þrá.

Eg þrái alt og ekkert,
á ekkert, hef þó nóg.
Eg veit ei hvað mig vantar,
en vantar eitthvað þó.

Sú bezta gjöf.

Sú bezta gjöf, sem gefst um lífsins svið,
er góður maki, hvar sem búa þjóðir.
Sú versta plága', er flestum spillir frið,
er flá og grimm og kjöftug tengdamóðir.

Ólíkar konur.

Konan gretta, illsku-æra,
eykur kvöl um lífsins skeið.
Dygdug, sett og siðlát kæra
sykrar bøl og hverja neyð.

Konan stríðna, heimska, hrædda,
hjónakífið vekur svart.
En sú bliða, gáfum gædda,
gerir lífið sólarbjart.

Máttur eðlislaganna.

Frá lægsta maur til mannkindar
er meginedlið sama:
Sú girnd til áts og æxlunar,
sem engin valdboð lama.

Ójafnt leikið.

Ójafnt leikið því er þrátt,
það sem alla girnir?
Fljóðin veiku »falla« lágt,
friast karlmennirnir.

Ekki að furða.

Ekki er að furða, þó áhlaupi snurða
vorn orlagapráðinn,
þá hrekkvisir slinnar og hópar af flónum
á heimsrokkinn spinna með öfugum klónum.

Langt i land.

Pegar hógværð hrokann vinnur,
og heimskan þegja kann,
þá, en ekki tyrri, sinnur
fólkið sannleikann.

Gull-leitin.

Þú leitar gulls, en gull ei fundið getur,
um gull er þig á hverri nóttu' að dreyma.
En lát þér hægjar, littu eftir betur;
það liggur undir fótum þínum heima.

Ólögleg lög.

Hve margur hnaut á völugrýttum vegum,
sem varla mundi detta' á brautum góðum.
Og fyrir brot á lögum ólöglegum
er löngum hegnt hjá sannleiksblindum þjóðum.

Guðrækni.

Þjófahyskið saddi sig,
við soninn mælti hvinn:
Bið þú guð að blessa þig,
barn, og matinn þinn.

Tvirætt.

Kerling eitt sinn kát á rúmið sezt,
við karl sinn tér hún: Heyrðu, góði minn!
Veiztu hvaða bein mér þykir best
að blta? Það er hryggjarliðurinn.

Dýrkøptur friður.

El frið viltu semja við sannkristinn bróður
og sættast á skóðanir hans,
þú verður að herja sem vikingur óður
á veldi þins innra manns.

Til ofmikils mælst.

Ef hróparðu: Elskið hver annan,
eg álit sé gengið of langt,
en bjóð þeim, að bitist þeir eigi;
það boðorð er fullnógu strangt.

Hltinn í viti.

Svo heitt er hjá Satan — oss hermt er af prestum —
 ef hent væri sólinni vitis í hlóð,
 hún snögglega rynni með snarkandi brestum,
 sem snjóbolti þeyttur í logandi glóð.

Heimspékismoiar.

Letinginn, sem vill ei vinna
 verk, sem þarf að gera strax,
 lætur værdargirnd sig glinna,
 geymir það til næsta dags.

Ef svo fer hann ekki lifir
 annan dag á tímans gnoð,
 veit hann strikað verður yfir
 vanrækt lífsins skylduboð.

Sumir þetta sérvitringar skrifa,
 sem þó næsta fáir vilja meta:
 Þú átt að éta að eins til að lifa,
 en ekki lifa bara til að éta.

Ef haldið væri — hér því enginn gleymi —
 slikt heillaboð og deyddur vanans máti,
 þá yrðu færri hordauðir í heimi,
 og hinir líka færri, er spryngi' af áti.

Hellræði.

Pó hafir ei nóg tii næsta dags,
 þá nöldraðu' ei hót, en éttu strax
 með ánægju úr askinum þínum.
 Um ókomið hungur hugsa' ei par,
 en háttadu' og lestu bænirnar;
 því »sofandi gefur guð sinum«.

Leikarinn.

Hver svo þenna hráa hræði
 hugargraut?
 Það var sá, er líprast lærði
 að leika naut.

Hálfdrættingur heimskunnar
 var heima i skut,
 tii Ameríku fór og fékk þar
 fuilan hiut.

Ort tii vinar.

Undir rangri kærú.

Pú, sem skaptir ást og unað,
 ástarrika kærleiksmund!
 Þá sem freisi' er fyrirmunað
 freisa nú á síðstu stund.

Fyrst að varnir flinnast eigi,
 fyrir þig skal sókin lögð.
 Láttu sjá, að meira megí
 máttur þinn en djöflabróð.

Öfund.

Ef sárnar þér að heyra um annan hrós,
 þú heldur það deyfi sjálfs þins frægðarljós.
 Sér öfundin er ætíð sjálfri lík;
 hún annan kveist að sjá í nýrri lík;
 og þá er reynt það ráð, sem margur kann,
 að rífa upp þrekk og kasta' á náungann.
 En ef að saur er enginn fánlegur,
 hún atíð ferskt úr lyga-pyttum dregur,
 og eftir það svo ótt og títt er slett,
 að unt er varla að finna hreinan blett.

Fram af eyraroddanum.

Oft er gamall angurvær af því,
 áður hvað hann breytti fávíslega.
 En margur líka æsku villtist í,
 af því honum sagt var rangt til vega.

Gæta skyldu allir vel því að,
 óvarfærni' ei gera sér að vana,

Ef að bent er öðrum rangt á það,
öfl er sama' og ráða honum bana.

Afsökun.

Pegar vaka þarf um nætur
þar til klukkan 2,
ekki er hægt að fara' á lætur
lyr en hún er 7.

Heilræði.

Þeim sem hér vill lifa' i landi
litiis háttar ráð skai veitt:
Aldrei að vera óvinnandi,
eta hrátt og gefa ei neitt.

Viljiðu fá þá von af presti
að verða sáluhólpinn,
láttu hann sjá, að sértu bezt
safnaðarmálastólpinn.

Støling.

Skimping gefa skáldanafn
 í skrummáls hringju
 flnst mér sama og setja hrafn
 í svanadyngju.

Letter of pardon.

Mörg ólaga-háðung er eitruð og sár,
 en yfir tekur ríkisstjóraþréfið,
 þá saklausum, eftir sextán dómstrálsár
 í sakakompu, loks er — fyrirgefið!!!

Hann bæklaður, einmana' og bjargarlaus er
 í burtu svo rekinur úr kvalagrindum.
 Já, getur nú helmskan og harðneskjan þver
 á hærra stig komist hjá mannakindum?

Sitt hæfir hverjum.

Get eg ei láð, né gert af skraf,
 þótt göfgen anda kligi,
 þar sem loft er eitruð og
 óv'zkunnar mýi,

Ekki heldur ámælt því
 aumum flugukindum,
 þó þeim líði illa í
 upplýsinga-vindum.

Ritdómur.

Ljóðablaða las eg mergð,
 lítt um það vil greina,
 hvernig að þru eru gerð
 eða hvað þau meina.

Helzt er þó sem hafi' eg séð
 hylmdan skógarbandi
 blett algróinn, búinn með
 blómum óteljandi.

Hjöldinn grær með frábreytt lauf,
 fáein nær því mögur;
 sum eru ærið álitsdauf,
 önnur skær og lögur.

„Ólöf í Ási“.

Við lestur hennar.

Friðjónsson er flestum einbeittari,
 fordæmdirar þá ástar tekur svari.
 Djartari' ei neinn á drauga vanans striddi
 né dulrún betur kvennedlisins þýddi.

Frjálsræði.

Að finna hæli í frjálsum stað,
föng þó mælist illa,
helg er sæla hjá því að
hópin þræla fylla.

Öflugstreymi.

Sviðingana sólga metta
svitadropar fátæks manns.
Ágirndin er engispretta
í akurlöndum kærleikans.

Í græmju og gamni.

Verri' en gráðug hræðýranna hjörð
heims mér virðist sálarblinda þjóð.
Hefði eg ráð á himni bæði' og jörð,
held eg yrði duglegt syndaflóð.

Andleg harðindi.

Hjárænur og heillalittlar kindur
hræsnis naga frosin ýlustrá.
Alt er kalt, þar andans sunnanvindur
aldrei nær að þíða lífsins skja.

Vitnin þöglu.

Ýmsir þannig eru hér,
orð ei manni lána;
sannleikann ef bera ber,
byrgja tannagjána.

Ákvörðunarleysi.

Viljinn þó sem vindaský
á vængjum hugans þeysi,
nökkurs konar er það í
ákvörðunarleysi.

Mannréttindin.

**Þið, sem eruð valdir til að vinna,
vilið ei, þó kennið þreytu' og leiða.
Að líða vel er helgur réttur hinna,
sem hafa verið kosnir til að eyða.**

„Vöntun gæða“.

**Fólkið þó af fýsnum kýlt
fremji lesti skæða,
veiztu? Það er ekki ilt,
að eins vöntun gæða.**

Grafskrift.

**Hann var léttur heims á vog,
heyrnarlaus og gleyminn,
matgrádugur, montinn og
mikið upp á heiminn.**

Prestleysi.

Himins beltarhúsum frá
hrópað er á vörðinn.
»Jórturtuggu jeg vil lá«
jarmar gervöll hjörðin.

Óhapp.

Svo ölvaður klerkur var eitt sinn á fold,
— »ja, því er nú miður að þetta er satt«, —
þá henti' 'ann af rekunni heilagri mold,
á hausinn í gröfina datt.

Litið hjá öðru stærra.

Pó fagur sé heimur og sviphýr að sjá
í sóldísaríðminum klárur,
í veruleik að eins er vindbóla smá,
sem veltur á eilífðar bárum.

Grafskrift

hins ofrika.

Maður fór til myrkrarikja,
Möndull þúsund véla;
lengur var ei leyfi að svikja,
ljúga, ræna' og stela.

Aldrei of varlega farið.

Taktu' eigi mark á ræðu' eða riti,
þó rökskil sýni og lýsi viti.
því skeð getur að það sé eltir þann,
sem aldrei náð fyrir heimi fann.

Hávaði.

Peir námtúsu aumingjar eiga hér bágt,
sem eru seinir og heyrnartregir;
því mælgín og fávizkan hafa svo hátt,
það heyrir ei neitt hvað vitið segir.

Niðurþróun.

Í höfðinu forðum vitið var
og vann að bótum;
en nú er það orðið alstaðar
í afturfótum.

Kraftaverk skáldsins.

Að smíða úr efni svo í stuðlum standi
ei stór er llst, þó margur dáist að;
en skapa efni er öllu meiri vandi,
og enginn nema skáldið getur það.

Upp og niður.

Mig fýsti hátt á foldu,
fyr er barn eg lék.
Nú lýt eg lágt að moldu
með lamað hugarþrek.

Ef langt er milli landa,
þarf leiðarsögu-stein.
Í pungu stríði standa
þarf sterk og þolin bein.

Ættjarðarást.

Lýðir þó í landið nýtt
leiti gæfu sinnar,
flestir munu minnast hlýtt
móðurjarðarinnar.

Pagnarlist.

Vandi' er að hlaða stíflugarð, svo standi,
en stíflugarð að brjóta' er minni vandi.
Ef list er að hafa sífellt nóg að segja,
þá samt er meiri list að kunna að þegja.

„Heldur leirugt jef mér gull“.

Virt skyldi meira vit í stirðu máli
en vansköpuð hugsun í málfræðisprjáli.

Eg heldur kýs vizkuna' í húðstaknum lúða
en heimskuna' í forgyltum rósamáls-skrúða.

Nýi búningurinn.

Nær sem þú hittir nýlizku mann,
á nýja búningnum þekkirðu hann;
um brjóstið keðjubaugar gullnir hringla,
við beran rassinn skuldakröfur dingla.

Sárt og sætt.

Ad horfa, mey, á rósaroðann kinna,
svo reginlagran, skifta litum hreinu,
og brendur vera báli augna pinna
er bæði sárt og dýrlegt — tvent í einu.

Kyrsetan.

Andann getur knúð í kaf
kyrðarsetan langa.
Pegar veturinn er af,
ætti betur ganga.

Næðingur.

Nú þótt skýjanornallð
Norðra drýgl kuldaróminn,
brosið hlýja vorslins við
vakna að nýju föggu blómin.

Þó að vonarsól um sinn
svörtum hyljist kólgudróma,
eltir bylinn afstaðinn
upp hún ris með nýjum ljóma,

Um kosningar.

Öll þó séu alin dýrin,
oft þau misjafnlega þrífast.
Enn er borin county-kýrin;
kálfarnir um spenann rífast.

Örvænting.

Eintómt myrkur er að sjá;
enginn vonarbjarmi.
Hugurinn tæpir að eins á
örvæntingar barmi.

Breytileiki.

Glatt þó skini, gættu' að því,
gleðisólin manna,
lóngum harma liða ský
loft um viðhurðanna.

Beztu hnossið.

Eg eitt velt hnossið æðra hverri gleði,
og á við það ei jafnast getur neitt.
Það er að sofa á sínum eigin beði
í sæluró, er nóttin ein fær velti.

Ritningargrein.

Girndin af sér getur synd,
girnd ef fær sinn vilja,
syndug verður sálin blind,
synd ef nær að dylja.

Ahrif uppeldisins.

Ef börn eru hlýðin með hæglætisróm,
 þau heimilið prýða sem velræktuð blóm;
 en hin, sem að spillast og fræðslu' enga fá,
 þau trjógast sem illgresi veginum hjá.

Nýja kynslóðin.

Ef talar við ungan mann alvörumál
 um einkunnir lífsins, þá dattar hans sál;
 en ef að þú talar um daður og dans,
 þá dillar af unun hver tilfinning hans.

Ellin.

Oft af trega ellin rær,
 orðið dregur: jæ-ja,
 ómurleg og angurvær,
 aðrir þegar hlæja,


Finst þess yngra ærslaflog
 alt í kring sig geysi,
 tepur, glingur, tildur og
 tilfinningarleysi.





MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

Hún ei sinnir heimsins gný,
hendir ginningunni,
gleði finnur að eins í
endurminningunni.

Svefninn.

Hve sælt er preyttur sér að halla beði
og svefns í örmum hvíla fjarri glaum,
þar sem hvorki glepur sorg né gleði,
gleymsku rósemd býr í þöglum draum.
Ó, sú hressing! — Svefninn, hann er sætur,
sjónir drauma margbreytt gátuspil.
Langar mundu lífsins verða nætur
lúnum þræl, ef væri hann ei til.

Gullin týnast.

Barns í geði blikar gleðisólin,
meðan skyggja engin á
undirhyggjuskýin grá.

Lífs í vist þá leggur fyrsta sinni,
vekur margt í brjósti brátt
bernskuhjartans vonarslátt.

Enga blekking æskan þekkir glaða.
Um að kvarta' er ekki neitt,
alt er bjart og rósum skreytt.

En það gengur ekki lengi svona.
Hverfur óvart heims í klið
hugarró og sakleysið.

Í legu.

Angrið sker og andinn klagar
undir þanni.
Langir eru legudagar
lúnum manni.

Kviða fyllist brjóst, að bera
bölraun marga,
liða illa og að vera
ósjálfbjarga.

Skemtun smækkar skjótt, en hækka
skuggar þéttir
Sorgar stækkar sorti', en fækka
sólskinsblettir.

Burt er tekin trygga þráin
til að ljóða;
viljaprekið veikt, og dain
vonin góða.

Lífs und hlekkjum limir kreptir
lágt sig beygja.

Þá er ekkert annað eftir
en að deyja.

Angrið dynur,
andinn stynur
einkis til, því nokkur vinur
finnur eigi,
einn þó deyi,
einstæðing á förnum vegi.

Mætti eg að eins.

Mætti' eg að eins yrkja og skrifa,
ó þá væri gott að lifa.
Þá skyldi ég, svei mér, sýna
á svörtu og hvítu skoðun mína.

Þá eg mundi hætta að hafa
hugann bundinn þrældómsklafa.
Frjáls hann skyldi fá að sveima
fram og aft'r um lífsins geima,

Þyrstur drekka' af lærdómslindum,
lífð skoða' í ótal myndum,
draga svo með dráttum skýrum
dæmin úr heimsins æfintýrum.

Fuglinn vængbrotni.

Sumardegi einum á
út' eg gekk á láði.
Morgunsól um land og lá
logageislum stráði.

Hrifinn lengi horfði' eg á
hátíð vorsins kæra.
Merlum lík á blóma brá
blikaði döggin skæra.

Lífs á hörpu lofgjörð þá
léku þúsund munnar.
Hvílík dýrðar sjón að sjá
sælu tilverunnar.

Fugla svifu tylkingar,
— frelsi sumars boða —
gegnum loftið, laugaðar
ljósum morgunroða.

Hugarsáttir liðu lágt,
léku í bláu tómi,
svifu hátt og sungu dátt
sætum engilrómi.

Peirra leið um loftið þýtt
ljúfur gleði kliður.
Meðan sumir sungu blítt,
settust aðrir niður.

Óttalausir undu við
árdagsfegurð hreina

því að sanna sakleysið
sér ei hrekki neina.

Morðinginn í leyni lá,
leiður skreið til veiða;
unun veit ei æðri' en þá
eyða, meiða, deyða.

Á smáfuglinn einn hann skaut,
ei fanst vægð í sinni;
hitti' ei vel, en bara braut
bein í flugvélinni.

Fuglaskarinn þagnar þá,
þenur vængi smáa;
svika staðnum sóttu frá,
svifu um loftið bláa.

Særðum bróður sintu' ei par;
sérhver flúði' er kunni.
Svona aðferð alstaðar
er í náttúrunni.

Auminginn, sem eftir lá,
um nú brauzt að vonum,
örvæntingar-augum sá
eftir systkinonum.

Hver má lýsa loga þeim,
leynt er hjartað brendi,
eftir þeim þá út í geim
augum sínum rendi?

Nú er eina hjálpin hans,
holu' ef fundið getur.

Annars munnur morðingjans
meinleysingjann étur.

Veslings lugl í lelum þar
friðlaus hnípir lotinn,
því at illra vélum var
vængurinn litli brotinn.

Hann, sem löngum lofts um haf
leið of fögrum sveitum,
nú er feldur niður at
niðinganna skeytum.

Hann, sem lyrri hátt á grein
hreykti sér með kæti,
er nú falinn undir stein,
ef sér forðað gæti.

Hann, sem fyrri sætast söng,
sæll og vonarbliður,
drúpir nú um dægur löng,
daudans þögull biður.

Hann, með vinum olt sem ár
æfði gleðilögin,
aleinn nú sin tregatár
telur og hjartaslögin.

Löngum villist langt sá fer
leiðir ekki kunnar.
Svona stundum svikul er
sæla tilverunnar.

Brot

úr gamankvæði til G. H.

.
 Nú skal minnst annað á,
 eitthvað sem má hugann brýna
 til að hugsa um hagi sína.
 Tíðarfarlið fyrst er þá.
 Alt af versnar veturinn.
 Hér er elnn mjög hræddur orðinn,
 heyja segir 'ann minnar forðinn;
 bráðum sker eg bolann minn.
 Heyja fóru' á húsganginn
 hópar gildra sveitarstöða;
 enginn þótti þeim í voða;
 nóg var fóðrið — fyrst um sinn —
 nema að eins einum hjá
 bónda, sem að bygði' á sandi;
 bræðrum þótti margkunnandi
 heyin nóg ef helði sá.
 Ráðin honum réðu tvenn:
 Reka' í burt eða skera' að bragði.
 Bóndi pyktist þá og sagði:
 Naumast er, þið eruð menn!
 Labbið saman bæ frá bæ,
 mælið út með augum heyið;
 að ykkur hefði verið hlegið
 í Skagafirði, hæ! hæ! hæ!
 Þið komið til að kenna mér,
 kunnið þó ei sjálfir betur
 setja á hey og sjá út vetur.
 Margur lætur minna' af sér.
 Kaldar urðu kveðjurnar.

Peir snýttu sér og sögðu bara,
 sjálfur skollinn mætti fara
 sinn í stað að setja' á þar.
 Árna hjá var féð svo feitt,
 og full og spikuð sérhver hryssa,
 að sveitarnefndarhelstin hissa
 glápti' og talað gat ei neitt,
 velti þæra vöngunum,
 hélt þæu vissi' á heljarvetur,
 hét á Marju og Sankti-Pétur
 að afstýra þeim ósköpum.

Maður kominn mjög var hætt
 miðjum o'n úr bygðum fjalla,
 S— margir sem að kalla
 gárungar, þá í gamni er rætt.
 En hvað um það? Sú hetja frið,
 vön í slarki vetrarferða,
 veiddi' rjúpu' og þurfti' að verða
 af með hana í tæka tíð.
 Bordasleða bjó því út,
 batt þar niður rjúpnaskrokka,
 vetlinga tíu, sex þör sokka,
 mánastórt brauð og hanginn hrút,
 ost og hákarl, sem ei var nýr,
 sextán pund af súru smjöri;
 sagt er það meltinguna gjöri
 eins og Brama-Lifselexir.
 Útbúinn þannig þaut af stað,
 puldi hverja bæn, sem kunni,
 en sjálfri gleymdi' 'ann signingunni.
 Af léttuð ekki þó var það.
 Svona löngum samt við her
 undarlegt hjá ita kindum;
 einkum fyrir stórtíðindum

skeður margt, sem skritið er.
 Sledann gildur garpur dró.
 Grímar þögnu veðra tungur.
 Yfir fanna-fjala bungur
 sólin ljóma sínum sló.
 Hvergi sást á himni ský
 nema hnoðri, líkt og langi
 í laginu', eða reifastrangi,
 valt um loftið austri í.
 Göngumann ei grunar, hvað
 getur leynst í skýjabarni;
 sledann dró á sléttu hjarni,
 unz var komið kveldi að.
 Leit hann þá úr austurátt
 eins og flýgi flóki dökkur,
 fyllti loftið móðurökkur.
 Duna tók í hömrum hátt.
 Vargur tryltur vindaranns,
 vigður galdrakyngi hörðu,
 nú var kominn nið'r á jörðu,
 sleikti nestið sledamanns.
 Honum illa verður við.
 Malpokann ei missa vildi
 á miðri leið hinn orkugildi.
 Grána tók nú gamanið.
 Hleypur því sem harðast má,
 hugði sleda sínum bjarga
 greipum undan grimdarvarga.
 Nætur myrkrið nú datt á.
 Stormanornin rumdi reið,
 skók og hristi skýjahettu,
 skelfilega draugaglettu
 söng, er orti sjálf um leið.
 Flagðið hvítri froðu spjó,

frosinn andi stóð úr nösuni,
 yfir skafla kynja-kösuni
 nöprum kuldaþiátri hló —
 storð og himin stundu við,
 undir tók í álfahöllum —
 örum skaut af fingrum ölium
 skarpt og títt að Skuldar sið.
 Hlífariausa hetju þá
 hýddi vindastrokan kalda,
 eins og þegar þrungen alda
 skerjavöngum skellur á.
 Loks hann fann sinn dvina dug.
 Rökkrið mörgum raunum veldur,
 rosaijós og hræva-eidur
 hvæstu grímt með gneistaflug.
 Hriðarvætta' er viðsjáit spil;
 verður — þegar seiddinn efla —
 ægilegt um lífið tella
 svöngum manni í sortabyli,
 um hann þar sem alt í kring
 negraskrípi neðstu ranna
 og naktir svipir dauðra manna
 heyja ferlegt hrafnaping.
 Þannig voru kappans kjör,
 köldum hulin næturskugga.
 Ljós um síðir sá í glugga.
 Lífsvon eykur lamað fjör.
 Hitti þá. Í hiýju rúms
 hvildist nú sá nauða kendi,
 nestið át og heim svo vendi.
 Rjúpan biður ragnahúms.
 Fyrirgefið gamanljód,
 gallarik og stírið og mögur.
 Reyndar ættu svona sögur

birtast lands ' annálsóð.

Nú skal klykkja kvæðið út,
fyrst að þráðinn fékk eg spunnið,
fyr en út var ljós mitt brunnið,
á hann set eg endahnút.

Brúðhjóna minni I.

Af öllu því fagra, sem flunnum á jörð,
er segurstur elskunnar boðinn.
Hann heldur um ungmenna hugsanir vörð,
þá herjar að freistinga voðinn.
Sá verndunarengill er afmælisgjöf
frá alfdður mönnum og konum,
í dýrð klæðir lífið og dauðann og gróf
með draumbliðum sælunnar vonum.

Svo tvö þegar öfl, sem að ást eru háð,
sem eitt verða' á giftingardegi,
þá fyrst verður meikasta markinu náð
á mannlífsins alfaravegi.
Þið andar, sem vig. e. hafið ástinni í dag
og einingu hjartanna spunnið
og svarist í æfilangt samferðalag,
nú sigurinn hafið þið unnið.

Svo njótið hvort annars í óskiltri trygð
og öðru hvert leiðtogi verið,
sem félagi' í gleði, sem huggari í hryð,
í hugeining skyldurnar berið.

Þá verða mun sálunum samleiðin slétt
og sjóndeildarhringurinn fagur,
en helmilisumhyggjan leikandi létt
og lifð sem heiðrikur dagur.

Nú vinanna fylgi' ykkur árnaðarorð
með óskir um hagsældargengi,
og kærleikans aflíð, það kraftmesta' á stórð,
að knýi' ykkar hjartnanna strengi.
Hvar ástlin í brjóstum ætlið er ný,
þar ekkert má gleðinn' hægga;
en sambúðin verður sem himininu hlý,
og heimilið friðarins vagga.

Brúðhjóna minni II.

Brúðhjón kær! Vér árunum yður
allra heilla' úr gæfu mund.
Hagsæld, gleði, frelsi, friður
framtlóðar sé ykkar pund.
Hann, er samband sálna styður,
signi þessa gleðistund.

Ánægjunnar andblær varmi
ykkar leiki kringum braut.
Ræktið dygðablóm í barmi,
bezta sem er lífsins skraut.
Ljúft á vonarengils armi
aldurs berist fram í skaut.

Alla tíð hvort öðru verið
 yndi' og hlíf í sorg og hrygð.
 Fús hvort annars byrði berið
 blíðu með og hreinni trygð.
 Verður, ef þið glöð það gerið,
 gæfan ei á sandi bygð.

Vinir! Æ, að verma megí
 vonblið ást, þá næðir svalt.
 Ykkur hjá hún aldrei deyi,
 innra má ei verða kali.
 Hyggið að því. Hvar sem eigi
 hennar nýtur, vantar alt.

Par sem ástareldar mætast,
 ei á hjartans lindum frýs.
 Allar flækjur beiskju bætast,
 blessun himins þar er vís,
 sambúð hlý með hugpel sætast,
 húsið friðar-paradis.

Oft á tíðum bölvu bylur
 blæs sitt kvíðaprungið lag
 Ástin þiðir alt og hylur
 angursstrið með gleðislag.
 Hennar blíðubros og þur
 breytir hrið í sólskísdag.

Hún er æðri auðsins safni,
 öllu sem að lífið gaf.
 Með þann leiðarstein í stafni
 stefnu réttri' ei villist af.
 Dragið svo í drottins nafni
 djúpið á, sem lífs er haf.

Samsætiskveðja

til Jóhannesar Sveinssonar.

Um leið og vér kveðjum, þá vikur á veg,
þig, vinur og klúbb-bróðir glaði,
vor iðgun er sú — hún er sameiginleg —
að syngja þig vestur úr hlaði.

Við söknum þín allir, þá efnið er snautt
til umræðu' á skemtunarstundum,
og sökum þín líka þá sætið þitt autt
vér sjáum á starfsmálafundum,

En lifum í von um að vendirðu heim
með vorinu aftur til baka,
þá blóm eru vörnuð og birtir í geim
og brosandi fuglarnir kvaka.

Vér óskum, þig vermi hverja' einustu stund
sá eldur, sem huganum lýsir,
og leiði þig sérhverja milu við mund
þær mjúkhentu farsældardisir.

Þá fær þig ei tafið neinn tálmunarhæll,
því traustur er hamingjukraftur.
Í guðs friði, vinur, og vertu nú sæll
og velkominn til okkar aftur!

Til nýgiftrar konu.

Undir nafni annars.

Hve sælt að njóta sumardaga bliðu
við sólaryl og dýran fuglasöng,
með ástvin kærum sér við aðra síðu
að svífa létt um bjarkasala göng,
þar angan sæt af ótalpúsund blómum
með andvaranum berst að vitum manns,
og loftið titrar ljúft af unaðshljómum,
en lauf á greinum mjúkan stíga dans.

Hve sælt að mega sjá og skoða heiminn
frá sjónarhæðum vits og þekkingar;
hve sælt að mega svífa út í geiminn
á sannleiksvængjum lífsins rannsóknar,
og eftir langan unninn sérhvern daginn
í eigin ranni vinum búa hjá,
og síðast, þegar sól í hnígur æginn,
í svefsins örmum preyttur hvíld að fá,

Já, þannig verði þinnar æfigangur
með þýðum ástvin lífs á nýrri braut,
hvort stuttur verður leyfður eða langur,
öll lífsins gæði falli' í ykkar skaut.
Það verkið ykkar veri líf og yndi,
að vökva og rækta jurtir andlegar,
og vizkugyðjan blómsveið ykkur bindi
af björtum liljum sannrar mentunar.

En þá til enda lífsins dagur liður,
og lokið ykkar göfga starfi er,
þá aftanroðinn æfi, skær og blíður,

um andans himinn fagur dreifi sér.
 Að lokum, þegar sofnið hínsta sinni,
 og sálin upp til himins lyftir sér,
 í ljóssins sölum lífsins æðra finni
 þann lærdóm, sem ei fengist getur hér.

Silfurbrúðkaupsminni.

Sit heill, hinn aldni! Og heil, þú roska snót!
 sem hafið leyst af aldarljórðungs-starfið
 í hjúskapstíð, nú telur ykkar sjót
 hið tuttugastæ' og fimta sólarhvarfið.

Við komum hér með glatt og vinljúft geð
 — því gleðin jóla' er heilög hverjum manni —
 að heilsa ykkur heillaóskum með
 sem heiðursgestum sjálfs í ykkar ranni.

Hver andi fyllist ást og von og frið,
 þá aftur hækka tekur blessuð sólin,
 og einkarvel það eiga sýnist við,
 að endurnýja brúðkaupsgleði um jólin.

Við flytjum hvorki ræðu' í öfuga róm
 né rósamál, sem fjöldinn skilur eigi,
 en knýtum okkar kærust óskablóm
 í krans á ykkar silfurbrúðkaupsdegi.

Á samleið ykkar árin tuttugu' og fimm
 í ýmsum myndum birtist lífsins hagar.

Var stundum kalt og stundum molla dimm,
en stundum líka hjartur sólskinsdagur.

Því tilveran er hamaskiptum háð,
og hrjóstrin mörg á löngum æflvegi.
Þeir eru ei margir, glögt ef að er gáð,
sem gleðisólin vermdi' á hverjum degi.

En þrátt fyrir alt og alt þið hafið þó
í eining kept og náð að markstað sönnnum;
því þjóð í hagin betur en inn þjó
en börnin sín að gera' að lýtum mönnum.

Og þetta hlutverk þakka ykkur má.
En þungt er oft að velta skylduhjóli.
Þið ættuð nú að njóta hvíldar fá
við nálægð vina' í eigin húsaskjóli.

Það er svo gott að eiga bústað sér;
með aldri þetta finnur sérhver maður,
þá hugarþrek og heilsa bila fer,
að heimilið er lífsins gríðastaður.

Það er svo ljúft við lokið dagsverkið
þar lúinn fá að kasta mæði sinni,
með hugarró og hjartans inn í frið
að horfa' á móti síðstu landi.

Þó döggin hrimgist, dafnað getur rós,
og dimm ei verður ellin þeim, er biður,
ef kærleiks drottinn kveikir himnesk ljós,
þá kvölda tekur og á daginn liður.

Og sú er einlæg ósk vor, hjónin kær!
 þó æfisólin lækki göngu sína,
 á hærur ykkar hér sem röðull skær
 að himíns náð og blessun megi skína.

Kveðjustef.

Hve margbreytt hugsun hreyfir sér
 frá hjörtum veikra manna,
 þá hjartkært barn að heiman fer
 úr húsum foreldranna.
 Þið kæru hjón, sem klökk í lund
 nú kveðjið dóttur blíða,
 þið skynjið vel, að skilnaðs-stund
 er sköpun nýrra tíða.

Því þegar fuglinn fleygur er,
 hann fleytir vængjum hröðum,
 og flýgur burt og byggja fer
 sér ból á nýjum stöðum.
 Því verið glöð, þó dóttir dýr
 nú dragi burt og kveðji;
 að viss sé hennar vegur nýr,
 í þessum þessum gleðji.

En, vina! þú sem varst oss nær
 og vanst í flokki miðjum,
 vér kveðjum þig, sem færast fjær,
 og feginshugar biðjum,

að farsældin þér falli í skaut
með friðarljósið skæra.
Æ far nú vel ófarna braut,
vor félagssystir kæra!

Við lát Magnúsar Brynjólfssonar.

Hve ótrúlegt fanst mér það áðan,
þá ómurleg fregnin
mælt var í munklökkum rómi:
Hann Magnús er dáinn.

Í gær varstu glaður með vinum
og gekst fram til starfa.
Í dag ertu dauðans á örmum
til dulheima borinn.

Sannlega' er sviplegt, þá hverfur
á svipstundu lífið.
Og sólmyrkvi' er hastarleg hending
um hásumardaginn.

Og sízt er að undra, þu andvarp
frá ástvina brjósti
stigi, þá dauðafregn dynur
hins dýrasta' og bezta.

En svona var sagan hin gamla,
og svona' er hin nýja.
Þú horfinn ert, höfðinginn glæsti;
en hver fyllir skarðið?

Hvort mun nú þinn eygja fá andi
 þá eilífðarströndu
 handan við hafð, sem vonin
 í hillingum litur?

Hvort munu þér rúnir þær ráðnar,
 er ritaðar sástu
 hvervetna' í lögbókum lífsins
 og last, en ei skildir?

Þá gátu vér getum ei ráðið,
 en gízkum og spáum.
 Eltt vitum við: Óháður enginn
 er allsherjar lögum.

Og annað er víst, sem við vitum
 til vegs hinum dána,
 að lífsstarfið mannsins hins mæta
 í minningu lífir.

Og þú varst sá maðurinn mæti,
 sá málsvarinn rétti
 og fulltrúi frelsis og drengskaps
 í freistingastöðu.

Þér fullnægði ágízkun engin
 í ákærumálum,
 í öllu það sanna, því sanna
 þú sannlega vildir.

Hvar sannleikurinn má sin mest
 í mannsins sál,
 þar ormur sá ei fær sig fest,
 sem frjóvgar tál,

og alt, sem hlýtt er, hreint og bezt
er hjartans mál.
Hið skærasta ljós í lyndisranni manns
er ljósið sannleikans.

Pú fremur kaust frægðina' að láta
en fórna því rétta,
og sættast á sökina heldur
en sakleysið liði.

Hvar réttlætinu veitt er völd
í vitsins dóm,
þar verða refsins ráðin köld
sem ryk og hjóm,
en gjörvöll rök og gögn þar töld
og gerðin fróm.
Hið göfgasta vitni' af vitnum öllum þar
er vitnið mannúðar.

Og ljúfur í viðmóti varstu,
því viðkvæm var lundin;
þitt eðli var alúð og hlýleik
jafnt öllum að sýna.

Hvar alúð sönn í geði grær,
sú guðsjurt frjó,
þar illstrá vaxið ekkert fær,
en ilmgrös nóg,
er viðkvæmninnar vordögg þvær
og veitir ró.

Hið sætasta blóm í brjósti sérhvers manns
er blómið hlýleikans.

Og ástsældir hlauztu, því ætíð
varst ástrikur sjálfur.
Við alt, sem var ástblítt og gólugt,
þú ást þína festir.

Hvar ást og blíða' og segurð fá
að faðmast milt,
þar óeðlisins Grýla grá
ei getur spílt;
en lífsins arni logar á
svo ljúft og stílt.
Hin segursta mynd af myndum hugarranns
er myndin háleikans.

Og hátt barstu höfuðið vitra
á höfðingja mótum;
en sæirðu vesaling sýtu,
at samhygð það drúpti.

Hvar miskunnsemi í brjósti býr,
at bliðu gljúp,
þar leikur andblær himinhlýr
um hugardjúp,
og lífs hver klæðist limteinn nýr
í ljóssins hjúp.
Hin bjartasta sól á sálarhimni manns
er sólin kærleikans.

Og aldrei þú sagnskrumi sintir
né sjónaukum fölskum.
Ei raskað fékk rósemi þinni
neitt ritningagjálfur.

Hvar rósemd hugljúf hjarta manns
á höndum ber,
og friðarenglar friviljans
hvar fylkja sér,
þar ljúfar vonir leika dans
sem ljóssins her.
Hin dýrasta von af vonum öllum þar
mun vonin eilíðar.

Þú horfinn ert sjónum. Ei hlítir
að harma þig látinn.
Vér getum ei Baldur hinn góða
þó grátið úr helju.

En þökk tyrir lífið, sem lífiðir
þins lands þjóð til sóma,
til ánægju' og arðs þínum vinum
og ástmennum gleði.

Lárus Thorarensen.

Hinn vorelski söngljóða svanurinn snjall,
er svífvængi pandi,
sér fest hafði ból og til framtíðar kall
í framandi landi.

En frumflur til sjúkdóms í brjóstinu bar
frá bernskunnar dögum,
sem margfalt og óðsluga æxludust þar
í erlendum högum.

Hann ljóðaði' og söng og að siðbótum vann
und sannleikans merki,
unz dauðann í æðum og afltaugum fann
að eyðingar verki.

Til föðurlands áttaga flugið tók þá
með feigðrún á hvarmi,
í huganum vonina' og heimfarar þrá,
en helör í barmi.

Sú þráin var síðasta heimslöngun hans,
sem hugstraumar teygja,
þar heima' upp að brjóstum síns hjartkæra lands
að hallast — og deyja.

Því helpreyttu barninu' er harmkvæla fró
sá hugljúfi beður,
þar náttúran viðkvæmt í vörnætur ró
sín »væðarljóð kveður«.

En heljarnorn ferleg með fleynu var
 á ferð yfir víði,
 og lifð og dauðinn sig þrautreyndu þar
 í þögulu stríði.

En maðurinn veiki loks vörnina' upp gaf
 og vonblíðan anda;
 á leiðinni dó, þegar hálsótt var haf
 til heimalands stranda.

Hans líkinu bylt var í blákaldan nær
 sem biluðu kerl,
 en frumeðlið andans, sem ólamað var,
 til ellifðar sneri,

Þar leið inn í andgíftar áframhalds-straum
 í alvirkju djúpi.
 Hvort vakna mun jarðlífs af vanmáttardraum
 í veruleiks hjúpi?

Hvort mun hann þar ljóðskálda leiddur að bekk,
 sem ljósrúnin gyllir?
 Hvort nemur hann himinljóð huganum þekk
 og hörpuna stillir?

Þar »já« segir trúin, en trúleysið »nei«,
 — hér tvískift er sögum —
 en skynsemin efar, því skýring fæst ei
 á sköpunarlögum.

Um sjálfsvitund aftur hvers andvana manns
 er efasamt, bræður!
 En eitt er samt vist, það er, afdrifum hans
 að almættið ræður.

Og annað er víst, ef að eðlis hver þrá
 þar óbreytt sín nýtur,
 að andinn hans Lárusar listinni hjá
 sitt lífskallið hlýtur.

(Og ef að lífsbylgjur um eilífðar mar
 til ódauðleiks bera,
 hans gófuga sál verður gróðursett þar,
 sem gott er að vera.

— — —

Ó, Ísland! Þér hörd reynast hefnorna slög
 — þau hlífa' elgi neinu —
 hér ljóðskáldið eitt og þinn mætasta mög
 þú mistir í einu.

Þér vestanblær ástvinar andlátsfregn bar
 með ylskúra tárur,
 en síðasta kveðjan hans sungin þér var
 af sogandi bárum.

En minningin hans, sem þér himinlög söng
 með hugnæmum ómum,
 hún berst þér um sumarins ljósdægur löng
 í lifandi hljómunum.

Þú heyrir hans ljóðin í lækjarins nið
 og laufanna blaki,
 og söng hans í lóunnar sætróma klið
 og svannanna kvaki.

— — —

Pó Lárus sé dáinn, hann lifir hjá þjóð
í listinni spakri.
Hans hugsanir frjóvgast sem frækornin góð
í framtíðar akri.

Arni Sveinbjörnsson
frá Oddstöðum.

Foringinn snjalli' í fríða dalnum,
form sem karlmenskunnar bar,
liggur fallinn lágt í valnum.
Lýkur allra sögu þar.

Vængjaslátts ef veikjast fjaðrir,
verður brátt á flugi töf.
Preyttur máttir eins og aðrir
eiga náttstað þinn í Gröf.

Orðróm þinn að endurnýja
eitthvað finn eg sem mig knýr.
Við þig kynning hafði hlýja;
hennar minning stendur skýr.

Hugsun glæðir göfgum kynnast.
Góðu sæði' ei verður spilt.
Þin í kvæðamáli minnast
mér er bæði ljúft og skylt.

Ást á þjóð og ættjörð þinni
andans sjóð þér dýran bjó.

Hetjumóður hló i sinni.
Hjartað góða' i brjósti sló.

Pú varst alinn upp við svala
andrúms-sala loftið nóg,
þar sem daladís við smala
draumblið hjalar vors i ró.

Unglingarnir oft sér blanda
unaðskjarna-lyfin þar.
Nautnargjarn varst, og i anda
ástarbarn og segurðar.

Oft um friðu fjöllin gekstu,
frjáls hvar liður blær um kinn;
þar i hliða faðmi fékstu
fyrst hugprýði' og manndóm þinn.

Sagnaleturs ljóð i tómi
lastu vetrarkvöldum á.
Peirra metið gull frá grómi
gastu betur flestum þá.

Goðumbornu fólksins finna
frumdáð skorna lastaher,
og alla fornu feðra þinna
frægðina horfna gramdist þér.

Hreystiverk án drengskapsdáða
dæmdir hvorki mæt né svinn.
Gretti sterka' og Gunnar — báða
grófst sem merki' á skjöldinn þinn.

Á ef leiztu leiki manna,
lá við kreistur beiddu' um grið.
Fáir treystust krafta kanna
knáa breystimanninn við.

Áttir gæða æ helmkynni
undir hæð á móti sól.
Par var bæði' úti' og inni
ylur, næði, birta og skjól.

Ætíð léztu beinan bezta
boðinn gesti' úr virarmund.
Pegar flesta fékstu hresta,
fanst þér mesta gleðistund.

Margir brátt þér veittust vinir.
Vinsemd þrátt í kærleik snýst.
Peir, sem máttu minna' en hinir,
meðtak áttu hjá þér vist.

Hverjum gjalda hlut margfaldan
hlaut þín valda manndómsást.
Öðrum taldir timann sjaldan.
Trygð þín aldrei vinum brást.

Kænska, blekking, kaupa' og selja
»kött í sekk« ei þín var list.
Fljótur ekki vin að velja,
vildir þekkja manninn fyrst.

Auðhamingja' á æfivagi
oft er ring hins göfga manns.

Fulla pyngju áttir eigi
eða dyngju' í bönkum lands.

Pó þér yrði' ei auðið gildum
um þig girða fjárens krans,
af félagsbyrði' og bygðarskyldum
barst mörg virði nurlarans.

Þú ert genginn, góður drengur!
Gröfin fengið hefir sátt.
Heims á vengi lífsins lengur
lítur enginn blómið þitt.

Líf er mikið líkt — ef gáum —
ljósi', er þykir brenna fljótt,
eða kvikmynd, er vér sjáum
augnablik, en hverfur skjótt.

Spurnarþrá sú hugann heftir:
Hver var sá er lifði' og vann?
þegar sjáum ekkert eftir
annað en dáiinn líkamann.

Á hvern hátt sér efnið breytti
í samdráttar verkahring?
Hvaða máttur honum veitti
hjartaslátt og tilfinning?

Lífs frá grunni leiddur kraftur
lofts okunnum bylgjum af,
sem er runninn út í aftur
alverunnar meginhaf?

Eyjólfur Magnússon

(Ljóstollur).

Frændi sæll! Eg fékk í dag
fregn, að þú sért dáinn.
Senn er komið sólarlag.
Sé eg út í bláinn.

Langt í burt til baka sýn
birtist mínum anda.
Lífsins ferða forlög þín
fyrir mér opin standa.

Ungur förstu út í heim,
æsku vonum hlaðinn.
Óðar týndir öllum þeim;
aðrar komu í staðinn.

Alt á ferð og flugi var
fyrir sjónum glöðum.
Oft eru leiðir óhreinar
upp að þroskastöðum.

Enginn varnarorð þér gaf,
eða vinur fylgdi;
eiturblóma bikar af
bergðir meira' en skyldi.

Spiltur vani spjátrungsgjarn
spilti þínum öflum.
Viltra nautna varstu barn,
viltist því með köflum.

Pegar komst i sukk og svall
sjálgáts veiktist kraftur;
mörg þér lívefsnishnúta skall;
hnútu sendirðu' aftur.

Léttur i spori' og þanka þauzt
þey lífs undan stinum,
hófseminnar helgi brauzt
hundrað þúsund síanum.

Lífs-kjölfargs varst ætíð án;
ár þess hætt er fleyi.
Það, sem kalla lýðir lán,
lánað var þér eigi.

Ánægjan þér aldrei brást,
arfur snauðra bezt.
Utan á þér aldrei sást
annað vegaesti.

Margan háttinn kvaðstu kátt,
kátt því lyndi þarstu.
Loks þó dátt varð geðið grátt,
grátt því leikinn varstu.

Mörgum beindir braut af stað
barns ósleygum anda.
Smátt þó virti þjóðin það;
þótti á litlu standa.

Hennar vilja hallröng met
hnitmiðunum týna.
Ílla vegna löngum lét
ljóstollana sína.

Pönglabökkum þjóðlífs frá
þú hefir tekið feginn
síðsta stökk, og stigið á
ströndina hinumegin.

Pótt þú mjór til menningar
maura virtist sálum,
hver veit nema þú sért þar
þyngri' á metaskálum?

Eftir dauðann ólánsmann
oddborgarar segja:
»Enga köllun átti hann
aðra en lifa' og deyja«.

Um það mæla minst er bezt.
Má þó ekki dylja:
Þeir, sem klifa á köllun mest,
köllun ekki skilja.

Sigurður póstur.

Hreystilundar-kappinn knár,
knútum bundinn sára,
loksins blundar nýtur — nár,
næstum hundrað ára.

Eftir harðan heimslífs þey,
hugans arði' er svifti,

Dauðinn varð þér annað ei
en bújarðaskifti.

Hetja varstu hinzt og fyrst.
Hug ei brast að stríða.
Vel þig barst, og varaðist
vandræðast og kvíða.

»Um að gera, ekkert hyk«,
orð þitt heróps lifir.
Trúr að vera, stefna strik
strauminn þveran yfir.

Árla' og síð var orðtak þitt:
Aldrei stríða hálfur;
skyldum hlýða; hverjum sitt,
heldur líða sjálfur.

Þá varst póstur, pung fangbrögð
preyttir og róstur harðar
við harðbrjósta veðrallögð
vorrar fósturjarðar.

Reynir á lýða ró og prótt,
ráð, hugprýði og snilli,
í blindhriðarbyl um nótt
bygða ríða milli.

Mót þá sporlaust myrkrið gín,
má ei forsjá bresta.
Ferða voru vopnin þín
vilji, þor og festa.

Aldrei skæðan beyg þér hjó
braut að þræða sanna

gamla hræðan »um og ó«
ósjálfstæðismanna.

Ekkert þjark um afturkast,
en með kjarklund þétlu
»láta slarka« og fylgja fast
fram að marki settu,

Aldrei fet að fara á svig,
fárs þó hvetji stundin.
Hvergi betur sýnir sig,
sanna hetjulundin.

Þín eru búin heimsverk hörð;
hvíld er nú og friður.
Ferðalúinn lágt í jörð
lagstur þú ert niður.

Góða nótt! Til hærri hags,
hetjan þróttarstinna!
Sofðu rótt, og dýrðardags
drauma njóttu þinna.

Þorsteinn Magnússon.

Þú fæddist eigi' á frelsistíð,
né félagsskaparöld;
því dádahvöt hjá deigum lýð
var döfin enn og köld.
Ef nokkur einn af öðrum bar
að eðlishyggjumód,

það innifalið i því var,
að eiga í kistu sjóð.

Hve erfitt fyrir unggræðing
er eigi' að herða prótt,
þar eyðimörk er alt í kring
og yfir pokunótt!
Í brunahrauni bygðum ljær
þó bjarkir rótum ná;
en oftast strjalar eru þær,
og ei sin notið fá.

Að halda fast við fornan sið
hver faðir kendi mög.
En hug þinn fjötrað fortíð við
ei fengu vanans lög.
Á frjálsri rannsókn festir trú,
því frelsiseðli barst,
og hverja nýta nýjung þú
að nema fljótur varst.

Þeir meintu' að enginn maður þá
af mentun gæti nærst;
en sigg í lófa' og sviti á brá
var sæmdarmerki stærst.
Þeim hætti varst að hlíta þú,
er heimtu tíðar boð.
Svo reistir traust á bjargi þú
sem bóndi og félagsstoð.

Í n lífs var ekki lukkan blind,
til liðs þér hafði rétt
þá fremstu kvenna fyrirmynd,
sem finst í bændastétt.

Hún fylgdi þér með ást og önd,
hún öll þín studdi ráð,
og var þín önnur hægri hönd
í hverri rausn og dáð.

Þitt hús æ opið öllum stóð;
því enginn frami hjá gekk.
Hver gestur, sem að garði tróð,
þar greiða beztan lékk,
hinn hrakti klæðin þur og þykk,
hinn þreytti hvíld og ró,
hinn þyrsti sætan svaladrykk,
hinn svangi næring, fró.

Oft til þín margur maður gekk,
sem miður forsjáll var,
er ráðleggingu' og fjárhjálp fékk,
sem frá þér glaður bar.
Í sveitamálum niest og bezt
þín mátti spakleg dáð;
með hægð og viljafestu flest
þín framgang höfðu ráð.

Og hamingjan þeim hliðstæð er,
sem hefir fest við trygð.
Þér bújörð gaf, sem gróður ber
í glæstri fjallabygð.
Og þú fórst vel með góðan grip,
alt gagn lézt henni veitt.
Hún misti ei neitt af sínum svip,
þó síðum væri breytt.

Þitt óðal sýnir öllum vel,
hve iðin mund er hög,

að blómgrund geri? beran mel
 og blásin moldarflög,
 að engi' — und hjöllum — rotna rót
 og rásaföllin grá,
 það vitnar öll þín búnaðsbót
 þeim blómsturvöllum á.

Þó hafð manndómshjarta þitt
 nú hætt og slái' ei meir,
 og höndin endað hlutverk sitt,
 þín helg ei minning deyr,
 á meðan hríska' í hrauni grær
 og hrynur áin köld,
 og fellið kyssir blíður blær
 um broshýrt sumarkvöld.

Björn Guðmundsson.

Á, vinur! Margóft hörnulegt vill henda
 um heimsins skeið.
 Að svona skyldi ómurlega enda
 þín æfileið!

En mannleg úti' í æstum hriðavindum
 er orkan veik.
 Eg hljóður les í lugans skuggamyndum
 þinn harmaleik.

Í brunagaddi brott frá nálægð manna
 og bæjaryl
 að halda út á hafð sléttra fanna
 er hættuspil.

Á hjarnsins auðn, í frosti' og snjóafergi,
 með fjörið svekt,
 að fara vílt og víta mann hjálp hvergi
 er voðalegt.

Í órvæntingar angist kné sin beygja
 — svo uppgellinn —
 og þannig vera dæmdur til að deyja,
 ó, drottinn minn!

Já, svoddan ástand síðast veikra manna
 eg sárast tei,
 og fá þá einu fróun hörmunganna,
 að frjósa' í hei.

Þá löngu nótt þú líða máttir þetta
 og foksins deyð.
 Mann hryllir við í huga slíkt að fréttu.
 Ó, hvílik nevð!

Nú hverfa burtu hugarsjónir minar
 af heljarnótt.
 Í fjariægð eyðast andlátsstunur þinar,
 og allt er hljótt.

Nú hættuferðir þinar eru protnar
 um þiljusnjó.
 Nú ertu þar sem dularfriður drotnar
 í djúpri ró.

Í anda vinir sjá þig eigi' að síður,
 þó sértu fjær.
 Þér góða nótt nú beygður faðir býður
 og bróðir kær.

Jósefat Bjarnason.

Minningarljóð.

Við kyntumst stutt, en kyntumst vel.
 Að kynnast þér var gróði;
 því gáfur, festu' og göfgi' eg tel
 sem gull í andans sjóði.
 Þá eiginleika áttir þú;
 á öllu sönnu festir trú;
 og meira' en ljúft því mér er nú
 að minnast þín í ljóði.

Þú lagðir út á lífsins mar,
 að leita gæfu pinnar.
 Þitt fleyið viljabyrinn bar
 á bylgjum vonarinnar;
 en gleðin stóð í stafni frið,
 við stýrið hjartanslöngun blíð,
 er beint af augum beitti um hrið:
 það barst svo leiðar sinnar.

En hættur stórar eru á
 því ógagnsæja djúpi,
 og illdýr mörg, sem enginn sá,
 þess undir spegilhjúpi,
 er lama rætur lífs og mátt.
 Það lítil furða sýnist þrátt,
 hvar duldir vargar dvelja lágt,
 þó dauður margur krjúpi.

Og þú varst ungur þeim að bráð
 — ei þyrmir dauðinn neinum —

því fyr en marki fékstu náð,
 þú félst í sjúkdómismeinum.
 Hver getur talið þrautir þær,
 er þola hlaut, og getið nær,
 í sjúkraklefa sínum fjær
 því »segir fátt af einum«.

En þitt er virtist protið skeið,
 og þjáning aflið hrjáði,
 til móðurhúsa heim á leið
 að halda viljinn þráði.
 Þú vildir kæra vini sjá,
 og vonin hugrökk sagði já,
 þó dauðanornin dómspjöld á
 sitt dularletur skráði.

Og heimfýsinnar hjartansprá
 loks hafði meira' að segja.
 Und móðurvernd þig lýsti' að fá
 þitt feigðarstrið að heyja,
 sem helsár fuglinn flugi á
 vill feginn æskustöðum ná;
 því ástvinunum heima hjá
 er hugléttara' að deyja.

Þú náðir heim, þig hugur bar
 tí' hálfs og krafta léði;
 þá hressing fékst og hjúkrun þar,
 sem hugljúfust er geði.
 Hve sælt að hitta hópinn sinn,
 að heyra orðið »velkominn«,
 að mega hvíla' í síðsta sinn
 á sínum eigin beði,

Par bernskuminning mild í ró
 um munarheima liður,
 er veikum huga færir fró
 sem friðar andblær þýður,
 og móðuraugað ástarrikt
 með v! fær hrylling dauðans mykt,
 og viðkvæmt málið vakir líkt
 og væðarhreimur bliður.

Nú eru lokuð augun þín.
 Svo enda sérhvað tekur.
 Af frostum ofið fannalín
 þitt fletið myrka þekur.
 Eg veit þú sefur vært og rótt.
 Hvað vitrast þér í draumi hljótt
 eg get ei sagt. En góða nótt!
 Þig glaumur enginn vekur.

Katrin B. Bjarnadóttir.

Undir nafni móðurinnar.

Min hjartakæra dóttir horfin, dáiñ!
 Nú dylst mér ei, þig leiddi móðurþráin
 úr fjarlægð hingað heim til min að deyja —
 að hvíla þig, er alt eins rétt að segja.

Eg veit þú sást að svona mundi fara,
 þó segðir þá: »Mig hvíla vil eg bara«.
 Þín viðkvæm lundin vakti' um hugró mína;
 þú vildir ekki hryggja móður þína.

Pú last þinn eiginn kalda dauðadóminn,
 þá dýrðleg tóku að fölna sumarblómin,
 og líksöng heyrðir hjarta þíns í leynum,
 þá haustsins kylja þaut í skógargreinum.

En feigðarrún á rósablöðum fölum
 og rymur storma hausts á aftni svölum
 fékk ekkert haggð hugarrósemd þinni.
 Ei hræðist sá, er fagnar eilífðinni.

Oft séð þú hafðir sól til viðar ganga,
 þá svifu ský um hjartan geislavanga,
 með nýjum yl og nýjum glansa þveginn,
 á næsta morgni rísa' upp hinumegin.

Oft sástu' á hausti sóley fagra deyja,
 frá sömu rót um næsta vor sig teygja;
 þá lærðir trúarlögmál vona þinna,
 að lífsframþróun dauðinn sé að vinna.

Svo hátt og langt sem hugur flogið getur,
 og himinrúmsins birtist geislaletur,
 og niðri djúpt í dölum jarðar lágu
 sázt drottins verk í öllu, stóru' og smáu.

Það trúin var, sem studdi þig að stríða
 og styrk þér veitti sjúkdómsböl að líða.
 Þó geigvæn Hel þinn gangstíg legði snörum,
 þú gekst á móti þeim með bros á vörum.

Og síðast, þegar dugmagn tók að dvína,
 en dauðans boði strauk um fætur þína,

og feigðarkuldinn færðist inn að hjarta,
þér fegurst skein sú leiðarstjarnan hjarta.

Æ, farðu vel á fund þins guðs, mín kæra,
hvar fagurt er, og nóg að sjá og læra.
Þar bráðum mæti' eg barnahópnum minum.
Eg bið að heilsa systkinunum þínum.

Jósefina M. Bjarnadóttir.

Undir nafni móðurinnar.

Hve hífýlin virtust mér hljóðleg og tóni
við helbeð þinn, elskaða meyja!
Eg gat ekki skilið þann skuldheimtudóm,
að skyldir svo fljótt verða' að deyja,

Svo ung og svo blómleg, með bjartsýni þá,
sem beztum er eiginleg konum,
með brennheita fróðleiks og bóklista þrá
og brosandí framtíðarvonum.

Þér djörfung og einlægni' af augunum skein,
sem eðlis er fegursti litur.
Þín lífsskoðun frjáls var sem heiðrikjan hrein,
og hugsunin göfug og vitur.

Sem ljósið þú komst, og sem ljósið þú varst,
sem ljósinu næst vildir standa,
sem ljósið þú dóst og til ljósheima barst
á ljósvængjum himinfleygs anda.

Pó horfin nú sértu, þú hjá mér samt ert.
 Þá hvíli' eg í andleiðslu værri,
 eg heyri þig bert við mitt hjartaslag hvert
 í himinsins blæpyt mér nærri.

Því myndast sú von hefir mönnunum hjá
 — og miljónir tára sem þerði —
 að allar þær sálir, hver aðra sem þrá,
 til eilífðar samgrónar verði.

Sem ljónandi firðboðageislar úr geim
 þær gedrúnir huggun mér færa.
 Eg finn bæði' og sé þig í þýðingum þeim
 og þekki þinn málróminn kæra.

.E, vertu nú sæl, og eg vona þig sjá
 sem verðandi barnið mitt góða
 í skýlausum heimi, þar skyggir ei á
 vor skamnisýnis holdlega móða.

Frú Ragnheiður Hafstein.

Ort undir nafni fermingarsystur.

Þá heyrði' eg lát þitt, ljúfa, tigna kona,
 eg leit í anda forna bernskudaga,
 er kyntumst fyrst á vori bliðra vona,
 þá vakna þrár og byrjar lífsins saga.

Pó mér þú værir meiri' í öllum greinum,
 þú mér bauðst kærleik eins og systir bezta.

Ilvar mannást grær í huga eðlishreinum,
þar hrokinn nær ei sínar rætur festa.

Og huglús varstu vinarhönd að rétta
þeim veslingum, sem aðrir stundum græta;
því ekki minsta mun þú gerðir stétta;
þín meðfædd hvöt var alt að fegra' og bæta.

Við líkt og systur saman stóðum forðum,
þá sórum helga trygð við alheims drottin
og færðum honum, flutt í bænarorðum,
vor fyrstu hugarblómin ófullsprottin.

Þá skiltast lífsins leiðir okkar fundum;
mín lá á bak við andans sjónarhólinn,
en þín til vegs á gróðursælum grundum,
þar «lóðu blóm, og skein í heiði sólin.

Þar bergðir þú á bikar gæfu þinnar,
svo blómleg eins og fögur rós á vorin;
ei gintist þó af glysi drambseminnar.
Þín góða sál var frjáls og himinborin.

Úr mentaflokki fólks vors beztu manna
þér festir svein með helgu kærleiksbandi,
sem tvisvar leiddu tildrög atvikanna
í tignarsætið æðsta' á voru landi.

Það sagt er oft, að séu litil skjólin
og svalt að búa á »hefðar jökultindi«;
en þar sem ljómar ljúfa kærleikssólin
er litil hætta' af »frosti, snjó og vindi«.

Og svo það reyndist, sæla brúður kæra!
Þitt sólglatt bros og hreina göfuglyndi

gat hrímið brætt, því breytt í vordögg tæra,
svo blömskrúð spratt á þínum hefðartindi.

En svo kom dapur dauði', er lífi rænir.
Hans dómi máttir þú sem aðrir hlíta.
Þar duga' ei tár né blíðar vinabænir.
Hann blómi: dýrstu' ei hlífist við að slíta.

Þig syrgja landsins lýðir, stærri og smærri;
í ljóði skáldin orðstir þinn fram bera;
og engri konu heiður veitist hærri
en heillar þjóðar tárur grátin vera.

Þér fjarlæg vina, fortið sem ei gleymir,
sín fellir tár, þó langt frá gröf sé þinni,
og minning þína' í muna hlýjum geymir,
unz mætir aftur þér í eilífðinni.

Helga Andrésdóttir.

Undir nafni systur hennar.

Þig andvana' á miðaldri ástvinir sjá;
þér aldurinn varð ei að meini.
Þá burttekin móðir er hörnunum frá,
er böll sárt, þó allmargir reyni.
En stundum í lífinu stendur svo á,
hvar stunið er þungan í leyni,
að dauðinn er hugkærsti hjálparinn þá
og heimilislæknirinn eini.

Und hliðinni friðu mët hásólarglans
 við hrynjandi móðustraums niðinn,
 þar liljurnar stiga sinn dillandi dans
 við dýrlegan vorfuglakliðinn,
 þú fæddist og ólst upp sem angandi rós
 með æskunnar lífsprótti seigum,
 sem dafnar og blómgastr við dagröðuls ljós
 og drekkur af heiðloftsins veigum.

Þá alt var þér hjart, enga hölskugga sást,
 og bros lék um himinsins vanga.
 Þér virtist öll tilveran uppfyllt af ást
 og æfin sem brúðfararganga.
 Alt lifið þér sýndist sem leiksalatjöld
 i ljósgeisla titrandi bifi.
 Þér fanst eins og ódauðleg ununarvöld
 i árblænum kringum þig svifi.

Í sinui þér vaknaði sælunnar þrá
 við seiðandi niðinn i straumi,
 og sálin þín löngunar eldsvængjum á
 til óskheima flaug sem i draumi,
 þar ástgyðjan situr við sólroðinn tind;
 og sæll er hver hennar sem nýtur.
 En oft er það töfrandi endurskins-mynd,
 sem andinn i hillinum litur.

En þau eru vonbrigði sviplegr og sár
 og sumarlok æskumanns hjarta,
 þá lífsins og framtíðar himininn hár
 er hjúpaður skugganum svarta.
 Og þú, eins og fjölmargir fleiri með þrá
 i farsældarleit hér á jörðu,

fékst að eins í hugdraumi sæluna' að sjá.
Þann sólheim þér nornirnar vörðu.

Þá dapraðist óðum þitt lífsvonaljós,
og léttfleygir hugboðar týndust.
Í hrjósti þér gleðinnar bliknaði rós,
og bleikari stjörnurnar sýndust.
En mörg er sú liljan og meyrósin smá,
er mótvíðrahret hefir lostið,
því hvast er oft skjóllausu heiðunum á
og hættulegt örlagafróstið.

Í sjálfstæðisbaráttu margt er til meins,
en minna til andlegra þarfa,
og skyldurnar margar og áhyggjur eins
með umsvifum daglegra starfa.
Og svo þegar herjar á sjúkdómaböl,
þá svefninn er flúinn um nætur,
og lífið ei orðið er annað en kvöl,
er endirinn fagnaðarsætur.

Til víðar þinn árróðull æskunnar seig
við örlaga hlutskiftin flá.
En margur af hliðsjónum hugfanginn steig
í hættuna veginum hjá.
Og löngum er eitur í ilmsætri veig
og illyrmi blómknöppum á.

Vort líf, það er einskonar áhættuspil;
en andinn er tilraunagjarn.
Úr vonanna dáleiðslu veruleiks til
þá vaknar hið óreynda barn,
oft finnur í kringum sig fjúkandi byl
og fram urdan ömurlegt hjarn.

Það glatt hefir víst þína grátþreyttu lund
 — þó gagnstætt það eðli sé manns —
 þá dauðinn bauðst sjálfur á fornvina fund
 þig flytja til ódáinslands,
 og mega svo taka þér miðdegisblund
 í miskunnarfaðminum hans.

Nú reikarðu' um algrænan eilífðarvöll
 með æskunnar segurð á brá.
 Þar blasa við dýrðarheims dalir og fjöll,
 sem dimmviðrið skyggir ei á.
 Þar bræður og systur og börnin þín öll
 þig brosandi í huganum sjá.

Margrét Þórðardóttir

(G. Olson).

Undir nafni dóttur hennar.

Oss nú horfin ertu, kæra móðir!
 Astvinirnir drúpa sorgarhljóðir.
 Hjartað brostið heita nú er þitt;
 harmi lostið slær í brjósti mitt.

Flestir munu móðurinnar sakna,
 minningarnar þá í brjósti vakna,
 æskunnar frá árum, þegar hrein
 ástin hennar barns á hjartað skein.

Góðrar móður polgeð aldrei preytist,
 pelið milda hennar ekki breytist,
 Börn þó stygðar birti kældahreim,
 breiðir hún opinn faðminn móti þeim.

Máske oft, þá mega aðrir blunda,
mestan partinn sinna hvíldarstunda
vakir hún sem verndarengill hljótt
veiku barni sínu hjá um nótt.

Ekkert sýnir umhyggju' hennar betur,
enginn heldur samantalið getur
tárin, sem að blika á heitri brá,
bænarorðin vörum hennar frá.

Elsku móðir, oss sem duld ert sýnum,
ó, hve góð þú reyndist börnum þínum!
Okkar leiðarljós, sem aldrei brást,
lífs á skeiði var þín móðurást.

Alla þá, sem urðu bál að líða,
aumkaði þín hjartagæzkan bliða;
hún er líka' í huga viðkvæms mæns
himínrödd frá stóli kærleikans.

Fróðleikslöngun lifði þér í huga,
lífs þó kjörin næðu' að yfirbuga.
Þeim, sem hita' og punga dagsins her,
þróun andans fyrirmunuð er.

Öllum listum unnir þú af hjarta;
í þeim fanstu guðdómseðlið hjarta.
Göfug önd í elsku festir sér
alt, sem blítt og gott og tagurt er.

Söngur var þitt sætast stundaryndi.
Söngsins guð þér birtist hljóms á tindi.
Dularfullur helgimáttur hans
hærra lyfti sjón þíns innra manns.

Skarð er fyrir skildi' í þínum ranni,
 skuggsýnt lífið preyttum eiginmanni.
 Tíu börn þér sorgfull eftir sjá,
 sjö þér fagna dýrðar ströndum á.

Himins færðu helgidóm þar skoða,
 hjúpadan í hjartan guddómsroða,
 þar sem alt er æðra' og betra' en hér.
 Elsku móðir! Drottinn sé með þér.

Sigríður A. Halldórsdóttir.

Ört undir nafni ekkjumannsins.

I.

Nú sumar míns lífstíma líðið er hjá
 með ljómandi sólskinið bliða,
 og hjarta míns blómarós hnigin í dá;
 eg heyri til vetrarins kviða
 og flnn eins og hrollnepju hauststormi frá
 um hugann og taugarnar liða.
 Hve löng verður æflinnar langnættisprá?
 Hve langt verður sumars að bíða?

II.

Hve heitt og sárt það sviður hjartataugum,
 að sjá við dauðann þann, sem unnum mest,
 er veikum mænir vona' og bænaraugum
 á vininn þann, sem treystir allra best,
 í þöglri von, sem huga biðji hugur
 um hjálp í neyð með trausti' og kærleiksyl,

að geta' ei veitt, -- ó, guð minn almiðttugur!
er grátkvöl annars nokkur þyngri til?

Við helsæng þína, hjartans vinnu bliða!
á harmastund, sem enginn lýsa má,
þú ægiróninn raun eg varð að líða,
sem rauna þyngst er lífsins ferðum á.
Eg veit, þú marga raun eg eigi' að reyna
á raunajörð, sem líf mér hefir geymt,
að þessi' er raunin allra mest, og eina,
sem aldrei get úr huga mínum gleymt.

Í kyrðarskugga kaldrar vetrarnætur
minn kvíðafullur hugur leitar þín;
þú hátt og lágt eg hafi' á öllu gætur,
þú hvergi fundið get eg, elskan mín!
En ástin leitar líkt sem ólíklega
að lífs síns rós, sem hefir mist af sýn,
og hjartað veika titrar samt af trega,
þú trúin segi: Hún þér aftur skín.

III.

Einskonar himneskur heilagur andi
heldur um guðseðli mannanna vörð,
oft þú sé lírakinn úr hjartnanna landi,
hvar sem hann dvelur er friður á jörð.
Þú áttir, elskan mín! engilinn þenna,
okkur sem dýrasta fögnuðinn ól.
Ást er í brjóstinu blíðlyndiskvenna
bjartasti geislinn frá kærleikans sól.

Samhygd og alúð þér sköpuð var skylda;
skoðunin göfug, því lundin var hrein;

hlýleikinn birtist í brosinu milda;
 blíðan og gleðin í augum þér skein.
 Rösemin dæðljúf fékk dregið úr kælu,
 dreift burtu skuggum og leiðina stytt.
 Ekki' er að vænta' eftir sífeldri sælu
 í svipbrigðahelmi, var mátturorð þitt.

Þökk fyrir sanfylgd um þroskabraut mína.
 Þökk fyrir hjartað, sem galst mér af ást.
 Þökk fyrir tállausu trygðina þína,
 trygð, sem að aldrei ú leiðinni brást.
 Þökk fyrir gleðina, ylinn og yndið,
 umhyggjuræktina' og góðvilja þinn.
 Þökk fyrir elskulegt umburðarlyndið,
 allan sem fyrirgaf breyskleika minn.

Harm skal eg stilla og horta fram lengra.
 Hverfur ei ástin í grafardjúps pró.
 Þar sem að kennirðu angista engra
 áttu nú henna; það veitir mér ró.
 Nú færðu skýrðan á lífsspekislandi
 leyndardóm sannleikans; það er min trú.
 Veit eg svo góður og gleðitrjáls andi
 gleðinnar englum er samtíða nú.

Mun eg um ókomnar andvökunætur
 ast þína' í huganum skemta mér við.
 Vökvandi dögg þegar vornóttin grætur,
 vonarljúf börnin þig dreyma' um í frið.
 Móðir þín aldin í minningu hreina
 mynd þína geymir, unz lífs hnigur sól.
 Vertu nú blessuð, mín ástvinan eina!
 Eilífðar drottinn sé ljós þitt og skjól.

IV.

Þó sumar míns lífstíma liðið sé hjá
 með ljómandi sólskinið þýða,
 þó hjarta míns blómrós sé hnigin í dá,
 þó heyri' eg til vetrarins kviða,
 eg veit, eftir lífsstorma langnættis þrá
 að loks kemur sumarið blíða,
 þá liljuna mína fæ lifandi' að sjá.
 Og langt er ei vorsins að biða.

Sigurður Jakobsson.

Undir nafni sonarsonar hans.

Burtliðinn elskaði af!
 Eins er og mist að eg hafi
 staf, sem eg studdi mig við.
 Meðan eg fíráður, feiminn
 fálmaði' og þekti' ekki heiminn,
 varstu mér hirðir við hlið.

Marga þá sögu mér sagðir,
 samtímis heilræði lagðir,
 reyndur og ráðinn því varst;
 vísaðir veginn til bóta,
 vildurðu láta mig njóta
 reynslu, frá horði sem barst.

Lit eg á líf þitt til baka,
 ljúfar því minningar vaka
 fortíðar árunum frá,

meðan að dvaldir í dölum,
draumlands þíns blómskreyttu sölum,
hádegi æfinnar á.

Lífð sem leikdis þá var þér,
ljúfustu sólveigar bar þér,
brosandi bauð þér í dans.
Meðan að vonirnar vagga
viljanuni, ekkert má haggja
lífsró hins lundglaða manns.

Létt þó að lífð sé tekið,
lamast og smá-eyðist prekið,
lengra sem líður á dag.
Erfiði og áhyggjutiðir,
ellin og sjúkdómar stríðir
heyja sinn helviðraslag.

Mannlífð mældi við þínar
margbreyttu hliðarnar sínar,
niður ef prýst gæti þér.
En þínar einkunnir góðu
árásir nornanna stóðu;
sæll er hver sjálfan sig ver.

Lokið er ferðinni löngu,
lífsins á preytandi göngu
fagnandi horfðirðu heim.
Leiðbeina langferðamanni
ljósín í fœðursins ranni,
myrkur þó grúfi' yfir geim.

Ky ' er í helnætur húmi;
hljóðlausu grafar í rúmi

hvilir nú höfuðið preytt.
 Elfur faðmar þig friður;
 fjarlægur tímans er niður,
 raskar ei ró þinni neitt.

Kveður þig ástfólk þitt kæra.
 Konan og börnin þér færa
 hugljúfa, hjartgróna þökk.
 Fyrir alt fyrst bæði og síðast,
 fylgdina' og samlífið þýðast
 í huga við kyssum þig klökk.

Magnús Magnússon

frá Lykkju á Kjalarnesi, d. 5. marz 1913.

Kveðja frá tveimur systurum hans í Winnipeg,
 er heimsóttu hann árið 1911.

Hve helför þína brátt að bar,
 vor bróðir dýr! Það svíplegt var,
 að ganga heill að heiman sporin,
 en heim svo aftur dáinn borinn.

Það hefir verið harmkvöl sár,
 sem heftir stundum gervöll tár,
 er ástvinirnir innra liðu,
 sem eftir þinni komu biðu.

Þeir hugboð neitt ei höfðu' um það,
 þið heima þegar skildust að,
 þú héldir þá frá hópnum vina
 í hina síðstu langferðina.

Pins dauða fylgja fræm þó brauzt
sem feigðarboði storms í raust,
En dulmál engin skapa skilur,
því skýring þeirra duftið hylur.

Alt tilviljun slikt talið er,
sem taka eigi mark á ber.
Þó undarlegt er margt, og meira
en mannsins skilur sjón og eyra.

Hve fáu nær vor innsjón að.
Við engan höfðum grun um það,
er hinztá sinn þig sáum, kæri!
að svona nærri dauðinn væri.

Þó öll við kennum óvin þann
og alloft nærri sjáum hann,
vér treystum æ á áframhaldið,
að enn þá dragist síðsta gjaldið.

Á annan veg þó oft það fer,
því, eins og löngum sjáum vér,
á meðan sólin skín sem skærast,
er skugginn ódum nær að færast.

Pitt svíplegt andlát sárt oss skar;
en samt það harmafróun var,
að langt ei þurftir helstrið heyja,
í himins augsýn fékst að deyja.

Hve sælt að mega sofna fljótt,
þá syrtir að hin dimma nótt,
og friðarsæla drauma dreyma
í dýrðarlöndum vonarheima.

Ó, bróðir sæll! Þig harma hljóð
þín hjartans vina' og börnin góð,
þín systkin öll, þín sveitin friða,
og samfylgd þakka, langa og blíða.

Því góð er samfylgd göfugs manns
á göngu lífsins vinum hans.
Eft stilt er, glöð og staðföst lundin,
það stýttir leið og brúar sundin.

Þú varst oss öllum vinur sá,
er vék ei rétttri stefnu frá.
Þitt bygðarfélag starffús studdir
og steini' úr götu mörgum ruddir.

Sú minning leifð, sem mest er bygd
á mannkostum og hreinni dygð,
í dauða' er gróði drýgsti' og bezti
og dýrlegt himins veganesti.

Þinn andi brott til blíðheims sveif,
en beinin þín, sem dauðinn þreif,
nú hvíla milli fjalls og fjarðar
í faðmi þinnar móðurjarðar.

Með vorsins blæ um hafid heim
vor hugur berst að stöðum þeim.
Hann fanginn til sin fjallið dregur
og fjörðurinn blár og tignarlegur.

Í vorum hug sú vaknar þrá
þeim vökudrauma-ferðum á,
að eiga banabeð í vændum
þér, bróðir, nær og dánun frændum.

Eitt lítið blóm á látins gróf
 ei lagt við getum yfir höf;
 en minning þessi' í ljóðallnum
 er lítill krans frá systrum þínum.

Minningsljóð.

Undir annars nafni.

Um síðir fellur sérhvert tré,
 þó séu traustar rætur;
 því ekkert stent, þó sterkbyggt sé,
 mót stormi heljarnætur.
 Þú, faðir! varst sem hetja hraust
 að hinztu andartaki;
 við feigðarbjarg þitt fleyið brauzt
 með fullrækt líf að baki.

Því sá, er yfir bláhjarn bratt
 sig byrðum ann'ra hleður,
 sinn greiðir lífsins skylduskatt
 og skuldlaus heiminn kveður.
 Á þeirri göngu' ei varstu veill,
 þó væru fannir harðar;
 því hugmark þitt var þjóðar heill
 og þinnar fósturjarðar.

Að félagsmálum vel þú vanst;
 þín voru ráð til bóta,
 svo æskilegast flestum fanst
 þar forsjár þinnar njóta.

Pá marga punga byrði barst
og braut á undan ruddir;
með lifi' og sál þú sjálfur varst
við sérhvert mál, er studdir.

Alt gróðabrall þér fanst um fátt,
sú framkvæmd ekki hlýða,
að safna' auði' á sviðings hátt,
en sjá sinn bróður liða.
Þitt eðli var að gera gott
og gleyma sjálfs þíns högum,
þó heimurinn með hliðarglott
slikt hæði á vorum dögum.

Því oft þú reyndist eina skjól
hins auma' og hjálparsnauda,
og mörgum likn þín umsjá ól
í angist sjúkdóms nauða.
Þó lítilsigldum sýndir lið
og sjúkum batavegi,
þín skyldurækt við skyldulið
var skylda', er gleymdir eigi.

Þín margur veit eg minnist sætt
í munarhlýju sinni,
er hjálpar naut, svo ból var bætt
af bróðurhendi þinni.
Á fræðabraut þó föðurlands
þig forlög vildu ei bera,
að sefa þraut hins sjúka manns
þín sýndist köllun vera.

Það mannvit gefið var þér víst,
sem vann þér bezt í haginn.

Þín höfuðdygð, sem duldast sízt,
 var drenglund ósérplægin.
 Og listaðis bjó hög þér hjá
 með hagleikstökum sínum;
 því hvað sem lagðir léttan á
 það lék í höndum þínum.

Að nautnum hneigðist hugur þinn,
 sem hætt er listamönnum.
 Þér gleðin lagði kinn við kinn
 og kysti' af unað sönnnum.
 Og líka var þér ljóðs kær,
 þó létir smátt á bera;
 hún birtist þér, þó byggi fjær,
 sem brosljúf himinvera.

Við strengjaleik og ljúfan söng
 þinn lyftist andi hrifinn,
 sem væri hátt í hljóðföll ströng
 af huldum krafti þrífinn.
 Sem bjartur svanur brunar fram
 á bláum vatnagárum,
 í vökudraumasælu svam
 þín sál á hljómsins bárum.

Í mistri alda myndin hrein
 sinn missir lit og hverfur;
 eins letrið brátt af bautastein
 á burtu tíminn sverfur;
 og gróðadyngja gullpúkans
 er gleypst af mannlífs iðu;
 en sálargildi' hins göfga manns
 fær geymst í þúsund liðu.

Minn hjartkær faðir,
 þú hetja varst;
 sem hreystimaður
 þinn sjúkleik barst.
 Þú sást ófeiminn
 mót sjálfri Hel
 og sagðir við heiminn :
 Far vell! Far vell!

Eg signi' i anda
 þinn síðsta beð
 um sæinn handan
 og blitt þig kveð.
 Þig læt mig dreyma,
 þó dinu sé Hel,
 til dánarheima.
 Far vell! Far vell!

Minningarljóð.

Min systir kær! Minn angurþrunginn andi
 i endurminning berst til fyrri tíða,
 þá lékum börn und brekkum grænna hliða
 með bernskuvinum, glöð og samfagnandi.

Hve sæl þá vorum, sveipuð ungdómsroða,
 þó sorg og gleði skiftu verkum stundum,
 í æskudrauma dvala róleg undum,
 því dulinn engan hugðum nærri voða.

Við nutum gleði' af náttúrunnar skrauti
við nýheimkomnu vorfuglanna söngva,
um hlutskifti vort hugsun nærðum öngva,
sem hulin framtíð bar í sinu skauti.

Sig börnin seklaus baða' í unaðslindum
með brosin frjáls og æskurjóðar kinnar
og lífið skoða' í skuggsjá vonarinnar,
sem skreytir alt með sínum töframyndum.

En upp þá vakna' af æsku sæludraumi,
og alvörunnar byrjar gangan stríða,
þær fögru myndir fljótast burtu liða
sem fölnað blóm í lífsins ólgustraumi.

Og næðingsstormar naprir taka að hvina,
þá níðingskuldi hjartað unga bitur,
úr friðarskjóli' er hrekjast burtu hlýtur
og horfna finnur dýrðar-Eden sína.

Það kynja' er ei, þó augun fyllist tárur,
og ofþyngt verði hjarta gremislegnu,
þá veigar lífsins verða' að eitri megnu
og vonarósir þyrnibroddum sárur.

Min ljúfa systir! Lífs á æskudegi
í lukkuvon þú heiminn fírst að skoða.
Þér virtist gervalt ást og unun boða;
en — æskan fíráð tálín varast eigi.

Þú farsældina' í fullum mæli þráðir,
sem fylsta' er eðli sérhvers mannlegs anda,
en myrkranornir móti náðu' að standa,
þeim minsta skert af hnossi því ei náðir.

Þvi skjótt upp gengu skaðaveðra hviður,
og skuggar sig úr tímans djúpi hótú.
Hinn gullna vef, sem æskuvonir ófu,
brátt örlög grimm i heiptum slitu niður.

Og harmaprumur eltu þá hver aðra,
sem ægðu þínu veika hjartans inni.
Við sérhvert spor á sorgargöngu þinni
úr sorpi lífs sig teygði banvæn naðra.

Já, furða er ei, þó förlist þol og styrkur,
svo friðlaus vera hrakin lífs á skeiði,
og aldrei sjá neinn sólskinsblett í heiði,
en sífellt böll og kolsvart raunamyrkur.

Þér leiðir viltu líka' i stormi köldum
oft lagðar snörur mitt á götu breiðri.
Þú rænd varst gleði, heilsu, lífi' og heiðri
af hjartalausum skvaldurs-myrkravöldum.

Svo loks í moldu liggur þú nú dáið
og leyst frá heimsins raunafjöturum þungu.
Þær slaðurs-eiturslöngur, sem þig stungu,
nú slafri soltnar kringum bleikan náinn.

Þú náttstað fékst, sem friðsæll er og hljóður.
Nú fellibyljum loksins slotað hefur.
Með bros á vörum bleikum vært nú sefur,
sem barn i faðmi þinnar gömlu móður.

Það hlægir mig, þinn húsfrið enginn brýtur.
Það helzta skjól er gröfn, sem eg þekki;
því heimsins þangað hlátrar berast ekki;
þar hjartað brostna svefnsins væra nýtur.

Eg signi' i anda síðstu lívlu þína,
 mín systir góð! og kveð þig hinztu sinni.
 Ó, heiptir þeim, sem hér víst spiltu þinni,
 en heill þeim fáu', er líkn þér vildu sýna!

— — —

Hve sárt er öllum vonum sviptur vera
 á vegi lífs, þá tapast afl og þor,
 hve þungt er lengi byrði þá að bera,
 sem bætt er á við sérhvert stigið spor,
 það veit ei nokkur nema sá, sem reynir;
 en næsta fáir lesa dagbók hans.
 Frá atvikum ei gröfin heldur greinir,
 sem geymir bein hins þreytta ferðamanns.

Hve misjafnlega' er mælt og raðað niður
 við mannlífsborð, það vekur blóðug tár.
 Á meðan einn fær alt, sem hugur biður,
 er öðrum synjað næstum alls, er þrá'r.
 En lífs og dauða lögmál aldrei breytist;
 að lokum endar sérhvers tímabil;
 og náðargjöfin eina', er öllum veitist,
 er að eins sú, að hætta' að vera til.



RÖÐ KVÆÐANNA.

	Bl.
Ísland	5
Minni Íslands	8
Íslands minni	10
Minni Borgarfjarðar	14
Minni Vesturheims	18
Gímlí	20
Viður um Ísland	22
Heimferð	24
Vorkoma	26
Vorkvöld	27
Vormorgun	28
Vor	29
Við vorkomu	30
Kvöld.	31
Haut.	33
Hautkvöld	37
Elríksjökull.	40
Halley's halastjarna	47
Mín eina	52
Úr sögu	53
Kveðja	53
Hve tíðin er löng.	54
Eg sakna þín	55
Sælustundin	56
Ást í meinum	61
Úr óprentaðri sögu	71
Hin fyrsta ást	73

Meyjaraugun	73
Fanginn	74
Sólin I.	77
Sólin II.. . . .	80
Vornótt í skógi	80
Proski og afturför	81
Sumarósk	82
Nokkrar stuðlaðar stutthendingar	84
Kom þú nú kær	86
Sönggyðjan	86
Sólaruppkoma	87
Til Steingrims Thorsteinssonar	87
Til »Baldurs«	90
Við útkomu ljóðmæla Guðm. Guðmundssonar	91
Sér vængi' á vor andi	91
Póstspjaldavísur	92
Til P. P..	93
Albúms-vísa	94
Til Sigfúsar B. Benediktssonar	94
Til H. P..	95
Upphaf á bréfi	96
Til B. Jónssonar	96
Til H. P..	97
Stökur	98
Nýjárshugleiðingar	99
Til Sveinbjarnar Arnasonar	103
Til Lárusar Guðmundssonar	104
Visur	104
Endir á bréfi	105
Ort undir annars nafni	106
Sjálfsmorðinginn	107
Eilífðarvonin	110
Pegar legg eg augun aftur	111

Is.		Bis.
73	Umbreyting.	112
74	Legst að nótt	115
77	Á hugarsveimi	116
80	Þá hugsa' eg gott.	120
80	Á kvöldin	122
81	Dagdómar um vonina	123
82	Hvað er lífið?	124
84	Heilræði.	125
86	Lánleysinginn	130
86	Heimskudómar	131
87	Skrimslið	132
87	Lýgin	134
90	Hræfuglaþing	135
91	Bátstapinn	137
91	Himnaförin	142
92	Trúarjátning	143
93	Ókindin	146
94	Alt breytist	147
94	Meinskygni	150
95	Trúin rétta	153
96	Ástin	154
96	Óljós þrá	154
97	Sú bezla gjöl	155
98	Ólíkar konur	155
99	Máttur eðlislaganna	155
103	Ójafnt leikið	156
104	Ekki' að furða.	156
104	Langt í land	156
105	Gull-leitin	157
106	Ólögleg lög	157
107	Guðrækni	157
110	Tvírætt	158
111	Dýrkeyptur friður	158

	Bls.
Til of mikils mælst	158
Hitinn í viti	159
Heimspeskismolar	159
Heilræði	160
Leikarinn	160
Ort til vinar	160
Öfund	161
Fram af eyraroddanum	161
Afsökun	162
Heilræði	162
Stæling	163
Letter of pardon	163
Sitt hæfir hverjum	163
Ritdómur	164
Ólöt í Ási	164
Frjálsræði	165
Öfugstreymi	165
Í gremju og gamni	165
Andleg harðindi	166
Vitnin þöglu	166
Ákvörðunarleysi	166
Mannréttindin	167
Vöntun gæða	167
Grafskrift	167
Prestleysi	168
Óhapp	168
Lítið hjá öðru stærra	168
Grafskrift hins ofrika	169
Aldrei of varlega farið	169
Hávaði	169
Niðurpróun	170
Kraftaverk skáldsins	170
Upp og niður	170

	Bls.
1s.	
58	Ættjarðarást 171
59	Pagnarlist 171
59	»Heldur leirugt gef mér gull« 171
60	Nýi búningurinn 172
60	Sárt og sætt 172
60	Kyrsetan 172
61	Næðingur 173
61	Um kosningar 173
62	Örvænting 173
62	Breytileiki 174
63	Bezta hnossið 174
63	Ritningargrein 174
63	Áhrif uppeldisins 175
64	Nýja kynslóðin 175
64	Elln 175
65	Svefninn 176
65	Gullin týnast 176
65	Í legu 177
66	Mætti' eg að eins 178
66	Fuglinn vængbrotni 179
66	Brot úr gamanbréfi til G. H. 182
67	Brúðhjónaminni I. 186
67	Brúðhjónaminni II. 187
67	Samsætiskveðja til Jóhannesar Sveinssonar 189
68	Til nýgifttrar konu 190
68	Silfurbrúðkaupsminni 191
68	Kveðjustef 193
69	Við lát Magnúsar Brynjólfssonar 194
69	Lárus Thorarensen 199
69	Árni Sveinbjörnsson 202
70	Eyjólfur Magnússon 206
70	Sigurður póstur 208
70	Þorsteinn Magnússon 210

	Bls.
Björn Guðmundsson	213
Jósafat Bjarnason	215
Katrín B. Bjarnadóttir	217
Jósefína M. Bjarnadóttir	219
Frú Ragnheiður Hafstein	220
Helga Andrésdóttir	222
Mægrét Þórðardóttir	225
Sigríður A. Halldórsdóttir	227
Sigurður Jakobsson	230
Magnús Magnússon	232
Minningarljóð undir annars nafni	235
Minningarljóð	238

118.

113

115

117

119

220

222

225

227

230

232

235

238

	Bls.
Björn Guðmundsson	213
Jósafat Bjarnason	215
Katrin B. Bjarnadóttir	217
Jósefina M. Bjarnadóttir	219
Frú Ragnheiður Hafstein	220
Helga Andrésdóttir	222
Margrét Þórðardóttir	225
Sigríður A. Halldórsdóttir	227
Sigurður Jakobsson	230
Magnús Magnússon	232
Minningarljóð undir annars nafni	235
Minningarljóð	238

PRENTVILLUR.

Bls. 6:	<i>bláorum f. bálorum</i>
— 49:	<i>hlýða, f. hlýða</i>
— 49:	<i>vér, f. vér.</i>
— 56:	<i>sæll f. sæll</i>
— 208:	<i>daðann f. daðan</i>
— 218:	<i>sást f. sást</i>

318.

13

15

17

19

20

22

25

27

30

32

35

38



